

Greinargerð

*starfshóps um kaup og sölu á vöru og þjónustu
milli landa.*



FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ
Október 2016

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	3
2. Samantekt.....	4
3. Kaup og sala á þjónustu milli landa	6
4. Innflutningur á vörum með lágt verðgildi sem pantaðar eru hingað til lands með rafrænum hætti.....	8
5. Drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um virðisaukaskatt og tollalögum	12
Viðauki I.....	35
Viðauki II.....	40
Viðauki III.....	63

1. Inngangur.

Á árinu 2014 skipaði fjármála- og efnahagsráðherra þriggja manna stýrihóp til að gera tillögur að einfaldara og skilvirkara virðisaukaskatts- og vörugjaldakerfi á Íslandi. Stýrihópnum er ætlað að starfa til loka árs 2016. Í stýrihópnum eiga nú sæti þrír fulltrúar fjármála- og efnahagsráðuneytisins, þau Guðrún Þorleifsdóttir, skrifstofustjóri, Hlynur Ingason, lögfræðingur, og María Jónasdóttir, skrifstofustjóri.

Fyrsta áfanga í starfi stýrihópsins lauk með lagabreytingum sem samþykktar voru á Alþingi í lok árs 2014 og tóku gildi 1. janúar 2015. Með breytingunum var bilið milli almenns og lægra skattþreps virðisaukaskatts minnkað til muna. Samhliða var almenna vörugjaldið fellt niður. Auk þess var virðisaukaskattstofninn breikkaður, einkum hvað varðar fólksflutninga og ferðaþjónustu. Breikkun skattstofnsins kom til framkvæmda 1. janúar 2016.

Annar áfangi endurskoðunar laga um virðisaukaskatt fól í sér nánari útfærslu ákvæða um virðisaukaskattsskyldu ferðaþjónustu og fólksflutninga. Í þeim áfanga var einnig sala áfengis færð í neðra þrep virðisaukaskatts en á móti var áfengisgjaldið sjálft hækkað til að mæta tekjutapi ríkissjóðs við tilfærsluna milli virðisaukaskattsþrepanna. Áfanganum lauk með nokkrum laga- og reglugerðarbreytingum sem samþykktar voru í lok síðasta árs og tóku gildi 1. janúar 2016.

Samkvæmt verkáætlun stýrihópsins lýtur þriðji áfangi vinnunnar að endurskoðun laga og reglugerða um kaup og sölu á vöru og þjónustu milli landa, en undir hann fellur m.a. netverslun. Af því tilefni var í febrúar 2016 skipaður starfshópur sem falið var að vinna að útfærslu frumvarps þar að lútandi og skila til stýrihópsins ásamt greinargerð. Samkvæmt erindisbréfi starfshópsins eru verkefni hans eftirfarandi:

- Endurskoðun ákvæða 12. og 35. gr. laga um virðisaukaskatt um kaup og sölu á rafrænni þjónustu milli landa, þar á meðal netverslun.
- Endurskoðun reglugerða um virðisaukaskatt er varða kaup og sölu á vöru og þjónustu til og frá útlöndum, einkum reglugerðar nr. 194/1990, um virðisaukaskatt af þjónustu fyrir erlenda aðila og af aðkeyptri þjónustu erlendis frá og reglugerðar nr. 288/1995 um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra fyrirtækja.
- Að leggja mat á hvort þörf væri á breytingum á lögum og reglum um póstverslun, einkum hvað varðar innflutning á vörum með lágt verðgildi sem pantaðar eru með rafrænum hætti hingað til lands.

Í starfshópnum eiga sæti Hlynur Ingason, lögfræðingur og formaður starfshópsins, Benedikt S. Benediktsson, lögfræðingur, Elín Guðjónsdóttir, hagfræðingur, og Íris Hannah Atladóttir, hagfræðingur, öll starfsmenn fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Guðni Ólafsson, fjármálastjóri embættis tollstjóra og Óskar H. Albertsson, skrifstofustjóri hjá ríkisskattstjóra.

Starfshópurinn hélt alls 15 fundi og skilaði tillögum sínum til stýrihópsins þann 1. október 2016, annars vegar í formi greinargerðar og hins vegar í formi draga að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um virðisaukaskatt og á tollalögum ásamt viðaukum.

2. Samantekt.

Við skoðun starfshópsins á fyrsta hluta erindisbréfsins er laut að endurskoðun á 12. og 35. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt,¹ komst hann fljótlega að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt væri að taka umræddar lagagreinar til heildarendurskoðunar. Starfshópurinn ákvað þannig að einskorða skoðun sína ekki eingöngu við rafræna þjónustusölu og þjónustukaup heldur einnig aðra þjónustubætti að teknu tilliti til þeirra leiðbeiningarreglna um virðisaukaskatt sem Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) kynnti í nóvember 2015². Í leiðbeiningarreglunum er mælt til þess að aðildarríkin hafi reglurnar í huga við innleiðingu löggjafar er lýtur að alþjóðlegum viðskiptum, sérstaklega þjónustuviðskiptum. Einnig taldi starfshópurinn rétt að meta samhliða fyrsta hluta erindisbréfsins aðra þætti sem hafa bein áhrif á þær breytingar sem lagðar eru til svo sem einfaldað skráningarform fyrir erlenda aðila vegna sölu á rafrænni þjónustu hingað til lands og samræmingu í skattprósentu tiltekinnna vöru og þjónustuliða.

Tillögur starfshópsins varðandi fyrsta hluta erindisbréfsins eru eftirfarandi:

- Lagt er til að tekið verði upp nýtt ákvæði, 5. gr. B, sem kveði á um heimild erlendra atvinnufyrirtækja sem selja rafrænt afhenta þjónustu, fjarskiptaþjónustu og útvarps- og sjónvarpsþjónustu til að skrá sig með „einföldu skráningarkerfi“ hér á landi vegna skila á virðisaukaskatti. Með sama hætti er lagt til að erlendum atvinnufyrirtækjum sem selja hingað til lands blöð og tímarit á pappírformi í áskrift verði heimiluð samskonar skráning. Markmið breytingarinnar er að erlendum atvinnufyrirtækjum verði auðveldað að skila virðisaukaskatti hér á landi og að einfaldaðar reglur skuli gilda um um uppgjör, sölureikninga, bókhald o.fl. vegna slíkra skila. Heimildin kemur sérstaklega litlum og meðalstórum fyrirtækjum til góða.
- Þá eru lagðar til gagngerar breytingar á 12. gr. þar sem kveðið er á um hvað telst ekki til skattskyldrar veltu. Í samræmi við leiðbeiningarreglur OECD er lagt til að meginreglan verði sú, að við mat á því hvar þjónusta telst vera nýtt hverju sinni og þar með skattlögð, skuli litið til búsetu eða starfsstöðvar kaupanda þjónustunnar. Afhendingarstaður þjónustunnar og þar með skattlagningarstaður hennar, (e. place of supply of service) telst þá vera sá staður þar sem að hún er nýtt, þ.e. þar sem að kaupandi þjónustunnar hefur búsetu eða starfsstöð. Í dag gildir sú regla að meta þarf raunverulegan nýtingarstað þjónustunnar hverju sinni sem getur verið mjög erfitt, sérstaklega þegar um er að ræða afhendingu þjónustu innan sömu félagasamstæðu. Með breytingunni verður hins vegar meginreglan sú þegar um milliríkjavíðskipti er að ræða að þjónusta telst vera nýtt á þeim stað þar sem kaupandi þjónustunnar hefur búsetu eða starfsstöð.
- Jafnframt eru lagðar til verulegar breytingar á 35. gr. laganna er varðar skattskyld kaup á þjónustu hingað til lands, samhliða þeim breytingum sem lagðar eru til á 12. gr. laganna. Í fyrsta lagi er lagt til að greint verði á milli kaupa á þjónustu hjá a) aðilum sem eru undanþegnir virðisaukaskatti, t.a.m. fjármálastofnanir og tryggingafélög, b) virðisaukaskattskyldum aðilum og c) öðrum aðilum, t.a.m. neytendum, öðrum félögum og samtökum sem ekki eru skráð á grunnskrá virðisaukaskatts. Þá er í öðru lagi lögð til frekari afmörkun á þeirri rafrænu þjónustu sem seld er frá erlendum atvinnufyrirtækjum eða umboðsmönnum þeirra hingað til lands.

¹ Í 12. gr. er fjallað um þá vöru og þjónustu sem ekki telst til skattskyldrar veltu. 35. gr. tekur til þjónustu sem aðili kaupir erlendis frá til nota hér á landi.

² Sjá Alþjóðlegar leiðbeiningarreglur OECD: <http://www.oecd.org/ctp/consumption/international-vat-gst-guidelines.htm>

- Einnig leggur starfshópurinn til að virðisaukaskattur á sölu tímarita, dagblaða og landsmála- og héraðsfréttablaða á rafrænu formi verði 11% líkt og gildir um sölu slíkra tímarita og blaða á pappírformi. Tillagan byggir á leiðbeiningum OECD um jöfnun samkeppnisstöðu á milli vöru og þjónustu sambærilegra miðla, m.a. með samræmdri skattlagningu.
- Loks leggur starfshópurinn til að þeim erlendu aðilum sem selja innlendum aðilum blöð og tímarit í áskrift á pappírformi verði gert skylt að innheimta og skila virðisaukaskatti hér á landi.

Ef framangreindar tillögur starfshópsins ná fram að ganga má ætla að samkeppnisstaða innlendra aðila og erlendra aðila með búsetu eða starfsstöð í helstu viðskiptaþjóðum okkar í Evrópu verði sambærileg. Þetta á ekki síst við um sölu á rafrænt afhentri þjónustu, þ.m.t. streymisþjónustu svo sem tölvuleikjum, tónlist, myndefni o.fl. Með breytingunum verður stefnt að því að virðisaukaskattur skuli ekki hafa áhrif á val um hvort þjónustan sé keypt af íslenskum eða erlendum aðilum.

Í öðrum hluta erindisbréfs starfshópsins var lagt fyrir hann að endurskoða þær reglugerðir um virðisaukaskatt er varða kaup og sölu á vöru og þjónustu til og frá útlöndum, einkum reglugerð nr. 194/1990, um virðisaukaskatt af þjónustu fyrir erlenda aðila og af aðkeyptri þjónustu erlendis frá og reglugerð nr. 288/1995 um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra fyrirtækja. Líkt og greint er frá hér að framan varðandi fyrsta verkþátt starfshópsins er ljóst að þær breytingar á lögum um virðisaukaskatt sem starfshópurinn leggur til að verði lögfestar eru mun umfangsmeiri en áformað var í fyrstu. Eftir skoðun starfshópsins á þeim reglugerðum sem um ræðir er það mat hans að ef framangreindar tillögur um breytingar á 12. og 35. gr. laga um virðisaukaskatt sem og ný grein 5. gr. B, um einfalda skráningu fyrir erlend atvinnufyrirtæki verða lögfestar, þurfi í kjölfarið að taka framangreindar reglugerðir til heildarendurskoðunar. Það var hins vegar mat starfshópsins í ljósi þeirra umfangsmiklu breytinga sem hann leggur til, á gildissviði 12. og 35. gr. laganna og afmörkunar á skattlagningarstað þjónustu, sérstaklega með tilliti til þess hversu nákvæmar slíkar breytingar þurfa að vera, að rétt sé að bíða um sinn með að ljúka við endanlega mótun tillagna að þeim breytingum sem þörf verður að gera á umræddum reglugerðum þar til ljóst verður hvort eða hvenær ákveðið verður að fara að tillögum starfshópsins. Af þeim sökum ákvað starfshópurinn að bíða með útfærslu endanlegra reglugerðarbreytinga að sinni en ítrekar þó nauðsyn þess að slíkar breytingar verði framkvæmdar í kjölfar lögfestingar fyrrnefndra ákvæða laganna.

Í þriðja hluta erindisbréfsins var starfshópnum falið að leggja mat á það hvort þörf væri á að gera breytingar á lögum og reglugerðum um pósthverslun, einkum vegna vara með lágt verðgildi sem pantaðar eru með rafrænum hætti hingað til lands. Eftir skoðun starfshópsins á þeim ákvæðum sem um ræðir leggur hann til að gerðar verði almennar breytingar á gjaldmörkum aðflutningsgjalda á innflutning vara. Í því sambandi leggur starfshópurinn til að gerðar verði breytingar á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt og tollalögum nr. 88/2005. Lagt er til að innflutningsverðmæti á vörum undir 2.000 kr., verði undanþegið aðflutningsgjöldum, þ.m.t. virðisaukaskatti. Þó er lagt til að ákveðnar vörur sem nauðsynlegt er að skrá við innflutning falli ekki undir ákvæðið sem slíkt, þ.m.t. áfengi, tóbak og skotvopn. Þá er lagt til að ákvæðið nái til allra aðila jafnt einstaklinga sem lögaðila. Einnig er lagt til að ákvæðið nái til allra sendinga og taki jöfnum höndum til póstendinga, hraðsendinga og almennra sendinga til landsins. Starfshópurinn leggur til að samhliða þeim breytingum sem hann leggur til að gerðar verði á lögum um virðisaukaskatt og tollalögum, verði viðeigandi breytingar gerðar á lögum nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, með síðari breytingum, og lögum nr. 51/1981, um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum, með síðari breytingum. Loks eru lagðar til breytingar í þessu sambandi á lögum nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, með síðari breytingum.

3. Kaup og sala á þjónustu milli landa.

Í 12. og 35. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt koma fram þau ákvæði laganna er hvað mest snerta kaup og sölu á vörum og þjónustu til og frá landinu. Það er niðurstaða starfshópsins að nauðsynlegt sé að taka ákvæðin til ítarlegrar endurskoðunar í heild sinni og verður hér á eftir gerð grein fyrir þeim breytingum sem starfshópurinn leggur til. Við vinnuna var sérstaklega horft til þeirrar miklu og öru þróunar sem átt hefur sér stað á þessu sviði í vinnu hjá alþjóðastofnunum á síðustu misserum og árum, þá sérstaklega hjá OECD.

Það er mat starfshópsins að verði lögfestar tillögur hans að breytingum á 12. og 35. gr. laga nr. 50/1988 þurfi jafnframt að gera breytingar á þeim reglugerðum sem varða kaup og sölu á vöru og þjónustu til og frá útlöndum, einkum reglugerðum nr. 194/1990 og 288/1995. Vegna umfangs lagabreytinganna og í ljósi þess hversu nákvæmlega þarf að útfæra breytingar á framangreindum reglugerðum telur starfshópurinn þó rétt að bíða um sinn með að ljúka endanlegri mótun á slíkum breytingum þar til fyrir liggur hvort ákveðið verði að ráðast í þær lagabreytingar sem starfshópurinn leggur til.

Helstu tillögur starfshópsins um breytingar á ákvæðum 12. og 35. gr. laga nr. 50/1988 eru eftirfarandi:

Í breytingu á 12. gr. laganna er lagt til að skattskylda við sölu á þjónustu frá landinu verði grundvölluð á fjarlægðarreglunni, (e. destination principle), þ.e. að þjónusta verði í slíkum tilvikum skattlögð þar sem hún telst endanlega vera nýtt.

- Við mat á því hvar þjónusta telst vera veitt og þar með nýtt þegar um er að ræða sölu á þjónustu frá Íslandi skuli meginreglan vera sú að horft sé til þess hvar kaupandi þjónustunnar hefur búsetu eða starfsstöð. Sá staður telst vera afhendingarstaður þjónustunnar.
- Lagt er til að við mat á skattskyldu vegna þjónustuviðskipta verði greint á milli atvinnufyrirtækja, þ.e. þeirra sem hafa með höndum atvinnurekstur, og annarra aðila, (e. Business to Business, „B2B“ og Business to Consumer, „B2C“).
- Lagt er til að 10. tölul. 1. mgr., verði felldur brott og að staflíðir ákvæðisins verði færðir í nýjan tölulið, sem verði 2. tölul. 1. mgr. Þó er lagt til að gerðar verði breytingar á staflíðum til samræmis við virðisaukaskattstilskipun ESB nr. 2006/112/EB.
- Lagt er til að rafrænt afhent þjónusta, fjarskiptaþjónusta og útvarps- og sjónvarpsþjónusta verði skilgreind sérstaklega í lögnum sjálfum og afmörkuð og tilgreind í staflíðum í nýjum 2. tölul. 1. mgr. ákvæðisins.
- Lagt er til að kveðið verði með skýrum hætti á um að sala á þjónustu til annarra en atvinnufyrirtækja hér á landi sem nýtt er héraðis af kaupanda á sama tíma og hún er veitt af seljanda, (e. On-the-spot supplies), skuli ávallt vera skattskyld hér á landi.

Í breytingu á 35. gr. laganna felst, líkt og í breytingu á 12. gr. laganna, að kaup hingað til lands á þjónustu verði grundvölluð á fjarlægðarreglunni.

- Lagt er til að þeir aðilar, heimilisfastir hér á landi sem eru undanþegnir virðisaukaskatti og sem kaupa þjónustu af atvinnufyrirtæki erlendis frá skuli skila virðisaukaskatti hér á landi. Nýting þjónustunnar skuli þá miðuð við heimilisfesti eða starfsstöð kaupanda.

- Lagt er til að ef kaupandi þjónustu hér á landi er undanþeginn virðisaukaskatti og hann er hluti af samstæðu félaga skuli við mat á skattskyldu litið til þess hvaða aðila innan samstæðunnar er afhent sú þjónusta sem um ræðir. Nýting þjónustunnar og skattskyldan verði þá miðuð við það hvaða aðili móttekur þá þjónustuþætti sem seldir eru hverju sinni.
- Kveðið verði á um að virðisaukaskattsskyldir aðilar skuli skila virðisaukaskatti af kaupum erlendis frá á þjónustu sem fellur undir skattskyldusvið laganna að því leyti sem þeim er ekki heimilt að telja virðisaukaskatt af kaupunum til innskatts.
- Lagt er til að erlendum atvinnufyrirtækjum og umboðsmönnum þeirra sem selja öðrum en atvinnufyrirtækjum hér á landi rafrænt afhenta þjónustu, fjarskiptaþjónustu eða útvarps- og sjónvarpsþjónustu, beri að skrá sig á grunnskrá virðisaukaskatts og skila virðisaukaskatti hér á landi.

Lagt er til að komið verði á laggirnar einföldu rafrænu skráningarkerfi fyrir erlend atvinnufyrirtæki og umboðsmenn þeirra sem selja öðrum en atvinnufyrirtækjum hér á landi, m.a. neytendum rafrænt afhenta þjónustu, fjarskiptaþjónustu og útvarps- og sjónvarpsþjónustu.

Lagt er til að þeim erlendu atvinnufyrirtækjum sem selja hingað til lands blöð og tímarit á pappírformi í áskrift verði gert skylt að skila virðisaukaskatti hér á landi. Þó er gert ráð fyrir að þeim aðilum verði einnig gefinn kostur á að skrá sig í einfalt rafrænt skráningarkerfi hér á landi líkt og lagt er til vegna sölu erlendra atvinnufyrirtækja á rafrænt afhentri þjónustu, fjarskiptaþjónustu og útvarps- og sjónvarpsþjónustu hingað til lands.

Starfshópurinn leggur til að rafræn útgáfa á tímaritum, dagblöðum og landsmála- og héraðsfréttablöðum verði felld í neðra þrep virðisaukaskatts og beri þannig 11% virðisaukaskatt líkt og pappírútgáfa slíkra tímarita og blaða.

Lögð er til endurskoðun á reglugerðum sem varða kaup og sölu á vöru og þjónustu erlendis frá ef þau ákvæði og breytingar á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, sem starfshópurinn leggur til verða lögfest.

Við mótun tillagna starfshópsins um breytingu á 12. og 35. gr. laga nr. 50/1988 vegna kaupa og sölu á þjónustu til og frá útlöndum var litið til tillagna sem settar hafa verið fram af hálfu OECD. Í því sambandi var sérstaklega horft til þeirra alþjóðlegu viðmiðunarreglna um virðisaukaskatt (e. International VAT/GST Guidelines) sem kynntar voru í nóvember 2015³ og tilmæla OECD vegna svokallaðs BEPS verkefnis (e. Base erosion and profit shifting), sem m.a koma fram í lokaskýrslu um fyrstu aðgerð verkefnisins, en hún fjallar m.a. um rafræna þjónustusölu á milli landa (e. Action 1: Addressing the Tax Challenges of the Digital Economy)⁴.

Starfshópurinn leit einnig til sjónarmiða og tillagna sem hafa komið fram á vettvangi Evrópusambandsins (ESB). Mikil umræða hefur átt sér stað innan sambandsins síðustu misseri og ár um regluverk virðisaukaskatts. Framkvæmdastjórn ESB gaf t.a.m. út aðgerðaráætlun vegna innleiðingar breytts regluverks í apríl sl. (e. Action Plan on VAT Towards a single EU VAT area – Time to decide). Um er að ræða róttæktar hugmyndir um breytingar á fyrirkomulagi virðisaukaskatts innan sambandsins og verður áhugavert að sjá hvort þær hljóti brautargengi. Stefnt er að því að umræddar tillögur verði lagðar fram í lok árs 2016 og á árinu 2017. Starfshópurinn skoðaði sérstaklega hvaða áhrif hugsanlegar tillögur framkvæmdastjórnarinnar kynnu að hafa á þjónustuviðskipti til og frá

³ Sjá Alþjóðlegar leiðbeiningarreglur OECD: <http://www.oecd.org/ctp/consumption/international-vat-gst-guidelines.htm>

⁴ Sjá fyrstu skýrslu OECD: <http://www.oecd.org/ctp/addressing-the-tax-challenges-of-the-digital-economy-action-1-2015-final-report-9789264241046-en.htm>

Íslandi. Þær tillögur sem þegar hafa verið kynntar lúta m.a. að breytingum á vöruviðskiptum innan sambandsins og á reglum um innflutning á vörum frá ríkjum utan sambandsins. Í þessu sambandi ber þó að hafa í huga að aðrar reglur gilda um meðferð virðisaukaskatts vegna þjónustuviðskipta milli einstaka aðildarríkja innan ESB og ríkja utan þess, svo nefndra „þriðju ríkja“, (e. non-EU countries), en Ísland er þar á meðal. Eftir því sem starfshópurinn fær best séð fela tillögur framkvæmdastjórnarinnar ekki í sér breytingar á núgildandi regluverki þjónustuviðskipta til og frá sambandinu. Það var því niðurstaða starfshópsins að þær breytingar sem kynntar hafa verið af hálfu framkvæmdastjórnar ESB gefi ekki tilefni til þess að hnika frá þeim tillögum starfshópsins sem varða breytingar á ákvæðum 12. og 35. gr. virðisaukaskattslaga. Starfshópurinn telur þó rétt að áfram verði fylgst grannt með þeirri þróun sem á sér stað um þessar mundir innan sambandsins.

4. Innflutningur á vörum með lágt verðgildi sem pantaðar eru hingað til lands með rafrænum hætti.

Meðal verkefna starfshópsins var að leggja mat á hvort þörf væri á breytingum á lögum og reglum um pósthverslun, einkum hvað varðar innflutning á vörum með lágt verðgildi sem pantaðar eru með rafrænum hætti hingað til lands.⁵

Á meðan á vinnu starfshópsins stóð heimsótti hann starfsstöð Íslandspósts og átti fund með stjórnendum hans. Þá átti starfshópurinn samskipti við Samtök verslunar og þjónustu og Mannvirkjastofnun. Einnig var haft samráð við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, menntamálaráðuneytið og umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

Starfshópurinn hefur nú lokið vinnu við verkefnið og í grundvallaratriðum er tillaga hans sú að sett verði gjaldmörk á við innflutning vara, þ.e. að heimilað verði að flytja vörur til landsins án aðflutningsgjalda að því gefnu að innflutningsverðmæti þeirra sé undir 2.000 kr. Takmarkanir eða hömlur á innflutningi ýmissa vara gera það hins vegar að verkum að nauðsynlegt er að skrá þær við innflutning. Leggur starfshópurinn til að gjaldmörkin nái ekki til slíkra vara. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir tillögunum.

4.1. Gjaldmörk og fjárhæð þeirra.

4.1.1 Almenn.

Starfshópurinn kannaði útfærslur á gjaldmörkum í öðrum ríkjum. Þegar öllu var á botninn hvolft var það helst fernt sem kallaði á samanburð á innlendum og erlendum aðstæðum. Í fyrsta lagi eru gjaldmörk annarra ríkja mismunandi há, allt frá því að vera mjög hófleg til þess að nema nokkurri fjárhæð. Í öðru lagi eru tvenns konar gjaldmörk í flestum ríkjum, þ.e. ein vegna virðisaukaskatts og önnur vegna tolla. Önnur gjöld eru hins vegar sjaldnast felld niður samhliða. Gjaldmörk virðisaukaskatts eru oftast sambærileg milli ríkja en gjaldmörk tolla eru breytilegri og í flestum tilvikum mun hærri. Í þriðja lagi virðist í mörgum tilvikum mismunandi hvort miðað er við viðskiptaverð vöru, svokallað fob-verð eða cif-verð við ákvörðun gjaldmarka. Í fjórða lagi hafa áherslur framkvæmdastjórnar ESB gagnvart gjaldmörkum breyst mikið að undanfögnu og virðast nýjustu tillögur þess vera í þá átt að fallið verði frá þeim.

⁵ Til grundvallar vinnu starfshópsins lá skýrsla starfshóps forsætisráðuneytisins um þróun og regluverk í pósthverslun frá desember 2013. Hópurinn lagði fram m.a. eftirfarandi tillögur:

- Að erlendum fyrirtækjum sem selja vörur og pósthleggja til Íslands yrði gert kleift að innheimta og skila virðisaukaskatti og aðflutningsgjöldum af þeim vörum sem seldar eru til landsins.
- Að aðflutningsgjöld yrðu felld niður af hraðsendingum og pósthendingum allra innflytjenda ef fob-verðmæti einstakrar sendingar er undir kr. 2000,
- Að heimild hraðflutningafyrirtækja í 3. tölul. 43. gr. sbr. 3. tölul. 42. gr. rg. 1100/2006 til að innheimta áætluð aðflutningsgjöld af öllum sendingum undir 2.000 kr. yrði afnumin.

4.1.2. Íslenskar aðstæður.

Við skoðun á framangreindum atriðum þurfti að taka tillit til sérstöðu Íslands sem er fámenn þjóð og íslensk stjórnvísla ekki stór í sniðum samanborið við helstu viðskiptaþjóðir okkar. Landið er umlukið hafi og vegalengdir til helstu viðskiptaríkja umtalsverðar. Af þeim sökum er flutningskostnaður til landsins hár og helstu samkeppnismarkaðir fjarlægir. Aðstæður til þess að taka upp gjaldmörk við innflutning ættu því að vera nokkuð hagstæðar og áhrif þeirra á samkeppnisstöðu innlendrar verslunar minni en víðast annars staðar.

Eigi hagræðing sem upptaka gjaldmarka hefur í för með sér að koma fram þurfa viðmið sem fest verða í lög og reglugerðir að vera einföld og ná til sem flestra vara og gjalda sem lögð eru á við innflutning. Það virðist stefna í að gjaldmörk sæti endurskoðun innan ESB í ljósi reynslu aðildarríkjanna en áhyggjur af misnotkun sem hafi skaðleg áhrif á verslun innan sambandsins fara vaxandi. Í ljósi framangreinds telur starfshópurinn rétt að varlega verði stigið til jarðar og gjaldmörkin hér á landi verði hófleg.

Í skýrslu starfshóps forsætisráðuneytisins frá 2013 er umsýslugjalda flutningsfyrirtækja m.a. getið í umfjöllun um kostnað sem hlýst vegna álagningar aðflutningsgjalda á smásendingar. Í þessu samhengi er rétt að geta þess að starfshópurinn leggur ekki til breytingar á lögum og reglum um póstflutninga eða aðra flutninga heldur aðeins á ákvæðum sem varða skatt- og gjaldlagningu hins opinbera. Ætla má að umsýslugjöld flutningafyrirtækja séu að meginstefnu innheimt til að standa undir kostnaði við rekstur þjónustu við meðhöndlun sendinga. Verði tillögur starfshópsins að veruleika má gera ráð fyrir að meðhöndlun smásendinga minnki enda verði vörur undir gjaldmörkum meðhöndlaðar eins og bréfsendingar. Hins vegar munu flytjendur þurfa að inna af hendi vinnu við að skera úr um hvort einstakar sendingar séu innan eða utan gjaldmarkanna. Skoðun starfshópsins leiddi í ljós að á þessum tímamarki virðist óraunhæft að áætla hvort og þá að hve miklu leyti tillögurnar gætu leitt til lækkunar umsýslugjalda.

4.1.3. Tollalækkanir.

Tollar af fatnaði og skóm voru felldir niður um áramótin 2015/2016 og Alþingi hefur þegar fest í lög niðurfellingu tolla af iðnaðarvörum í 25.–97. kafla tollskrár frá og með áramótunum 2016/2017. Markmið upptöku gjaldmarka hér á landi er að stuðla að hagræðingu og einföldun. Því leggur starfshópurinn til að gjaldmörkin verði ein og hin sömu í tilviki virðisaukaskatts og tolla og að þau verði látin ná til nær allra gjalda sem lögð eru á vörur við innflutning. Þær vörur sem ekki er unnt að undanþiggja gjöldum af einhverjum sökum falli þá alfarið ekki undir gjaldmörkin og því muni verða lagt á þær fullt gjald óháð innflutningsverðmæti einstakrar sendingar.

4.1.4. Komið í veg fyrir sóun.

Tillaga starfshóps forsætisráðuneytisins frá desember 2013 var að gjöld yrðu felld niður af sendingum að fob-verðmæti undir 2.000 kr. Að mati starfshópsins ætti 2.000 kr. gjaldmark að vera mjög nálægt því að nægja til að því markmiði verði náð að koma í veg fyrir að kostnaður við álagningu og innheimtu gjalda verði hærri en tekjur af þeim.

4.1.5. Viðmiðun innflutningsverðmætis.

Hugtakið fob-verð kemur m.a. fram í 6. tölul. 1. mgr. 36. gr. laga nr. 50/1988. Hugtakið *fob-verð*, sem einnig útleiggst *frítt um borð*, *frítt á skipsfjöl* eða *frítt að skipshlið* vísar til erlendu skammstöfunarinnar f.o.b. (e. free on board). *Frítt um borð* (f.o.b.) hefur þá efnislegu merkingu að kaupandi vöru tryggji henni rúm í fari en seljandi hennar annist um og kosti flutning hennar til hleðslustaðar og geri þær ráðstafanir um flutning hennar á skip sem framsendara er skylt að gera eftir því sem lög áskilja á þeim stað eða venja er til. Þegar varan er komin á skipsfjöl er hún úr ábyrgð seljanda. Fob-verð stendur því samkvæmt hefðbundnum skilningi fyrir samtölu viðskiptaverðs og þess kostnaðar sem seljandi hefur af því að koma vöru á skipsfjöl og úr sinni ábyrgð. Af skýringum við 9. gr. frumvarps þess sem varð að 12. gr. laga nr. 55/1997, er breytti 6. tölul. 1. mgr. 36. gr. laga nr.

50/1988, verður ráðið að með fob-verði hafi löggjafinn á sínum tíma átt við tollverð en tollverð er skilgreint á annan hátt í tollalögum en fob-verð hér að framan. Hugtakið fob-verðmæti kemur fyrir í lögum nr. 24/1986, um skiptaverðmæti, en í undirbúningsgögnum þeirra er ekki varpað frekara ljósi á inntak þess. Rétt er að hafa í huga að það er háð nokkurri óvissu að hvaða leyti kostnaður kaupanda vöru samkvæmt sölu- og afhendingarskilmálum erlendra pósthverslana á sér samsvörun í fob-hugtakinu.

Svo að skýrt verði hvernig leggja beri mat á hvort vara sé undir 2.000 kr. gjaldmarki greinarinnar er lagt til að orðalagi hennar verði hagað þannig að við matið skuli taka tillit til viðskiptaverðs auk alls kostnaðar sem seljandi innheimtir hjá kaupanda vegna meðferðar hennar. Þannig ræðst fjárhæðin af viðskiptaverði vöru, þ.e. því verði sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vöru við sölu hennar til útflutnings til landsins, og viðbótarkostnaði sem til fellur vegna meðferðar vörunnar áður en hún er afhent við skipshlið, t.d. kostnaði við flutning vörunnar að skipshlið, pökkun og tryggingar. Er orðalaginu ætlað að fanga inntak hefðbundins skilnings á hugtakinu *fob-verð*.

4.2. Vörusvið.

Í framkvæmd yrðu vörur undir gjaldmörkum fluttar inn gjaldfrjálst og verða því meðhöndlaðar eins og bréfasendingar. Af því leiðir að upphafsstig tollmeðhöndlunar mun afmarkast við að skera úr um hvort vara sé sannanlega innan gjaldmarka. Sé vara ofan gjaldmarka fær hún hefðbundna afgreiðslu, er skráð í tollkerfið og ber full gjöld. Sé hún neðan markanna sætir hún hins vegar ekki skráningu. Áhrifin á tollfirlit verða hins vegar engin enda mun varan áfram sæta því eftirliti sem þar er viðhaft þar sem gengið er úr skugga um að innflutningur sé lögmætur. Það sem helst ræður því að aukin hagkvæmni náist fram með gjaldmörkum smásendinga er sparnaður við skráningu. Ef knýjandi þörf er fyrir skráningu innflutnings vöru er allt eins gott að leggja öll lögbundin gjöld á hana þar sem hagræðið sem stefnt er að næst þá ekki fram við afgreiðslu hennar.

Að mati starfshópsins væri rétt að vörusvið gjaldmarka aðflutningsgjalda yrði sem breiðast. Unnt væri að halda ýmsum vörum utan vörusviðs gjaldmarka með sérstökum ákvæðum. Þannig væri t.d. mögulegt að þær vörur falli utan gjaldmarka sem bera úrvinnslugjald eða umhverfisfiskatta í þeim tilgangi að treysta þau markmið sem slík gjald- og skattlagning er byggð á. Mat starfshópsins er hins vegar að ef markmið um hagræðingu eigi að nást fram þurfi að halda frávikum frá vörusviði í lágmarki.

Í flestum ríkjum sem starfshópurinn leit til eru áfengi, tóbak og skotfæri flutt inn með fullum gjöldum, óháð gjaldmörkum einstakra sendinga. Hér á landi er innflutningur áfengis háður leyfi samkvæmt áfengislögum, nr. 75/1998, og hefur Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins (ÁTVR) einkaleyfi á smásölu áfengis og heildsölu á tóbaki, sbr. einnig lög nr. 86/2011, um verslun með áfengi og tóbak. Af framangreindum sökum er að mati starfshópsins eðlilegt að slíkar vörur falli ekki undir gjaldmörkin. Innflutningur skotvopna, skotfæra og sprengiefnis í atvinnuskyni er háður leyfi lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu skv. 5. gr. vopnalaga, nr. 16/1998. Þá er innflutningur á ýmsum dýrum háður innflutningsleyfi. Í þessu ljósi leggur starfshópurinn til að vörur sem háðar eru innflutningsleyfi falli ekki undir gjaldmörkin við innflutning. Að sama skapi eru ýmsar vörur háðar ýmiskonar takmörkunum á innflutningi, t.d. sláturafurðir, hrá egg, hey, reiðtygi og notaður búnaður til stangveiða. Lagt er til að slíkar vörur falli ekki undir gjaldmörkin.

4.3. Fjárhagsleg áhrif tillagnanna og áhrif þeirra á samkeppni innanlands.

Megintilgangur þess að taka upp almenn gjaldmörk á smásendingar er annars vegar sá að draga úr umsýslu vegna álagningar opinberra gjalda á sendingar sem innihalda vörur sem eru hvorki háðar neins konar takmörkunum á innflutning né bera réttahafgjöld og hins vegar að fyrirbyggja að tekjur ríkissjóðs af innflutningi smásendinga verði minni en sem svarar umsýslukostnaðinum. Bein áhrif af aðgerðinni ná til pósthflutningsfyrirtækja og neytenda, sem verða fyrir jákvæðum áhrifum, fyrirtækja á innanlandsmarkaði sem þurfa að sæta því að endanlegt verð innfluttrar samkeppnisvöru til neytenda lækki og loks ríkissjóðs sem mun verða af 30-40 m.kr. tekjum á ári.

Í Evrópusambandinu hafa átt sér stað umræður um hvort gjaldmörk aðflutningsgjalda kunni að skapa óæskilega hvata og skekkja samkeppni. Ástæðan er sú að stórir rekendur póstsverslunar hafa í einhverjum tilvikum séð hag sínum best borgið með því að flytja starfsemina út fyrir sambandsríkin og selja til þeirra smávörur án gjalda á meðan hefðbundnir smásalar þurfa að greiða gjöldin að fullu við innflutning frá þriðju ríkjum. Má í þessu samhengi benda á að Bretar gerðu á sínum tíma breytingar á reglum um gjaldmörk smásendinga í kjölfar flutnings nokkurra stórra póstsverslunarfyrirtækja til Ermasundseyja. Sendingar frá Ermasundseyjunum falla nú ekki undir gjaldmörk smásendinga við innflutning til Bretlands og bera vörur sem þaðan koma í öllum tilvikum full gjöld. Starfshópurinn tók framangreint til skoðunar. Mat hans er að í ljósi fjárhæðar gjaldmarkanna sem starfshópurinn leggur til, vörusviðs þeirra, afmörkunar kostnaðar sem undir gjaldmörkin fellur, tiltölulega hás flutningskostnaðar til Íslands og umfangs innlends vörumarkaðar, sé ekki raunveruleg hættu á að innlendir aðilar sjái sér hag í að flytja póstsverslunarstarfsemi sína erlendis.

4.4. Upplýsingagjöf vegna innflutnings.

Eins og fram hefur komið er lagt til að gjaldmörk smásendinga verði almenn í þeim skilningi að þau nái til alls innflutnings, hvort sem hann berst til landsins með póstsendingu, hraðsendingu eða almennri sendingu. Þá hefur komið fram að í tilviki póstsendinga muni vörur undir gjaldmörkum verða meðhöndlaðar eins og sendibréf. Það á hins vegar ekki við um almennar sendingar en áfram mun vera nauðsynlegt að færa slíkar vörur á farmskrá og tollafgreiða þær með hefðbundnum hætti. Reynist vörur vera undir gjaldmörkunum eru gjöldin hins vegar felld niður við tollafgreiðslu. Af þeim sökum er rétt að gera ráð fyrir því að mismunandi reglur þurfi að gilda um vörur undir gjaldmörkum smásendinga eftir því með hvaða hætti þær berast til landsins.

4.5. Breytingar á lögum og reglugerðum.

Í frumvarpsdrögunum sem fylgja með greinargerð þessari er gerð grein fyrir þeim breytingum sem þarf að gera á lögum um virðisaukaskatt, tollalögum og fleiri lögum eigi framangreindrar tillögur starfshópsins að verða að veruleika. Einnig fylgja hugmyndir um breytingar sem mun þurfa að gera á reglugerðum á sviði innflutnings og tollamála verði lagabreytingarnar samþykktar á Alþingi.

Pingskjal X – X. mál.

Drög að frumvarpi til laga

Um breytingu á lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988 og tollalögum nr. 88/2005 (þjónusta og smásendingar)

(Lagt fyrir Alþingi á xxx. löggjafarþingi 201x–201x.)

I. KAFLI

Breyting á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 5. gr. A laganna kemur ný grein, 5. gr. B, svohljóðandi:

Erlent atvinnufyrirtæki eða umboðsmaður þess með heimilisfesti eða fasta starfsstöð erlendis, sem selur rafrænt afhenta þjónustu, fjarskiptaþjónustu eða útvarps- og sjónvarpsþjónustu til annarra en atvinnufyrirtækja hér á landi, getur valið á milli almennrar skráningar skv. 5. gr. eða einfaldrar skráningar vegna skila á virðisaukaskatti hér á landi samkvæmt þessari grein. Sama gildir um erlent atvinnufyrirtæki sem selur hingað til lands í áskrift blöð og tímarit á pappírsformi. Einföld skráning skal fara fram í rafrænu skráningarkerfi á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Erlent atvinnufyrirtæki eða umboðsmaður þess sem skráir sig með einfaldri skráningu samkvæmt þessari grein skal ekki vera heimilt að færa virðisaukaskatt af aðföngum sínum til innskatts skv. ákvæðum 3. og 4. mgr. 15. gr. og 1. mgr. 16. gr. Ákvæði 3. tölul. 4. gr. laganna um veltumörk skal ekki eiga við þegar um er að ræða skráningu og skil erlends atvinnufyrirtækis eða umboðsmanns þess á virðisaukaskatti hér á landi skv. þessari grein.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar, þ.m.t. um skilgreiningu á hugtökum og um uppgjör, tilhögun bókhalds og tekjuskráningu, gjalddaga, álag, kærur, form og efni sölureikninga, gengisviðmið o.fl.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

- a. 1. tölul. 1. mgr. orðast svo:
Vara sem seld er úr landi, svo og vöruflutningar og fólksflutningar milli landa og vöruflutningar innan lands þegar flutt er beint til eða frá landinu.
- b. 2. tölul. 1. mgr. orðast svo:
Vinna og þjónusta sem veitt er erlendis. Þjónusta telst veitt erlendis þegar hún er seld frá Íslandi til atvinnufyrirtækis sem hvorki er heimilisfast hér á landi né stundar hér atvinnustarfsemi frá fastri starfsstöð.
Eftirtalin sala á þjónustu til annarra en atvinnufyrirtækja samkvæmt 1. mgr. telst vera veitt erlendis þegar hún er seld frá Íslandi til aðila sem hafa ekki heimilisfesti, lögheimili, varanlega búsetu eða dveljast ekki að jafnaði hér á landi:
 - a. rafrænt afhent þjónusta. Rafrænt afhent þjónusta felur í sér þjónustu sem afhent er yfir internet eða annað netkerfi, á sjálfvirkan hátt með lágmarks innngripi þar sem notkun upplýsingatækni er nauðsynlegur þáttur afhendingarinnar.
 - b. fjarskiptaþjónusta. Fjarskiptaþjónusta felur í sér þjónustu, miðlun, útsendingu eða viðtöku á boðum, orðum, myndum, hljóði eða einhvers konar upplýsingum í gegnum þráð, útvarp, ljósboð eða annars konar rafsegulkerfi. Fjarskiptaþjónusta felur einnig í sér þjónustu frá þeim aðilum sem veita aðgang að slíkri þjónustu skv. 1. másl. auk aðgangs að rafrænum fjarskiptanetum og samtengingu þeirra.

- c. útvarps- og sjónvarpsþjónusta. Útvarps- og sjónvarpsþjónusta felur í sér þjónustu sem samanstendur af hljóði eða mynd og miðlað er til almennings um samskiptamiðla í rauntíma samkvæmt ákveðinni dagskrá á ritstjórnarlegri ábyrgð viðkomandi fjölmiðils.
- d. framsal á höfundarrétti, rétti til einkaleyfis, vörumerkis og hönnunar, svo og framsal annarra sambærilegra réttinda.
- e. auglýsingaþjónusta,
- f. ráðgjafarþjónusta, verkfræðiþjónusta, lögfræðiþjónusta, þjónusta endurskoðenda og önnur sambærileg sérfræðiþjónusta, sem og gagnavinnsla og upplýsingamiðlun,
- g. kvaðir og skyldur varðandi atvinnu- eða framleiðslustarfsemi eða hagnýtingu réttinda sem kveðið er á um í þessari málsgrein 2. tölul.
- h. þjónusta banka, fjármála- og tryggingarféлага, þ.m.t. endurtryggingar, þó ekki leiga á bankahólfum.
- i. atvinnumiðlun,
- j. leiga lausafjármuna, þó ekki neins konar flutningatækja.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 2. tölul. telst þjónusta sem seld er til annarra en atvinnufyrirtækja ávallt vera veitt hér á landi og þar með skattskyld hér á landi þegar raunveruleg nýting hennar á sér stað á Íslandi.

Þjónusta ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda telst veitt utan Íslands samkvæmt þessum tölulíð að því leyti sem hún varðar fólksflutninga milli landa og vöru eða þjónustu sem ferðamaður nýtir utan Íslands.

Vinna eða þjónusta sem varðar lausafjármuni eða fasteignir hér á landi telst ávallt veitt hér á landi. Sama gildir um þjónustu, sem veitt er í tengslum við menningarstarfsemi, listastarfsemi, íþróttastarfsemi, kennslustarfsemi og aðra hliðstæða starfsemi sem fram fer hér á landi og er undanþegin skattskyldu skv. 3. mgr. 2. gr. laganna.

c. 10. tölul. 1. mgr. fellur brott.

d. 2. mgr. orðast svo: Ráðherra er heimilt með reglugerð að setja nánari skilyrði fyrir undanþágum og framkvæmd þessarar greinar, þ.m.t um nánari skilgreiningu á hugtökum.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 14. gr. laganna:

5. tölul. orðast svo: Sala tímarita, dagblaða og landsmála- og héraðsfréttablaða. Sama gildir um rafræna útgáfu slíkra tímarita og blaða.

4. gr.

Á eftir 3. mgr. 34. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Erlend atvinnufyrirtæki sem selja hingað til lands blöð og tímarit í áskrift á pappírformi skulu innheimta og skila virðisaukaskatti af þeirri sölu hér á landi að því gefnu að ákvæði 3. tölul. 4. gr. laganna um veltumörk eigi ekki við, sbr. þó 5. gr. B.

Aðilar sem skyldugir eru til að greiða virðisaukaskatt skv. 4. mgr. skulu ótilkvaddir gera ríkisskattstjóra grein fyrir kaupum á þjónustu í sérstakri skýrslu á því formi sem hann ákveður. Gjalddagi er fimmti dagur annars mánaðar frá lokum þess almenna uppgjörstímabils sem viðskiptin falla undir. Greiðslu ásamt skýrslu skal skila til innheimtumanns ríkissjóðs eigi síðar en á gjalddaga. Um skattverð, uppgjör, álagningu, áætlun, endurákvörðun, álag, dráttarvexti og kærur skal, eftir því sem við getur átt, fara með eins og í viðskiptum innan lands.

5. gr.

35. gr. laganna orðast svo:

Hver sá sem stundar starfsemi sem undanþegin er virðisaukaskatti samkvæmt 3. mgr. 2. gr. laga þessara skal greiða virðisaukaskatt af þjónustu sem fellur undir skattskyldusvið þeirra og keypt er til starfseminnar eða eftir atvikum afhent er til starfseminnar frá atvinnufyrirtæki með heimilisfesti erlendis, útibúi eða fastri starfsstöð erlendis.

Hver sá sem skattskyldur er samkvæmt lögum þessum skal greiða virðisaukaskatt af þjónustu, sem fellur undir skattskyldusvið laga þessara og keypt er til starfseminnar eða eftir atvikum afhent er til starfseminnar frá atvinnufyrirtæki heimilisföstu erlendis, útibúi eða fastri starfsstöð erlendis að því leyti sem virðisaukaskatt af þjónustunni er ekki heimilt að telja til innskatts samkvæmt ákvæðum 3. og 4. mgr. 15. gr. og 16. gr. Þó skal ávallt greiða virðisaukaskatt samkvæmt þessari grein ef þjónusta er veitt eða hennar notið í tengslum við innflutning á vöru.

Aðili sem fellur ekki undir 1. og 2. mgr. og kaupir þjónustu samkvæmt d-j liðum 2. mgr. 2. tölul. 12. gr. frá atvinnufyrirtæki með heimilisfesti erlendis, útibúi eða fastri starfsstöð erlendis skal greiða virðisaukaskatt hér á landi af kaupum á slíkri þjónustu, nemi verðmæti þeirra 10.000 kr. án virðisaukaskatts eða meira á hverju almennu uppgjörstímabili skv. 24. gr.

Greiðsluskylda skv. 1.-3. mgr. á ekki við ef erlenda atvinnufyrirtækið, umboðsmaður þess eða annar aðili sem er í fyrirsvari fyrir það er skráður á grunnskrá virðisaukaskatts vegna starfsemi þess hér á landi.

Atvinnufyrirtæki eða umboðsmaður þess með heimilisfesti eða fasta starfsstöð erlendis sem selur rafrænt afhenta þjónustu, fjarskiptaþjónustu eða útvarps- og sjónvarpsþjónustu til annarra en atvinnufyrirtækja hér á landi, skal innheimta og skila virðisaukaskatti af þeirri þjónustu hér á landi. Seljandi eða umboðsmaður hans skal ótilkvaddur tilkynna starfsemi sína til ríkisskattstjóra skv., 5. gr., sbr. þó 3. tölul. 4. gr., eða 5. gr. B laga þessara.

Aðilar sem skyldugir eru til að greiða virðisaukaskatt skv. 1.-3. mgr. skulu ótilkvaddir gera ríkisskattstjóra grein fyrir kaupum á þjónustu í sérstakri skýrslu í því formi sem hann ákveður. Gjald dagi er fimmti dagur annars mánaðar frá lokum þess almenna uppgjörstímabils sem viðskiptin falla undir. Greiðslu ásamt skýrslu skal skila til innheimtumanns ríkissjóðs eigi síðar en á gjalddaga. Um skattverð, uppgjör, álagningu, áætlun, endurákvörðun, álag, dráttarvexti og kærur skal, eftir því sem við getur átt, fara með eins og í viðskiptum innan lands.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að setja nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar, þ.m.t. um nánari skilgreiningu á hugtökum.

6. gr.

6. tölul. 1. mgr. 36. gr. laganna orðast svo:

Vörur undir gjaldmörkum smásendinga skv. 12. tölul. 1. mgr. 6. gr. tollalaga. Þó eru eftirtaldar vörur ekki undanþegnar virðisaukaskatti við innflutning:

- a. áfengi,
- b. tóbak,
- c. vörur sem eingöngu er heimilt að flytja inn á grundvelli innflutningsleyfis eða háðar eru innflutningstakmörkunum.

II. KAFLI

Breyting á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum.

7. gr.

Á eftir 11. tölul. 1. mgr. 6. gr. kemur nýr töluliður svohljóðandi:

Vörur undir gjaldmörkum smásendinga. Vörur eru undir gjaldmörkum smásendinga ef samanlagt viðskiptaverð þeirra í einstakri smásendingu ásamt öllum kostnaði sem kaupandi greiðir seljanda og fellur til þar til sendingin er komin úr ábyrgð seljanda er undir 2.000 kr. Þó eru eftirtaldar vörur ekki undanþegnar tollum:

- a. áfengi,
- b. tóbak,
- c. vörur sem eingöngu er heimilt að flytja inn á grundvelli innflutningsleyfis eða háðar eru innflutningstakmörkunum.

8. gr.

Við 20. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ekki þarf að færa vörur undir gjaldmörkum smásendinga 12. tölul. 1. mgr. 6. gr. til tollflokks í tollskjölum ef þær koma til landsins með póstsendingu eða hraðsendingu.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 26. gr. laganna:

- a. Fyrirsögn greinarinnar verður svohljóðandi: *Innflutningur án skýrslugjafar og einfaldaðar aðflutningsskýrslur.*
- b. Á undan 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Innflytjanda vöru undir gjaldmörkum smásendinga skv. 12. tölul. 1. mgr. 6. gr. er ekki skylt að láta tollstjóra aðflutningsskýrslu í té komi varan til landsins með póstsendingu eða hraðsendingu. Innflytjanda ber þó ávallt að framvísa vörureikningi og gögnum um annan kostnað sem kaupandi greiðir seljanda.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, með síðari breytingum.

10. gr.

Tveir nýir málsliðir bætast við 1. mgr. 3. gr. laganna, svohljóðandi: Þó skal ekki leggja úrvinnslugjald á innflutt raf- og rafeindatæki ef þau eru undir gjaldmörkum smásendinga skv. 12. tölul. 1. mgr. 6. gr. tollalaga. Vörur sem eingöngu er heimilt að flytja inn á grundvelli innflutningsleyfis eða háðar eru innflutningstakmörkunum eru ekki undanþegnar úrvinnslugjaldi við innflutning skv. 2. másl.

IV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 51/1981, um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum, með síðari breytingum.

11. gr.

Á eftir 1. másl. 2. mgr. 3. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Þó skal ekki innheimta eftirlitsgjald vegna innflutnings á plöntum sem eru undir gjaldmörkum smásendinga skv. 12. tölul. 1. mgr. 6. gr. tollalaga.

IV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, með síðari breytingum.

12. gr.

Á eftir 1. másl. 5. tölul. 1. mgr. 14. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Þó skal ekki innheimta eftirlitsgjald af vörum undir gjaldmörkum smásendinga skv. 12. tölul. 1. mgr. 6. gr. tollalaga.

13. gr.

Gildistaka

Ákvæði laga þessara öðlast gildi 1. janúar 2018.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið af starfshópi sem skipaður var af fjármála- og efnahagsráðherra í tengslum við endurskoðun á lögum um virðisaukaskatt og vörugjöld. Fjármála- og efnahagsráðherra skipaði á árinu 2014 þriggja manna stýrihóp til að gera tillögur að einfaldara og skilvirkara virðisaukaskatts- og vörugjaldakerfi á Íslandi og var ákveðið að skipta verkefninu upp í fimm megin áfanga.

Fyrsta áfanga í starfi stýrihópsins lauk með samþykkt laga nr. 124/2014 sem tóku gildi 1. janúar 2015. Með breytingunum var bilið milli almenns og lægra skattþreps virðisaukaskatts minnkað til muna auk þess sem skattstofninn var breikkaður, einkum hvað varðar fólksflutninga og ferðapjónustu. Breikkun skattstofnsins kom til framkvæmda 1. janúar 2016. Þá voru almenn vörugjöld felld niður.

Öðrum áfanga lauk m.a. með samþykkt laga nr. 125/2015 um forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2016, o.fl., og laga- og reglugerðarbreytinga sem tóku gildi 1. janúar 2016. Þær breytingar fólu m.a. í sér nánari útfærslu ákvæða um virðisaukaskattsskyldu ferðapjónustu og fólksflutninga. Jafnframt var sala áfengis færð í lægra þrep virðisaukaskatts en á móti var áfengisgjald hækkað til að mæta tekjutapi ríkissjóðs við tilfærsluna á milli þrepa.

Þriðji áfangi vinnunar lýtur að endurskoðun laga og reglugerða um kaup og sölu á vöru og þjónustu til og frá útlöndum en hér undir fellur m.a. póstverslun. Í starfshópnum sem falin var útfærsla þessa áfanga áttu sæti fulltrúar frá fjármála- og efnahagsráðuneyti, ríkisskattstjóra og frá tollstjóra.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

2.1.1. Inngangur – virðisaukaskattur. Kaup og sala á vörum og þjónustu í milliríkjaviðskiptum.

Núgildandi reglur virðisaukaskattslaga um kaup og sölu á þjónustu til og frá Íslandi voru settar með lögum nr. 55/1997 og 115/1997. Markmið þeirra laga var að samræma regluverk okkar við þær reglur sem þá giltu í öðrum ríkjum Evrópu. Í kjölfar alþjóðlegrar þróunar á sviði virðisaukaskatts, m.a. með tilkomu alþjóðlegra leiðbeininga frá OECD er nú nauðsynlegt að breytingar séu gerðar á þeim ákvæðum laga um virðisaukaskatt er varða þjónustuviðskipti í milliríkjaviðskiptum. Það er grundvallaratriði í löggjöf um virðisaukaskatt að hún skuli vera hlutlaus, skilvirk, sanngjörn og raski ekki samkeppni milli aðila í sambærilegri stöðu. Þar sem löggjöf um virðisaukaskatt hér á landi hefur ekki að öllu leyti fylgt þeirri alþjóðlegu þróun sem átt hefur sér stað á sviði virðisaukaskatts þykir nauðsyn bera til að lögfesta breytingar á ákvæðum virðisaukaskatts vegna þjónustuviðskipta yfir landamæri.

Á undanförnum árum hefur mikil vinna átt sér stað hjá alþjóðastofnunum og hjá helstu viðskiptaþjóðum okkar í Evrópu við greiningu á alþjóðlegu umhverfi virðisaukaskatts vegna kaupa og sölu á vörum og þjónustu í milliríkjaviðskiptum (e. cross-border transaction). Þær miklu breytingar og öra tækniþróun sem átt hefur sér stað í heiminum í dag m.a. með fullkomnari hugbúnaði, tilkomu snjallsíma og spjaldtölva, bluetooth tækni o.fl., hefur orðið til þess að þróun skattalöggjafar hefur ekki með góðu móti náð að fylgja tækniþróuninni eftir. Þessi þróun hefur skapað ný úrlausnarefni vegna innheimtu og skila á virðisaukaskatti í milliríkjaviðskiptum og hefur m.a. Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) unnið að greiningu á þeim. Skattlagning í milliríkjaviðskiptum og röskun á henni vegna vaxandi netverslunar og rafrænna viðskipta yfir landamæri er hluti af þeirri vinnu OECD er lýtur að svokölluðu BEPS verkefni (e. Base Erosion and Profit Shifting) sem Ísland hefur tekið virkan þátt í. Verkefnið hefur það að markmiði að koma í veg fyrir tilfærslu tekna og skattstofna frá einu landi til annars oft á tíðum til lágskattasvæða. Í nóvember 2015 gaf OECD út alþjóðlegar leiðbeiningarreglur um virðisaukaskatt (e. International VAT/GST Guidelines) með það að leiðarljósi að fyrirbyggja tvískattlagningu (e. double taxation) og enga skattlagningu án ásetnings (e. unintended non-taxation). Markmiðið var m.a. að koma í veg fyrir samkeppnisröskun í milliríkjaviðskiptum og tryggja skilvirkni í innheimtu virðisaukaskatts í slíkum viðskiptum. Þá hefur farið fram af hálfu OECD ítarleg greining á fyrirkomulagi virðisaukaskatts í milliríkjaviðskiptum með svokallaðar smásendingar, þ.e. vörur með lágt verðgildi. Innan Evrópusambandsins (ESB) hefur enn fremur átt sér stað mikil vinna og umræða um nauðsyn þess að gera regluverk sambandsins er lýtur að virðisaukaskatti skilvirkara og einfaldara til að koma í veg fyrir skattundanskot og rýrnun skattstofna í aðildarríkjum sambandsins. Sú vinna varð m.a. til þess að framkvæmdastjórn ESB birti þann 7. apríl sl.

aðgerðaráætlun vegna innleiðingu breytts regluverks í sambandinu, (e. Action Plan on VAT Towards a single EU VAT area – Time to decide), þar sem lagðar eru til róttækar breytingar á regluverki virðisaukaskatts innan sambandsins.

Hér á landi hefur regluverk virðisaukaskatts vegna kaupa og sölu á vörum og þjónustu til og frá útlöndum að litlu leyti fylgt þeirri miklu þróun á sviði virðisaukaskatts sem átt hefur sér stað hjá helstu viðskiptaþjóðum okkar í Evrópu og hjá alþjóðastofnunum. Þess ber þó að geta að með lögum nr. 163/2010⁶ og lögum nr. 121/2011⁷ var stigið stórt skref í þá átt að samræma innlenda löggjöf um virðisaukaskatt við löggjöf í helstu viðskiptaríkjum okkar í Evrópu vegna kaupa og sölu á rafrænt afhentri þjónustu í milliríkjavíðskiptum.

Í frumvarpinu er lögð áhersla á að bregðast við þeim lagabreytingum um virðisaukaskatt sem innleiddar hafa verið í helstu viðskiptalöndum okkar á síðustu árum og þeirri alþjóðlegu þróun sem á sér stað um þessar mundir vegna skattlagningar í milliríkjavíðskiptum. Markmið tillagnanna er að styrkja þá eiginleika virðisaukaskattsins að hann hafi sem minnst áhrif á samkeppnisstöðu fyrirtækja og íþyngi viðskiptalífi sem minnst en sé þó á sama tíma öflugur og skilvirkur tekjustofn fyrir ríkissjóð. Aðgerðirnar snúa að miklu leyti að því að fyrirbyggja að fyrirtæki, einstaklingar og aðrir aðilar verði tvískattlagðir eða ekki skattlagðir í milliríkjavíðskiptum vegna mismunandi regluverks milli landa. Með tillögunum er jafnframt leitast við að tryggja að virðisaukaskattur hafi ekki áhrif á val um það hvort þjónusta er keypt af innlendum eða erlendum fyrirtækjum.

2.1.2. Alþjóðlegar leiðbeiningarreglur Efnahags- og framfarastofnunarinnar á sviði virðisaukaskatts.

Síðustu misseri hefur mikið verið unnið á vettvangi OECD að úrlausnarefnum vegna alþjóðlegs virðisaukaskatts og skattlagningar þjónustuvíðskipta á milli landa. Þau grundvallarskilyrði um álagningu virðisaukaskatts sem samþykkt voru á fundi ráðherra OECD ríkjanna í Ottawa árið 1998 vegna rafrænnar þjónustusölu milli landa hafa að mati stofnunarinnar enn í dag fullt gildi og ná bæði yfir álagningu virðisaukaskatts innan lögsögu aðildarríkjanna sem og til álagningar og innheimtu virðisaukaskatts í milliríkjavíðskiptum. Að mati stofnunarinnar skal þannig ávallt stefnt að eftirfarandi markmiðum við innleiðingu löggjafar á sviði virðisaukaskatts. a) hlutleysi, b) skilvirkni, c) áreiðanleika og einfaldleika, d) árangri og sanngirni og e) sveigjanleika. Á grunni þessara markmiða samþykkti OECD í júlí 2015 fyrrnefndar leiðbeiningarreglur um virðisaukaskatt (e. International VAT/GST Guidelines) sem birtar voru í nóvember sama ár. Um er að ræða alþjóðlegar leiðbeiningarreglur um virðisaukaskatt í milliríkjavíðskiptum með áherslu á þjónustuvíðskipti milli landa. Markmið reglnanna er að koma í veg fyrir tvísköttun eða enga skattlagningu án ásetnings. Mælt er til að aðildarríki OECD taki mið af leiðbeiningarreglunum við innleiðingu löggjafar á sviði virðisaukaskatts vegna sölu á vörum og þjónustu á milli ríkja. Innan stofnunarinnar er nú stefnt að því að styrkja leiðbeiningarreglurnar enn frekar í sessi með því að ráð OECD samþykki ályktun um framkvæmd leiðbeiningarreglnanna og verða þær hluti af þeirri ályktun ráðsins. Reglurnar eru leiðbeiningarreglur (e. soft law), í þeim skilningi að aðildarríki OECD verða ekki bundin af reglum heldur lýsa þær pólitískum vilja aðildarríkja um beitingu þeirra í milliríkjavíðskiptum. Þetta verður í fyrsta sinn sem reglur á sviði virðisaukaskatts öðlast svo sterka stöðu á vettvangi OECD. Leiðbeiningarreglurnar geta jafnframt nýst ríkjum utan OECD við mótun löggjafar og framkvæmd virðisaukaskatts. Alls hafa um 165 ríki í heiminum tekið upp virðisaukaskatt eða annars konar almennan neysluskatt. Eftir því sem stærri hluti af neysluútgjöldum heimila á sér stað með netverslun og rafrænum víðskiptum yfir landamæri verður ljóst að nauðsynlegt er að ríki heims stilli saman strengi sína í skattlagningu til að koma í veg fyrir ójafna samkeppnisstöðu fyrirtækja og tap á skatttekjum hins opinbera.

Í frumvarpi þessu er eins og kostur er tekið mið af þeim alþjóðlegu leiðbeiningarreglunum á sviði virðisaukaskatts sem settar hafa verið af hálfu OECD í þessum efnunum. Sú grunnregla í leiðbeiningarreglunum sem stuðst er við í frumvarpi þessu er fjarlægðarreglan (e. destination principle). Hún felur það í sér að skattlagning í milliríkjavíðskiptum skuli eiga sér stað í lögsögu þess

⁶ Lög nr. 163/2010 um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum (rafræn þjónustusala og eftirlit vegna áætlana).

⁷ Lög nr. 121/2011 um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, lögum nr. 97/1987, um vörugjald, og tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum.

ríkis þar sem endanleg nýting þjónustunnar á sér stað. Af því leiðir að virðisaukaskatturinn verður „hlutlaus“ (e. neutral) í milliríkjavíðskiptum. Með áður nefndu BEPS-verkefni OECD hefur einnig átt sér stað mikilvæg vinna í þessum efnum. Í frumvarpi þessu er eftir því sem kostur er tekið mið af alþjóðlegum leiðbeiningarreglum OECD sem og þeim tillögum sem fram koma í skýrslum OECD vegna BEPS verkefnisins og varða þjónustusölu á milli landa.

2.1.3. Kaup og sala á þjónustu, rafræn viðskipti o.fl. innan Evrópusambandsins.

Líkt og hjá OECD hefur mikil umræða og þróun átt sér stað um árábil vegna álagningar virðisaukaskatts innan ESB. Sú vinna sem átt hefur sér stað innan sambandsins hefur að miklu leyti varðað einfaldari og skilvirkari reglur vegna þjónustuviðskipta á innri markaði sambandsins til að tryggja innheimtu virðisaukaskatts í aðildarríkjum þess. Þann 1. janúar 2015 tóku gildi breyttar reglur vegna rafrænt afhentrar þjónustu, fjarskiptaþjónustu og útvarps og sjónvarpsþjónustu innan ESB sem hafa það að markmiði að jafna samkeppnisstöðu fyrirtækja innan sambandsins. Frá þeim tíma ákvað ESB að slík rafræn þjónusta skuli ávallt skattlögð út frá fjarlægðarreglunni í landi kaupanda þjónustunnar bæði þegar um er að ræða veitingu þjónustu til atvinnufyrirtækja og til einstaklinga og annarra aðila. Meginreglan er að litið er svo á að þjónustan teljist nýtt þar sem kaupandi þjónustunnar hefur búsetu eða fasta starfsstöð. Þann 6. maí 2015 kynnti framkvæmdastjórn ESB áætlun um rafræna innri markað sambandsins. Í áætluninni var m.a. samþykkt að framkvæmdastjórn ESB legði fram tillögur að lagabreytingum innan sambandsins til að nútímavæða innheimtu virðisaukaskatts í rafrænum viðskiptum á milli landa.

Þann 7. apríl sl. samþykkti ESB aðgerðaráætlun um innleiðingu breytts regluverks virðisaukaskatts innan sambandsins. Markmið áætlunarinnar er m.a. að bregðast við þeim tekjumissi innan aðildarríkjanna sem á sér stað vegna mismunandi reglna sem gilda innan aðildarríkjanna með einföldun og styrkingu efnahagslegra innviða þeirra að leiðarljósi. Í aðgerðaráætluninni er m.a. lagt til að innan ESB verði lögfest sú regla að seljendur bæði innan og utan ESB verði skyldugir til að innheimta virðisaukaskatt vegna sölu á vörum með rafrænum hætti til annarra en atvinnufyrirtækja innan ESB út frá skatthlutfalli í landi kaupanda vörunnar. Þá er lagt til að seljendum verði í slíkum tilvikum gert skylt að innheimta og skila virðisaukaskattinum til skattýfirvalda í landi kaupanda í samræmi við fjarlægðarregluna. Einnig er m.a. lagt til að gjaldmörk vegna innflutnings á vörum með lágt verðgildi frá ríkjum utan ESB til sambandsins verði afnumin. Áformað er að tillögur framkvæmdastjórnarinnar verði kynntar í lok árs 2016 og á árinu 2017.

Í frumvarpi þessu eru m.a. lagðar til breytingar á skattlagningu virðisaukaskatts í þjónustuviðskiptum til og frá Íslandi. Þær breytingar sem lagt er til að verði lögfestar eru í samræmi við tillögur OECD um alþjóðlega skattlagningu virðisaukaskatts og að miklu leyti í samræmi við núverandi regluverk ESB. Í aðgerðaráætlun framkvæmdastjórnar ESB frá 7. apríl sl. eru ekki lagðar til sérstakar breytingar á regluverki sambandsins hvað við kemur þjónustuviðskiptum á milli aðildarríkja og ríkja utan sambandsins. Því verður að telja að fyrirhugaðar breytingar innan ESB hafi ekki bein áhrif hér á landi þar sem aðrar reglur gilda um meðferð virðisaukaskatts vegna þjónustuviðskipta innan sambandsins og ríkja utan þess, svo nefndra þriðju ríkja (e. third countries/non-EU countries) en Ísland er þar á meðal. Þá er lagt til í frumvarpinu að greint sé á milli þjónustu sem veitt er atvinnufyrirtækjum (e. Business to Business - B2B) og öðrum aðilum sem hafa ekki með höndum atvinnurekstur (e. Business to Consumer - B2C). Slík aðgreining er í samræmi við alþjóðlegar leiðbeiningarreglur OECD og virðisaukaskattstilskipun ESB nr. 2006/112/EB, þar sem greint er á milli sölu á þjónustu til aðila sem hafa með höndum atvinnurekstur (e. taxable persons) og til annarra aðila sem hafa ekki með höndum atvinnurekstur (e. non-taxable persons). Í þessu sambandi ber að hafa í huga að hugtakið „skattskyldur aðili“ innan ESB er víðtækara heldur en hér á landi þar sem undir hugtakið fellur starfsemi allra þeirra aðila sem hafa með höndum svokallaða „atvinnustarfsemi“ (e. economic activity). Þannig geta bæði skráningarskyldir aðilar og undanþegnir aðilar fallið undir hugtakið skattskyldur aðili innan ESB, að því gefnu að um atvinnustarfsemi sé að ræða. Samkvæmt lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988 gildir sú regla að starfsemi aðila þarf að vera stunduð í atvinnuskyni svo að skráningarskylda sé til staðar. Jafnframt gildir það skilyrði að sú starfsemi sem um ræðir þarf að vera stunduð í hagnaðarskyni. Af því leiðir að aðilar með neikvæðan virðisauka teljast að jafnaði hvorki skráningarskyldir né eiga rétt á skráningu hér á landi. Í frumvarpi þessu er lagt til að þegar um

er að ræða þjónustusölu á milli landa skuli líta til sambærilegra sjónarmiða og lagt er upp með samkvæmt alþjóðlegum leiðbeiningarreglum OECD og þeim viðmiðum sem ESB horfir til við mat á því hvar þjónusta teljist nýtt hverju sinni og þar með skattlögd í milliríkjavíðskiptum. Af því leiðir að í frumvarpinu er greint á milli atvinnufyrirtækja og annarra aðila sem stunda ekki starfsemi í atvinnuskyni burt séð frá þeirri reglu sem gildir innanlands þess efnis að starfsemin þurfi jafnframt að vera rekin í hagnaðarskyni.

2.2.1. Einföld skráning fyrir erlend atvinnufyrirtæki – Rafræn víðskipti o.fl.

Í frumvarpinu er lagt til að tekið verði upp að norski fyrirmynd rafrænt skráningarkerfi (e. simplified registration scheme) hér á landi fyrir erlend atvinnufyrirtæki og erlenda umbodsmenn þeirra sem að selja öðrum en atvinnufyrirtækjum hér á landi rafræna þjónustu, fjarskiptaþjónustu og útvarps- og sjónvarpsþjónustu. Eðli rafrænnar þjónustu er þess eðlis að atvinnufyrirtæki geta veitt fjölda kaupenda í mismunandi löndum þjónustu án þess að vera með heimilisfesti eða fasta starfsstöð í þeim löndum þar sem að kaupendur þjónustunnar hafa búsetu. Þetta leiðir til þess að atvinnufyrirtæki sem stunda milliríkjavíðskipti eru oft á tíðum skuldbundin til þess að standa skil á virðisaukaskatti í mörgum löndum þrátt fyrir að vera með heimilisfesti eða fasta starfsstöð í löndum kaupenda þjónustunnar. Til að greiða fyrir einfaldleika og alþjóðlegum víðskiptum í rafrænum víðskiptum er í frumvarpi þessu lögð til upptaka einfalds skráningarkerfis hér á landi. Um er að ræða sölu erlendra aðila á rafrænni þjónustu hingað til lands, t.a.m. í formi tónlistar, leikja, kvikmynda, bóka og hugbúnaðar til annarra en atvinnufyrirtækja, t.a.m. neytenda og annarra aðila sem stunda ekki atvinnustarfsemi á Íslandi (e. Business to Consumer). Sambærilegt skráningarkerfi sem ber heitið „VOES“ (e. VAT on Electronic Services), var kynnt í Noregi í júlí 2011 og hefur reynst vel. Um er að ræða valkvætt skráningarkerfi, en þeim erlendu atvinnufyrirtækjum sem skrá sig ekki samkvæmt kerfinu ber að innheimta og skila virðisaukaskatti samkvæmt almennum reglum sem gilda hér á landi. Markmiðið með upptöku einfaldaðs skráningarkerfis hér á landi er að takmarka þær skattalegu kröfur sem gerðar eru til erlendra atvinnufyrirtækja vegna sölu á slíkri þjónustu til einstaklinga og þeirra aðila sem stunda ekki atvinnurekstur hér á landi. Innan ESB hefur um árábil verið í gildi rafrænt skráningarkerfi fyrir erlend atvinnufyrirtæki utan sambandsins sem að selja neytendum innan sambandsins rafræna þjónustu, fjarskiptaþjónustu eða útvarps- og sjónvarpsþjónustu, (e. Mini One Stop Shop MOSS – *Non Union Scheme*) til einföldunar fyrir erlend atvinnufyrirtæki. Um er að ræða einfaldað skráningarform fyrir erlend atvinnufyrirtæki utan sambandsins sem að selja neytendum innan ESB rafræna þjónustu, fjarskiptaþjónustu eða útvarps- og sjónvarpsþjónustu. Þann 1. janúar 2015 tók gildi sambærilegt kerfi fyrir þjónustuveitendur innan sambandsins (e. *The Union scheme*).

Í því frumvarpi sem hér um ræðir er lagt til að rafrænt skráningarkerfi líkt og í Noregi verði tekið upp hér á landi með það að markmiði að einfalda innheimtu og skil á virðisaukaskatti fyrir erlend atvinnufyrirtæki hér á landi, í samræmi við tillögur OECD um kosti einfaldaðs skráningarforms vegna sölu á rafrænni þjónustu milli landa. Innleiðing rafræns skráningarkerfis líkt og lagt er til í frumvarpi þessu mun að öllu óbreyttu leiða til aukinnar skilvirkni og fyrirsjáanleika fyrir erlend atvinnufyrirtæki vegna sölu á rafrænni þjónustu hingað til lands.

Í frumvarpinu er einnig lagt til að þau erlendu atvinnufyrirtæki sem að selja blöð og tímarit í áskrift á pappírformi hingað til lands verði heimilað að skrá sig samkvæmt því rafræna skráningarkerfi sem lagt er til að tekið verði upp hér á landi.

2.3.1. Rafræn útgáfa tímarita, dagblaða og landsmála- og héraðsfréttablaða.

Með lögum nr. 121/2011 voru rafrænar bækur og rafræn útgáfa tónlistar færð í neðra þrep virðisaukaskatts. Þau rök sem m.a. lágu að baki þeim breytingum voru m.a. samkeppnisleg rök. Í dag bera tímarit, dagblöð og landsmála- og héraðsfréttablöð á pappírformi 11% virðisaukaskatt. Rafræn útgáfa slíkra tímarita og blaða ber hins vegar 24% virðisaukaskatt. Telja verður að sambærileg rök séu fyrir því að rafræn útgáfa slíkra tímarita og blaða falli undir lægra þrep virðisaukaskatts og þá sérstaklega með vísan til almannahagsmuna enda sé fréttaflytningur mikilvægur fyrir opinbera umræðu og lýðræði. Telja verður jafnframt að mismunandi tilhögun skattlagningar á sambærilega miðla á pappírformi og rafrænu formi hafi slæm áhrif á samkeppni og geti hamlað eftirspurn. Efnahags- og framfarastofnunin hefur jafnframt lagt áherslu á að skattlagning skuli vera „hlutlaus“ og

„sanngjörn“ milli rafrænna og hefðbundinna viðskipta. Skattalegir hvatar skuli þannig ekki liggja til grundvallar þess að aðilar velji frekar að kaupa vöru en þjónustu á mismunandi miðlum þegar um sambærilegt efni er að. Að þessu virtu er lagt til í frumvarpi þessu að rafræn útgáfa þeirra tímarita og blaða sem falla undir 5. tölul. 2. mgr. 14. gr. laganna beri 11% virðisaukaskatt líkt og pappírútgáfa slíkra tímarita og blaða.

2.4.1. *Inngangur – Netverslun. Niðurfelling aðflutningsgjalda á innflutningi á vörum með lágt verðgildi.*

Hinn 11. október 2012 samþykkti Alþingi þingsályktun nr. 1/141 um aðgerðir til að efla og auðvelda pósthöfundun.⁸ Með henni var forsætisráðherra falið að setja á fót starfshóp sem skyldi athuga þróun og regluverk pósthöfundunar hér á landi og erlendis og gera tillögur að lagabreytingum og öðrum ráðstöfunum til að skapa pósthöfundun viðeigandi samkeppnisstöðu til hagsbóta fyrir neytendur og atvinnufyrirtæki. Starfshópurinn var skipaður hinn 3. apríl 2013 en í honum áttu sæti fulltrúar fjögurra ráðuneyta, fulltrúar hagsmunaaðila á borð við Neytendasamtökin og Samtök verslunar og þjónustu og talsmaður neytenda. Starfshópurinn skilaði niðurstöðum sínum í formi skýrslu í desember 2013. Helstu niðurstöður starfshópsins voru m.a. þær að lagt var til að erlendum fyrirtækjum sem selja vörur og pósthöfundu til Íslands yrði heimilað að innheimta og skila aðflutningsgjöldum af vörum í ríkissjóð. Þá var einnig lagt til að aðflutningsgjöld af hraðsendingum, pósthöfundum með skipi eða flugi yrðu felld niður af fob-verðmæti vara undir 2.000 krónum. Enn fremur var lagt til að heimild hraðflutningsfyrirtækja til að innheimta áætluð aðflutningsgjöld af öllum sendingum undir 2.000 kr. yrði afnumin. Átti heimildin að ná jafnt til einstaklinga, lögaðila og annarra aðila sem keyptu vörur í viðskiptalegum tilgangi. Tillögur og niðurstöður fyrirnefnds starfshóps forsætisráðherra frá desember 2013 lágu til grundvallar þeim tillögum sem hér eru lagðar fram. Einnig var farið yfir þær reglur sem gilda um innflutning vara með lágt verðgildi innan ESB og í aðildarríkjum OECD.

Netverslun er sá hluti smásölumarkaðar þar sem mest aukning viðskipta á sér stað um þessar mundir. Kaup Íslendinga, bæði á rafrænni þjónustu og áþreifanlegum vörum, með netverslun hefur aukist til muna síðustu ár. Samkvæmt upplýsingum frá tollmiðlun Íslandspóstshf., um skatttekjur pósthöfundunar á árinu 2015, nam verðmæti sendinganna 1.836 millj. kr. og námu heildargjöld vegna þeirra 570 millj. kr. Langstærsti hlutur þessa innflutnings var vegna netverslunar en einhver hluti var þó til kominn vegna annars konar verslunar, svo sem vegna sendinga frá vinum eða ættingjum erlendis frá sem falla ekki undir skilgreiningu á gjafasendingum heldur tollskyldan innflutning á varningi.

m.kr.

	2013	2014	2015
Heildarverðmæti sendinga	1.171	1.606	1.836
Heildargjöld	403	550	570

Tölurnar taka til allra pósthöfundu óháð verðmæti sendinga.

Heimild: Íslandspóstur

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988 og tollalögum nr. 88/2005 er lúta að niðurfellingu aðflutningsgjalda af vörum með lágt verðgildi. Lagt er til að aðflutningsgjöld, þ.e. tollur og aðrir skattar og gjöld, sem greiða ber við tollmeðferð vöru með lágt verðgildi (e. low value import) verði felldir niður þegar viðskiptaverð ásamt viðbótarkostnaði einstakra smásendinga, t.d. hraðsendinga, pósthöfundu og almennra sendinga, er undir 2.000 kr. Þetta verðmætamark er í frumvarpinu nefnt *gjaldmörk smásendinga* en með þeirri orðanotkun er vísað til þess að gjöld verði ekki lögð á innflutta vöru nema verðmæti þeirrar sendingar sem varan er í nái tilteknu marki, 2.000 kr. Þannig er lagt til að farið verði að tillögu starfshóps forsætisráðherra frá desember 2013 og að tekinn verði upp almennur lágverðmætapröskuldur vegna innflutnings á vörum

⁸ 141. lögjafarþing 2012-2013. Þingskjal 241 – 44. mál. Þingsályktun um aðgerðir til að efla og auðvelda pósthöfundun: <http://www.althingi.is/altext/141/s/0241.html>

hér á landi sem nái jafnt til einstaklinga sem lögaðila. Jafnframt er lagt til að lágverðmætaþröskuldurinn nái til almennra sendinga.

Í dag er í gildi sú regla að hraðsendingar til virðisaukaskattsskyldra aðila að fob-verðmæti undir 2.000 kr., bera ekki aðflutningsgjöld. Þá er í gildi sú regla í lögum um virðisaukaskatt að vörur að fjárhæð 1.500 kr. eða lægri, þó að undanskildu áfengi og tóbaki, sem fluttar eru inn af aðilum sem skráðir eru á grunnskrá virðisaukaskatts skulu vera undanþegnar virðisaukaskatti við innflutning. Þessir aðilar eru skattsskyldir og þeim er því heimilt að draga frá þann kostnað og þann virðisaukaskatt hvort tveggja við skil á virðisaukaskatti og við almenn skattskil. Í frumvarpinu er lagt til að niðurfelling aðflutningsgjalda nái jafnt til hraðsendinga, póstsendinga og almennra vörusendinga að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Í þessu sambandi ber jafnframt að geta þess að öll ríki innan OECD nema að Íslandi undanskyldu fella nú niður aðflutningsgjöld á ákveðnar vörusendingar. Í frumvarpinu felst því að íslenskir neytendur verði settir við sama borð og erlendir neytendur hvað við kemur niðurfellingu aðflutningsgjalda á vörur með lágt verðgildi.

Kostnaður ríkissjóðs við innheimtu aðflutningsgjalda á vörum með lágt verðgildi er jafnan mun hærri en tekjur af innheimtum gjöldum. Einnig má segja að kostnaður einstaklinga í formi umsýslugjalda sem og annar óbeinn kostnaður einstaklinga vegna innflutnings á vörum með lágt verðgildi er oft á tíðum úr samræmi við verðmæti þeirra vara sem fluttar eru inn hverju sinni. Vandinn liggur þannig í því að finna jafnvægi, tryggja tekjur ríkissjóðs og koma í veg fyrir röskun á samkeppni milli innlendra og erlendra aðila og tryggja á sama tíma að kostnaður við innheimtu aðflutningsgjalda sé í eðlilegu hlutfalli við þau gjöld sem að innheimt eru við innflutning. Ef lítið er til póstsendinga með lægstu aðflutningsgjöld (100 kr. og minna) má sjá að á árinu 2015 hafi einstaklingar greitt samtals um 1,6 millj. kr. í umsýslugjöld en á sama tíma hafi samanlögð fjárhæð aðflutningsgjalda af póstsendingunum numið 194 þús. kr. Það liggur því fyrir að verulegt tilefni er til að setja gjaldmörk sem skapi eðlilegra jafnvægi á milli skatttekna og kostnaðar sem hlýst af umstangi við innheimtu þeirra. Umsýslugjöld sem greiða þarf Íslandspósti vegna innflutnings á vörum nemur um þessar mundir 550 kr. á sendingu ef innflytjandi er einstaklingur en 3.500 kr. ef innflytjandi er lögaðili. Engin slíkur kostnaður fellur á almennar bréfsendingar. Ljóst er að unnt er að draga verulega úr umsýslukostnaði ef sett verða almenn gjaldmörk á innflutning á vörum þegar viðskiptaverð ásamt flutningskostnaði er undir 2.000 kr. Þá er rétt að vekja athygli á að niðurfelling aðflutningsgjalda af innflutningi vara með lágt verðgildi eykur jafnræði milli þeirra sem versla erlendis og þeirra sem versla af söluaðilum erlendis frá án þess að fara af landi brott.

2.4.2. Niðurfelling tolla, gjalda og virðisaukaskatts í Evrópusambandinu.

Í Evrópusambandinu (ESB) gilda nokkuð mismunandi reglur um niðurfellingu aðflutningsgjalda við innflutning á vörum með lágt verðgildi (e. low value import) eftir því hvort um er að ræða virðisaukaskatt (e. VAT), eða tolla og tengd gjöld (e. custom duties). Um virðisaukaskatt gildir sú regla að aðildarríkin eru skuldbundin til þess að fella niður virðisaukaskatt vegna innflutnings á vörum að verðmæti 10–22 evrur, (u.þ.b. 1.400–3.100 kr.). Aðildarríkin hafa þannig val um það hvaða fjárhæð þau miða við innan þessara marka. Sem dæmi má nefna að í Danmörku nema gjaldmörkin 80 dönskum krónum, þ.e. um 10,75 evrum eða um 1.500 kr. Flest lönd ESB miða aftur á móti gjaldmörkin við 22 evrur. Hvað við kemur tollum og tengdum gjöldum gildir sú regla (sk. *de-minimis* regla), að gjaldmörkin eru 150 evrur, (u.þ.b. 21.000 kr.). Af þessu má sjá að gerður er skýr greinarmunur í ESB á annars vegar gjaldmörkum vegna virðisaukaskatts og hins vegar gjaldmörkum vegna tolla og tengdra gjalda. Einnig má af þessu sjá að hugtakanotkun í regluverki ESB er önnur en hugtakanotkun í íslenskum rétti þar sem hugtakið „aðflutningsgjöld“ nær samkvæmt íslenskum tollalögum til tolla og annarra skatta og gjalda sem greiða ber við tollmeðferð vöru við innflutning hennar, þ.m.t. virðisaukaskatt. Mun hærri almenn gjaldmörk gilda í ESB en hér á landi í tilviki tolla og gjalda annars vegar og virðisaukaskatts hins vegar. Í kjölfar aukins innflutnings á vörum með lágt verðgildi til ESB-ríkjanna, frá ríkjum utan þeirra, hafa áhyggjur af misnotkun reglna um verðmætaþröskulda hins vegar farið vaxandi. Í grundvallaratriðum hafa áhyggjurnar beinst að þeirri samkeppnisröskun sem verður í skjóli gjaldmarkanna á milli innlendra og erlendra aðila í ljósi þess að reglurnar og umfang viðskipta með smásendingar virðast skapa hvata fyrir innlenda aðila til að staðsetja sig utan landamæra ESB-ríkja. Áhyggjum hefur einnig verið lýst af lækkaði

virðisaukaskattstekjum og óbeinum áhrifum á atvinnuþátttöku og beina skattheimtu. Af þessum sökum hefur framkvæmdastjórn ESB lagt til að verðmætaþröskuldurinn verði lækkaður eða jafnvel afnuminn.

Telja verður að þau álitamál sem framkvæmdastjórn ESB hefur fengist við upp á síðkastið eigi ekki við í sama mæli hér á landi. Það er í samræmi við ályktun starfshóps forsætisráðuneytisins um að gjaldmörk að fjárhæð 2.000 kr. miðað við fob-verð muni hafa hverfandi áhrif á verslun innanlands. Þau gjaldmörk sem hér eru lögð til jafngilda um 14 evrum og eru því töluvert lægri en meirihluti ríkja ESB miðar við. Einnig liggur fyrir að hinn 1. janúar sl., voru tollar á fatnaði og skóm felldir niður. Um næstu áramót munu tollar á aðrar iðnaðarvörur falla niður. Þessar breytingar styrkja samkeppnisstöðu innlendrar verslunar gagnvart erlendri til muna og gera það að verkum að virkni gjaldmarkanna verður önnur og minni. Þegar litið er til smæðar innlands smásölumarkaðar og fjarlægðar hans frá erlendum mörkuðum, sem kemur fram í hærri innflutningskostnaði en í nágrannaríkjum okkar, verður einnig að telja hverfandi líkur á að almenn 2.000 kr. gjaldmörk leiði til þess að innlendir verslunareigendur sjái sér hag í að færa starfsemi sína erlendis, líkt og virðist hafa gerst a.m.k. í sumum aðildarríkjum ESB. Í ljósi hins háa flutningskostnaðar munu hófleg gjaldmörk að sama skapi vart hafa mikil áhrif á verslun Íslendinga við erlenda söluaðila.

2.4.3. Innflutningur á vörum með lágt verðgildi - Efnahags- og framfarastofnunin (OECD).

Mikil vinna hefur átt sér stað hjá OECD við greiningu álitamála vegna innflutnings á vörum með lágt verðgildi. Sú vinna er m.a. hluti af metnaðarfullu og yfirgripsmiklu verkefni sem ætlað er að koma í veg fyrir rýrnun á skattstofnum og tilfærslu hagnaðar á milli landa, (e. BEPS). Í verkefninu hafa verið dregnir fram fimmtán meginþættir og lagðar til leiðir fyrir aðildarríkin til þess að innleiða regluverk sem ætlað er að fyrirbyggja rýrnun á skattstofnun og tilfærslu hagnaðar á milli landa. Í fyrstu skýrslunni um skattlagningu rafræna hagkerfisins, („e. *Addressing the Tax Challenges of the Digital Economy*“), er m.a. greint frá áhyggjum OECD vegna innflutnings á vörum með lágt verðgildi. Áhyggjur OECD felast einna helst í því að gjaldmörk vegna innflutnings á vörum með lágt verðgildi séu mismunandi milli ríkja, þau geti haft óæskileg samkeppnisáhrif á fyrirtæki milli landa o.fl. Í skýrslunni kemur fram að ávallt sé þó nauðsynlegt að finna jafnvægi annars vegar milli nauðsynjar þess að tryggja ríkjum nægar skatttekjur af innflutningi og viðhalda góðri samkeppnisstöðu og hins vegar nauðsynjar þess að kostnaður við innheimtu skatta og gjalda sé í réttu hlutfalli við innheimtu þeirra. Í þessu sambandi leggur OECD fram tillögur sem aðildarríkin geta tekið mið af til að fyrirbyggja óæskileg áhrif á samkeppni o.fl. Ein þeirra er í raun samhljóða tillögu starfshóps forsætisráðherra frá 2013 og er á þá leið að komið verði á fót kerfi sem geri erlendum seljendum vara með lágt verðmætágildi kleift að innheimta sjálfir og skila virðisaukaskatti af vörusölu í því landi sem vara er seld til í gegnum miðlægt tölvukerfi. Í skýrslunni er þó hvatt til þess að slíkar breytingar séu skoðaðar ítarlega og áhættugreindar. Jafnframt er varað við því að slíkar breytingar kunni að kalla á umbyltingu tolla- og skattkerfa og nána samvinnu milli ríkja og stofnana svo að reglufylgni erlendra söluaðila við notkun slíks kerfis verði tryggð. Aukin upplýsingaskipti milli skattyfirvalda eru mikilvæg til að tryggja að sú verði raunin.

2.4.4. Niðurfelling aðflutningsgjalda í Noregi.

Sú regla gildir í Noregi að ekki er gerður sérstakur greinarmunur á niðurfellingu aðflutningsgjalda á annars vegar tollum og tengdum gjöldum og hins vegar á virðisaukaskatti. Í október 2014 lagði norska ríkisstjórnin til að gjaldmörk vegna innflutnings á vörum með lágt verðgildi yrðu hækkuð úr 200 norskum krónum fob (u.þ.b. 3.000 kr.) í 500 norskar krónur cif (e. cost insurance and freight) (u.þ.b. 7.500 kr.). Þannig var lagt til að taka skyldi flutningskostnað og tryggingar með í reikninginn við framsetningu fjárhæðarmarkna andstætt því sem að gilt hafði áður. Eftir umræður um gjaldmörkin var hins vegar tekin ákvörðun um að miða gjaldmörkin við 350 norskar krónur, cif (u.þ.b. 5.200 kr.). Í Noregi eru ákveðnar vörur utan gjaldmarkanna, þ.e. áfengi, tóbak, skotvopn og lyf.

3. Meginefni frumvarpsins.

Hér á eftir fara helstu atriði frumvarpsins. Meginmarkmið þess er að samræma eins og kostur er regluverk okkar um innheimtu og skil á virðisaukaskatti hjá einstaklingum, lögaðilum og öðrum aðilum í milliríkjavíðskiptum við regluverk helstu víðskiptalanda okkar í Evrópu. Með aukinni samræmingu verður dregið úr því að virðisaukaskattur hafi áhrif á val um það hvort að þjónustu í milliríkjavíðskiptum sé keypt af íslenskum eða erlendum aðilum með einföldun og skilvirkni að leiðarljósi.

Þær tillögur sem gerðar eru í frumvarpi þessu er þessar helstar:

- Í fyrsta lagi er að finna í frumvarpinu tillögu þess efnis að nýtt ákvæði verði fest í lög um virðisaukaskatt sem kveður á um heimild erlendra atvinnufyrirtækja sem selja rafrænt afhenta þjónustu, fjarskiptaþjónustu og útvarps- og sjónvarpsþjónustu til annarra en atvinnufyrirtækja hér á landi að skrá sig með rafrænum hætti hér á landi. Um verður að ræða einfölduð skil hér á landi fyrir erlend atvinnufyrirtæki og umboðsmenn þeirra. Auk þess er mælt fyrir um heimild erlendra atvinnufyrirtækja sem að selja hingað til lands blöð og tímarit í áskrift á pappíriformi til að skrá sig í rafrænt skráningarkerfi hér á landi.
- Í öðru lagi eru lagðar til gagngerar breytingar á 12. gr. laga um virðisaukaskatt þar sem kveðið er á um sölu á vörum og þjónustu sem telst ekki til skattskyldrar veltu. Lagt er til að byggt sé á alþjóðlegum leiðbeiningarreglum OECD um virðisaukaskatt við mat á því hvar þjónusta teljist vera nýtt hverju sinni. Meginreglan skal vera sú að að þjónusta telst vera nýtt og þar með skattlögð þar sem að kaupandi þjónustunnar hefur búsetu eða starfsstöð. Afhendingarstaður þjónustunnar (e. place of supply of services) telst þá vera sá staður þar sem að hún er nýtt. Enn fremur er lagt til að hugtökin rafrænt afhent þjónusta, fjarskiptaþjónusta og útvarps- og sjónvarpsþjónusta verði nánar afmörkuð í ákvæðinu.
- Í þriðja lagi eru lagðar til gagngerar breytingar á 35. gr. laga um virðisaukaskatt sem kveður á um kaup á þjónustu hingað til lands, samhliða þeim tillögum sem lagðar eru til um breytingar á 12. gr. laganna. Lagt er til að greint verði á milli kaupa hjá undanþegnum aðilum, skattskyldum aðilum og öðrum aðilum, t.a.m. neytendum og öðrum félögum og samtökum sem ekki eru skráð á grunnskrá virðisaukaskatts. Þá er lögð til frekari afmörkun á þeirri rafrænu þjónustu sem seld er frá erlendum atvinnufyrirtækjum eða erlendum umboðsmönnum þeirra hingað til lands.
- Í fjórða lagi er lagt til að tímarit, dagblöð og landsmála- og héraðsfréttablöð á rafrænu formi verði færð í lægra skattþrep virðisaukaskatts líkt og gildir um sölu slíkra tímarita og blaða á pappíriformi. Horft er til leiðbeininga OECD í þessum efnum þar sem mælt er til þess að samkeppnisstaða á milli vara og þjónustu sé sem jöfnust þegar um er að ræða sambærilegt efni sem selt er út frá mismunandi miðlunaraðferðum.
- Í fimmta lagi er lagt til að þeim erlendu atvinnufyrirtækjum sem að selja innlendum aðilum hér á landi blöð og tímarit í áskrift á pappíriformi verði gert skylt að innheimta og skila virðisaukaskatti hér á landi.
- Í sjötta lagi er lagt til að gerðar verði almennar breytingar á gjaldmörkum aðflutningsgjalda á innflutningi vara. Lagt er til að gerðar verði breytingar á lögum um virðisaukaskatt og á tollalögum svo að innflutningsverðmæti á vörum undir 2.000 kr., verði undanþegið aðflutningsgjöldum, þ.m.t. virðisaukaskatti. Þó er lagt til að ákveðnar vörur sem nauðsynlegt er að skrá við innflutning falli ekki undir ákvæðið sem slíkt, þ.m.t. áfengi, tóbak og skotvopn. Þá er lagt til að ákvæðið nái til allra aðila jafnt einstaklinga sem lögaðila. Einnig er lagt til að ákvæðið nái til allra sendinga og taki jöfnum höndum til póstendinga, hraðsendinga og almennra sendinga til landsins.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Tillögur frumvarpsins voru samdar með það að leiðarljósi að efni þess samræmist stjórnarskrá. Þá hefur það jafnframt verið haft að leiðarljósi við samningu frumvarpsins að efni þess stangist ekki á við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samninginn). Efni frumvarpsins gefur því ekki tilefni til að ætla að það stangist á við stjórnarskrá eða alþjóðlegar skuldbindingar.

5. Samráð.

Frumvarpið er samið af starfshópi sem í átta sæti fulltrúar fjármála- og efnahagsráðuneytisins, ríkisskattstjóra og tollstjóra. Á meðan á vinnu starfshópsins stóð heimsótti hann starfsstöð Íslandspósts og átti fund með stjórnendum tollmiðlunar Íslandspósts. Þá átti starfshópurinn samskipti við Samtök verslunar og þjónustu og Mannvirkjastofnun. Einnig var haft samráð við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, menntamálaráðuneytið og umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Þá voru áform starfshópsins um endurskoðun á lögum og reglugerðum vegna vinnu við þriðja verkþátt vinnunnar um endurskoðun á kaupum á vörum og þjónustu erlendis frá upphaflega kynnt á fundi með samráðshópi um einfaldara virðisaukaskatts- og vörugjaldskerfi í febrúar 2016. Í samráðshópnum eiga sæti hagsmunaaðilar frá Alþýðusambandi Íslands, BHM, BSRB, Kennarasambandi Íslands, Samandi íslenskra sveitarfélaga, Félagi atvinnurekenda, Samtökum Atvinnulífsins, Samtökum aðila í ferðaþjónustu, Samtökum iðnaðarins og Samtökum verslunar og þjónustu, auk fulltrúa frá ríkisskattstjóra og tollstjóra.

6. Mat á áhrifum.

Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu á kaupum og sölu á þjónustu milli landa leiða til bættrar samkeppnishæfni innlendra aðila gagnvart erlendum aðilum og þar með jafnari samkeppnisstöðu. Með því að lögfesta hluta af alþjóðlegum meginreglum OECD á sviði virðisaukaskatts mun innlend löggjöf á sviði virðisaukaskatts í milliríkjavíðskiptum þróast í átt til aukinnar skilvirkni og jafnræðis. Að sama skapi er innleiðing reglna um gjaldmörk smásendinga til þess fallin að samræma lagaumhverfi okkar við helstu viðskiptalönd okkar erlendis.

Áhrif einstakra lagabreytinga, sem lagðar eru til í frumvarpinu, endurspeglar aukna skilvirkni og einföldun á núverandi virðisaukaskattskerfi. Í þeim tilvikum sem einstakar breytingar hafa bein áhrif á afkomu ríkissjóðs eru áhrifin neikvæð í upphafi, en þó mjög lítil í samanburði við heildartekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti. Meiru skiptir að til lengri tíma lítið má ætla að ríkissjóður verði fyrir jákvæðum áhrifum fyrir tilstuðlan tryggari og skilvirkari innheimtu virðisaukaskatts og skýrari og skilvirkari reglna til hagsbóta fyrir einstaklinga, fyrirtæki og stjórnsýslu skatt- og tollyfirvalda.

Í frumvarpinu er lögð til innleiðing á nýju einfölduðu kerfi fyrir skráningu erlendra atvinnufyrirtækja vegna skila á virðisaukaskatti hérlendis sem mun hafa í för með sér einskisþis útgjöld vegna innleiðingar slíks kerfis. Nákvæm kostnaðargreining liggur ekki fyrir en gróflega má álykta að það muni kosta ríkissjóð að lágmarki um 50 millj kr. Á móti kemur að til lengri tíma lítið mun slíkt skráningarkerfi hafa jákvæð áhrif á tekjur ríkissjóðs þar sem það mun auðvelda erlendum seljendum að standa skil á virðisaukaskatti hér á landi. Þetta atriði skiptir miklu máli, ekki síst fyrir smærri söluaðilana. Hér er ekki lagt sérstakt mat á tekjuaukann til framtíðar en í ljósi sívaxandi vinsælda netverslunar má gera ráð fyrir því að hann verði nokkur.

Áætluð tekjuáhrif á ríkissjóð vegna áforma um að rafræn útgáfa dagblaða og tímarita fari í lægra þrep virðisaukaskatts eru talin verða neikvæð um allt að 15 m.kr. á einu ári. Við matið er miðað við að einungis lítill hluti af heildarsölu dagblaða og tímarita sé á rafrænu sniði. Breytingin ætti þó einnig að hafa jákvæð áhrif með tímanum þar sem tillagan stuðlar að einföldun og aukinni skilvirkni í álagningu og innheimtu virðisaukaskatts og lækkar verð á rafrænu útgáfu.

Þá er lagt til í frumvarpinu að almenn gjaldmörk verði sett á smásendingar undir 2.000 kr. Ljóst er að hér vegast á hagsmunir neytenda, innlendar verslunar, póstumsýsluaðila og ríkissjóðs. Tillagan hefur í för með sér sparnað fyrir neytendur sem losna við að greiða gjöld af smásendingum auk þess sem afgreiðslutími smásendinga styttest. Hins vegar veikist samkeppnisstaða innlendar verslunar þegar kemur að vörum undir gjaldmörkunum. Hjá póstumsýsluaðila minnkar umsýslan og verður umtalsvert hagræði af því. Ljóst er að ríkissjóður mun verða af tekjum verði tillagan að veruleika. Erfitt er að meta nákvæmlega hve mikil tekjuskerðing ríkissjóðs yrði þar sem netverslun hefur þróast hratt undanfarið. Margir þættir hafa áhrif á kauphegðun neytenda og munu gjaldmörk á smásendingar

koma inn sem nýr áhrifaþáttur. Verð póstsendingar undir gjaldmörkunum gagnvart neytanda mun lækka og má því ætla að slíkum smásendingum fjölgi meira en ella. Það má gróflega áætla að tekjuskerðing ríkissjóðs af gjaldmörkum á smásendingar verði á bilinu 30-40 m.kr. á ári.

Athugasemdir um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að þeim erlendu atvinnufyrirtækjum og umboðsmönnum þeirra sem selja rafrænt afhenta þjónustu, fjarskiptaþjónustu eða útvarps- og sjónvarpsþjónustu til annarra en atvinnufyrirtækja hér á landi, (e. Business to Consumer - B2C), verði heimilað að skrá sig með einfaldri skráningu hér á landi vegna skila á virðisaukaskatti, (e. simplified registration). Með hugtakinu atvinnufyrirtæki er átt við fyrirtæki sem hefur með höndum atvinnurekstur, þ.e.a.s. stundar sjálfstæða starfsemi með reglubundnum hætti í vissu umfangi með þeim efnahagslega tilgangi að skila hagnaði. Um er að ræða sömu skilgreiningu á hugtakinu og notuð hefur verið í skattframkvæmd hér á landi. Með erlendum umboðsmanni er átt við aðila með heimilisfesti eða fasta starfsstöð erlendis sem kemur fram í nafni erlends atvinnufyrirtækis og hefur eftir atvikum heimild til þess að gera samninga fyrir hönd fyrirtækis við aðila hér á landi eða gegnir að jafnaði lykilhlutverki sem leiðir til samningagerðar án efnislegrar breytingar af hálfu viðkomandi erlends fyrirtækis. Um er að ræða erlenda umboðsmenn sem eru háðir erlenda félaginu og koma ekki fram innan venjulegs atvinnureksturs síns. Innlendum umboðsmanni sem er í fyrirsvari fyrir erlent atvinnufyrirtæki eða erlendan umboðsmann þess hér á landi er heimilt að skrá sig einfaldri skráningu hér á landi samkvæmt þessari grein en honum ber skylda til að innheimta virðisaukaskatt og standa skil á honum í ríkissjóð. Innlendum umboðsmaður eða annar aðili sem er í fyrirsvari fyrir erlenda félagið eða erlendan umboðsmann þess hér á landi skal bera óskipta ábyrgð, (ábyrgð in solidum) með erlenda félaginu eða umboðsmanni á skattgreiðslum vegna viðskipta hér á landi.

Sambærileg regla um einfaldað skráningarform og ívilnandi reglur vegna sölu erlendra atvinnufyrirtækja á rafrænt afhentri þjónustu, fjarskiptaþjónustu og útvarps- og sjónvarpsþjónustu hefur verið í gildi um árabil í Noregi, sbr. skráningarkerfi þeirra sem ber heitið VOES, (e. VAT on electronic services). Einnig hefur verið mikil umræða innan OECD og ESB um kosti einfaldaðs skráningarforms fyrir erlenda söluaðila vegna sölu á rafrænni þjónustu á milli landa. Markmiðið með skráningarkerfinu er að takmarka þær skattalegu kröfur sem gerðar eru til erlendra atvinnufyrirtækja vegna sölu á slíkri þjónustu til einstaklinga og þeirra aðila sem stunda ekki atvinnurekstur hér á landi með það að leiðarljósi að stuðla að betri skilum á virðisaukaskatti hjá erlendum söluaðilum vegna sölu á slíkri þjónustu hingað til lands. Jafnframt er markmiðið að einfalda skil á virðisaukaskatti hér á landi fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki erlendis (e. Small and medium-sized enterprises, SMEs).

Lagt er til að atvinnufyrirtækjum sem að skrá sig einfaldri skráningu samkvæmt ákvæðinu verði ekki heimilað að telja til innskatts kostnað af aðföngum vegna sölu á þjónustu hingað til lands, (e. the “pay-only“ supplier registration) þar sem vandkvæðum er bundið að hafa eftirlit með þeim kostnaði sem fellur til hjá erlendum aðilum sem stunda rafræna þjónustusölu hingað til lands. Sú aðferð er notuð hjá meginhluta ríkja OECD sem innleitt hafa einfaldað skráningarkerfi virðisaukaskatts í löggjöf sína. Þess ber þó að geta að erlendum atvinnufyrirtækjum verður eftir sem áður heimilt að sækja um endurgreiðslu virðisaukaskatts samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 42. gr. laganna, sbr. reglugerð nr. 288/1995, um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra fyrirtækja. Þá er lagt til að almenn veltumörk 3. tölul. 4. gr. laganna skuli ekki eiga við þegar um er að ræða skráningu erlendra atvinnufyrirtækja með einfaldri skráningu hér á landi.

Lagt er til að ívilnandi reglur gildi um uppgjör, tilhögun bókhalds og tekjuskráningu, gjalddaga, álag, kærur, form og efni sölureikninga o.fl. gagnvart þeim erlendu söluaðilum sem eru skráðir í einfalt skráningarkerfi hér á landi sem heimilt verður að kveða nánar á um í reglugerð. Ráðherra skal þannig vera heimilt að setja ívilnandi reglur fyrir erlenda söluaðila vegna þessa. Er slíkt í samræmi við norska löggjöf í þessum efnisnum sem og þá stefnumörkun sem OECD hefur lagt upp með vegna einfaldrar skráningar erlendra söluaðila á rafrænt afhentri þjónustu, fjarskiptaþjónustu og útvarps- og sjónvarpsþjónustu til annarra en atvinnufyrirtækja. Einföldun í þessu sambandi skiptir miklu máli að mati OECD til að fyrirtækjum sé ekki íþyngt úr hófi og skilvirkni skattheimtunnar verði sem mest.

Þá er lagt til að sú einfalda skráning sem um ræðir í ákvæðinu verði valkvæð fyrir erlend atvinnufyrirtæki. Af því leiðir að þau erlendu atvinnufyrirtæki sem selja rafrænt afhenta þjónustu, fjarskiptabjónustu eða útvarps- og sjónvarpsþjónustu til einstaklinga og annarra aðila en atvinnufyrirtækja hingað til lands hafi val um það hvort þau skrái sig með einfaldri skráningu samkvæmt ákvæðinu eða með venjubundnum hætti samkvæmt 5. gr. laga nr. 50/1988. Ef að erlent atvinnufyrirtæki er aftur á móti skyldugt til þess að innheimta og skila virðisaukaskatti af öðrum þjónustuliðum en rafrænni þjónustu hér á landi er seljandanum þó ekki heimilt að óska eftir einfaldri skráningu hér á landi. Erlendu atvinnufyrirtæki ber þá að skrá sig á grunnskrá virðisaukaskatts og standa skil á virðisaukaskatti hér á landi með almennum hætti.

Einnig er lagt til að ákvæðið taki jafnframt til erlendra atvinnufyrirtækja sem selja blöð og tímarit á pappírformi í áskrift til aðila hér á landi. Þannig er lagt til að þeim verði heimilað að skrá sig einfaldri skráningu hér á landi líkt og erlendum atvinnufyrirtækjum sem selja hingað til lands rafrænt afhenta þjónustu o.fl. Með breytingu á 34. gr. laganna, sem lögð er til í 4. gr. frumvarps þessa, verður þessum aðilum gert skylt að skrá sig hér á landi og innheimta og skila virðisaukaskatti af sölunni á Íslandi.

Um 2. gr.

Með greininni er í fyrsta lagi lagt til að nógildandi 2. tölul. 1. mgr. ákvæðisins verði felldur undir 1. tölul. þess. Ekki er um efnisbreytingu að ræða en markmiðið er að skýrari aðgreining verði á milli annars vegar útflutnings og fólks- og vöruflutninga milli landa og hins vegar vinnu og þjónustu sem veitt er erlendis, sbr. 2. tölul. 1. mgr. í frumvarpi þessu.

Í öðru lagi eru lagðar til breytingar á 2. tölul. 1. mgr. ákvæðisins til samræmis við alþjóðlegar leiðbeiningarreglur OECD um álagningu virðisaukaskatts í alþjóðlegum þjónustuviðskiptum. Lagt er til að skýrt verði kveðið svo á að vinna og þjónusta sem veitt er erlendis teljist vera nýtt erlendis og teljist því ekki til skattskyldrar veltu hér á landi samkvæmt ákvæðinu. Með ákvæðinu er lagt til að fjarlægðarreglan (e. destination principle) verði ráðandi við mat á því hvar skattlagning þjónustu í milliríkjavíðskiptum eigi sér stað.

Í 1. mgr. 2. tölul. 1. mgr. ákvæðisins er fjallað um sölu til atvinnufyrirtækja erlendis (e. B2B). Í ákvæðinu er lagt til að greint verði á milli sölu á þjónustu til atvinnufyrirtækja og annarra aðila sem hafa ekki með höndum atvinnurekstur. Sala innlands aðila á þjónustu frá Íslandi sem veitt er til atvinnufyrirtækis með heimilisfesti eða fasta starfsstöð erlendis og seld frá Íslandi til erlenda atvinnufyrirtækisins telst því samkvæmt ákvæðinu vera nýtt erlendis og þar með skattskyld erlendis. Við mat á því hvar þjónustan teljist vera veitt erlendis þegar sala á sér stað til erlendra atvinnufyrirtækja skal miðað við hvort um er að ræða sölu til eins aðila (e. Single location entity) eða fyrirtækjasamsteypu (e. Multiple location entity), sbr. 5. gr. frumvarpsins og leiðbeiningarreglur OECD í þessum efnum. Ef kaupandi þjónustunnar er einn aðili er nýting þjónustunnar og þar með skattskyldan ávallt miðað við heimilisfesti eða fasta starfsstöð kaupanda. Ef kaupandi þjónustunnar er aftur á móti hluti af fyrirtækjasamstæðu sem hefur starfsstöðvar í fleiri en einu ríki skal þjónustan teljast vera veitt í því ríki sem móttækur undirliggjandi þjónustubætti hverju sinni, (e. Direct delivery approach), sbr. leiðbeiningarreglur OECD. Þjónustan telst þá vera nýtt í því ríki sem tekur á móti undirliggjandi þjónustubáttum, sbr. leiðbeiningarreglur OECD. Um skilgreiningu á hugtakinu atvinnufyrirtæki í þessu sambandi vísast til athugasemda við 1. gr. frumvarps þessa en undir hugtakið í ákvæði þessu falla hvort tveggja þau fyrirtæki sem teljast vera virðisaukaskattsskyld hér á landi og fyrirtæki sem eru undanþegin virðisaukaskatti hér á landi, t.a.m., fjármálafyrirtæki, tryggingarfélag o.fl. Um skilgreiningu á hugtakinu „samstæða“ vísast til 2. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga.

Við mat á því hvort sala eigi sér stað til atvinnufyrirtækis eða ekki skal m.a. litið til opinberra upplýsinga um kaupanda þjónustunnar og önnur atriði sem varpað getað ljósi á það hvort hinn erlendi aðili teljist vera skráð atvinnufyrirtæki eða ekki. Opinber gögn líkt og virkt virðisaukaskattsnúmer, skráning í fyrirtækjaskrá erlendis, heimasíða kaupanda, ársreikningur o.fl., geta t.a.m. varpað skýru ljósi á það hvort að kaupandi sé atvinnufyrirtæki sem hefur með höndum raunverulega atvinnustarfsemi erlendis. Einnig geta viðskiptasamningar (e. Business Agreements), reikningar, greiðslukvittanir o.fl., verið leiðbeinandi fyrir seljenda, kaupanda og skattyfirvöld við mat á eðli þeirrar þjónustu sem um ræðir og þeim aðilum sem falla undir þjónustuviðskiptin hverju sinni. Sem dæmi má nefna að sala á lögfræðiþjónustu eða ráðgjafabjónustu frá Íslandi til fjármálafyrirtækis sem

er heimilisfast erlendis eða með útibú eða fasta starfsstöð erlendis telst vera veitt erlendis samkvæmt ákvæðinu og þar með nýtt erlendis. Afhendingarstaður þjónustunnar telst þá vera erlendis.

Þá kemur fram í 1. og 2. másl. 1. mgr. 2. tölul. að málsgreinin eigi aðeins við þegar þjónusta er seld frá Íslandi til atvinnufyrirtækis sem hvorki er heimilisfast hér á landi né stundar hér atvinnustarfsemi frá fastri starfsstöð. Ekki er því um það að ræða að sala á þjónustu frá innlendu atvinnufyrirtæki til atvinnufyrirtækis með heimilisfesti eða fasta starfsstöð erlendis teljist vera veitt erlendis og þar með nýtt erlendis og undanþegin virðisaukaskatti samkvæmt ákvæðinu ef sala á þjónustunni á sér stað hér á landi og er raunverulega nýtt á Íslandi en ekki seld frá landinu. Ákvæðinu er þannig eingöngu ætlað að ná yfir svokallaða fjarsölu á milli seljanda frá Íslandi til kaupanda með heimilisfesti erlendis. Sem dæmi um þetta má nefna ef atvinnufyrirtæki með heimilisfesti erlendis kaupir hér á landi gistipjónustu, þjónustu frá bílaleigum eða aðra þjónustu sem sannanlega er nýtt er hér á landi. Slík þjónusta skal ávallt teljast skattskyld hér á landi þrátt fyrir að atvinnufyrirtækið sé með heimilisfesti eða fasta starfsstöð erlendis. Það sama á við þegar rafrænt afhent þjónusta, fjarskiptapjónusta og útvarps- og sjónvarpsþjónusta er veitt hér á landi til atvinnufyrirtækis með heimilisfesti erlendis og þjónustan er raunverulega nýtt hér á landi á sama tíma af atvinnufyrirtækinu. Sem dæmi um slíka þjónustu má nefna hugbúnaðarþjónustu (e. software services), svæði þar sem hægt er að komast hindrunarlaust í samband við Internetið á tölvu eða snallsíma (e. Wi-Fi hot spots), kaffihús með internetsambandi (e. Internet cafés) eða sambærilega staði þar sem kaupandi þjónustunnar þarf að vera viðstaddur á sama tíma og þjónustan er afhent honum. Í slíkum tilvikum ber að skattleggja þjónustuna hér á landi. Í 3. mgr. 2. tölul. 1. mgr., sem tekur til sölu til annarra en atvinnufyrirtækja, er skýrt tiltekið að þjónusta sem þannig er raunverulega nýtt hérlendis sé skattskyld hér á landi. Atvinnufyrirtækið getur þó þegar að svo ber undir og að uppfylltum skilyrðum reglugerðar nr. 288/1995, um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra fyrirtækja fengið endurgreiddan þann virðisaukaskatt sem það hefur greitt vegna kaupa á þjónustu hér á landi til atvinnustarfsemi sinnar erlendis. Í 1. mgr. 2. tölul. 1. mgr. kemur jafnframt fram að atvinnufyrirtækið þ.e. kaupandi þjónustunnar skuli ekki hafa heimilisfesti hér á landi né reka atvinnustarfsemi héðan frá fasti starfsstöð. Með hugtakinu „heimilisfesti“ er átt við svokallaða skattalega heimilisfesti líkt og hugtakið hefur verið skilgreint í skattframkvæmd. Hugtakið „föst starfsstöð“ atvinnufyrirtækis skal vera skilgreint til samræmis við skilgreiningu hugtaksins í 3. gr. a, í lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, sbr. lög um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum o.fl.⁹

Í 2. mgr. 2. tölul. 1. mgr. er kveðið á um sölu til annarra aðila en atvinnufyrirtækja (e. B2C). Í málsgreininni er kveðið svo á að tiltekin þjónusta í staflíðum a-j sem veitt er til aðila sem falla ekki undir hugtakið „atvinnufyrirtæki“ í 1. mgr. 2. tölul. (e. B2C) teljist vera veitt og nýtt erlendis þegar hún er seld frá Íslandi til aðila sem hafa ekki heimilisfesti, lögheimili, varanlega búsetu eða dveljast ekki að jafnaði hér á landi. Um er að ræða svokallaða fjarsölu á tilgreindri þjónustu frá Íslandi til aðila búsettra erlendis. Þar sem oft á tíðum er erfitt að festa hendur á þeirri þjónustu sem fellur undir staflíði málsgreinarinnar er lagt til að umrædd þjónusta sé sérstaklega tilgreind sem þjónusta sem teljist vera undanþegin skattskyldri veltu þegar hún er veitt til annarra aðila en atvinnufyrirtækja samkvæmt 1. mgr. sem eru með heimilisfesti, lögheimili, varanlega búsetu eða dveljast að jafnaði erlendis. Tilgreining á þeim þjónustuliðum sem falla undir staflíði a-j er að meginstefnu í samræmi við ákvæði virðisaukaskattstilskipunar ESB er lýtur að sölu á sambærilegum þjónustuliðum frá ESB til annarra en atvinnufyrirtækja utan sambandsins, þ.e. til svokallaðra „þriðju ríkja“ líkt og til Íslands. Samkvæmt henni ber að skattleggja umrædda þjónustuliði í því landi þar sem kaupandi þjónustunnar hefur heimilisfesti. Málsgreinin er einnig í samræmi við leiðbeiningarreglur OECD í milliríkjaviðskiptum og fjarlægðarregluna þar sem þjónusta sem seld er í fjarsölu telst vera nýtt og þar með skattlögð þar sem kaupandi þjónustunnar hefur búsetu. Sem dæmi má nefna ráðgjafapjónustu, lögfræðiþjónustu, sölu á kvikmyndum, tónlist, hugbúnaði o.fl. á rafrænu formi, sem selt er frá atvinnufyrirtæki hér á landi til einstaklings, félagasamtaka eða annars aðila með heimilisfesti erlendis sem telst ekki vera atvinnufyrirtæki samkvæmt 1. mgr. 2. tölul. ákvæðisins. Skattlagningarréttur þjónustunnar skal þá vera í ríki kaupandans erlendis. Ef svo ber undir að kaupandi þjónustunnar hefur bæði heimilisfesti hér á landi og erlendis eða hefur t.a.m. skráð lögheimili erlendis en dvelur að jafnaði eða hefur varanlega

⁹ Mál 787, aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum o.fl., þingskjal 1820, 145. löggjafarþing, útbýtt 13.10.2016 lög (samhlj.).

búsetu hér á landi skal taka mið af því hvar raunveruleg nýting þjónustunnar fer fram við mat á því hvort að þjónusta teljist vera veitt og þar með skattlögð hér á landi eða erlendis.

Í ákvæði 2. mgr. 2. tölul. er sérstaklega tekið fram í a-c liðum að rafrænt afhent þjónusta, fjarskiptaþjónusta og útvarps- og sjónvarpsþjónusta skuli vera undanþegin skattskyldri veltu þegar slík þjónusta er seld frá Íslandi til annarra aðila en atvinnufyrirtækja samkvæmt 1. mgr. 2. tölul. Þar sem oft á tíðum er erfitt að henda reiður á hvar slík þjónusta telst vera nýtt skal meginreglan vera sú að skattlagningarstaður slíkrar þjónustu og nýting hennar skal ákvörðuð samkvæmt heimilisfesti og búsetu kaupanda. Ef slík þjónusta er aftur á móti afhent hér á landi og nýtt hér á landi á ákveðnum stað af kaupanda þjónustunnar skal skattleggja þjónustuna hér á landi. Sem dæmi má nefna að ef einstaklingur sem búsettur er erlendis kemur hingað til lands og greiðir fyrir þráðlausa internetþjónustu sem hann nýtir hér á landi skal miða við að þjónustan hafi verið afhent hér á landi og ber því að skattleggja þjónustuna hér á landi, sbr. 3. mgr. 2. tölul. 1. mgr.

Í ákvæði 2. mgr. 2. tölul. er skilgreint með nákvæmum hætti hvað fellur undir hugtökin rafrænt afhent þjónusta, fjarskiptaþjónusta og útvarps- og sjónvarpsþjónusta. Til að fyrirbyggja tvísköttun og eftir atvikum enga skattlagningu í milliríkjavíðskiptum vegna sölu þessarar þjónustu er lagt til að hugtökin verði skilgreind með sama hætti og gert er í regluverki ESB, sbr. tilskipun Evrópusambandsins nr. 2006/112/EB¹⁰, reglugerð nr. 282/2011/EB¹¹ og tilskipun nr. 2010/13/EB¹² þar að lútandi. Sambærileg leið hefur verið farin í Noregi þar sem hugtakið rafrænt afhent þjónusta er skilgreint í löggjöf og vísað til þess að skilgreina skuli hugtakið til samræmis við regluverk ESB. Hugtakið er síðan nánar skilgreint af þar til bærum skattyfirvöldum í Noregi. Sem dæmi í þessu sambandi um rafrænt afhenta þjónustu má nefna niðurhal á hugbúnaði og afhending tónlistar, kvikmynda, rafrænna bóka og annarra útgáfa á rafrænu formi. Undir hugtakið útvarps- og sjónvarpsþjónusta falla m.a. útvarps- og sjónvarpsþættir sem miðlað er til almennings um samskiptamiðla í rauntíma samkvæmt ákveðinni dagskrá á ritstjórnarlegri ábyrgð viðkomandi fjölmiðils. Með ákvæðinu er þannig lagt til að framangreind hugtök verði skilgreind í lögum um virðisaukaskatt og eftir atvikum verði nánari útfærslu á þeim að finna í reglugerð. Ekki er því lagt til að taka skuli mið af lögum nr. 30/2002 um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu við skilgreiningu á framangreindum hugtökum enda er þar sérstaklega tekið fram í 2. mgr. þeirra laga að lögin gildi ekki um rafræna þjónustu sem snerta skattamálefni.

Ef ekki kemur skýrt fram í upphafi viðskipta milli seljanda og kaupanda hvar kaupandi þjónustunnar hefur heimilisfesti eða búsetu þegar um er að ræða rafrænt afhenta þjónustu, fjarskiptaþjónustu eða útvarps- og sjónvarpsþjónustu skal seljanda þjónustunnar vera heimilt að ákvarða heimilisfesti kaupanda samkvæmt tveimur áreiðanlegustu forsendunum sem seljandi hefur undir höndum um kaupanda þjónustunnar. Þessir þættir mega hins vegar ekki stangast á og verða báðir þættirnir að sýna með ótvíræðum hætti fram á landfræðilega staðsetningu kaupanda. Slíkir ákvörðunarþættir geta m.a. verið: a) skráð heimilisfang á reikningi, b) föst IP tala (e. Internet Protocol) eða önnur aðferð sem sýnt getur fram á landfræðilega staðsetningu kaupanda, c) bankaupplýsingar, t.a.m. staðsetning fjármálafyrirtækis eða upplýsingar um bankareikning, d) upplýsingar af símkorti, e) upplýsingar samkvæmt þeirri landlínu þar sem þjónustan er veitt og f) aðrar viðskiptalegar upplýsingar um kaupanda svo sem greiðslufyrirkomulag og viðskiptasaga kaupanda. Um er að ræða sambærilega nálgun og notuð er innan ESB við mat á heimilisfesti kaupanda þegar um er að ræða rafræna þjónustusölu milli aðildarríkja sambandsins.

Í 3. mgr. 2. tölul., kemur fram að þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 2. tölul., skuli þjónusta sem seld er til annarra en atvinnufyrirtækja (e. B2C) ávallt teljast vera veitt hér á landi og þar með skattskyld hér á landi ef hún er raunverulega nýtt á Íslandi burt séð frá því hvort kaupandi þjónustunnar er með búsetu eða heimilisfesti erlendis. Sem dæmi má nefna sölu þjónustu sem er nýtt hér á landi á tilteknum stað á

¹⁰ e. Council Directive 2006/112/EC of 28 November 2006 on the common system of value added tax.

¹¹ e. Council Implementing Regulation (EU) No 282/2011 of 15 March 2011, laying down implementing measures for Directive 2006/112/EC on the common system of value added tax. (Sjá í þessu sambandi 7. gr. reglugerðarinnar um rafrænt afhenta þjónustu).

¹² e. Directive 2010/13/EU of the European Parliament and of the Council of 10 March 2010, on the coordination of certain provisions laid down by law, regulation or administrative action in Member States concerning the provision of audiovisual media services (Audiovisual Media Services Directive).

sama tíma og hún er veitt, (e. on-the-spot supplies), sbr. alþjóðlegar leiðbeiningarreglur OECD í þessum efnunum. Um er að ræða þjónustu sem háð er viðveru bæði seljanda og kaupanda þegar þjónustan er nýtt. Sem dæmi um þjónustu sem fellur hér undir má nefna hárgreiðslu, snyrtiþjónustu, veitingaþjónustu, gistiþjónustu, aðgang að þráðlausu neti o.s.frv.

Ákvæði 3. máls. 1. tölul. var bætt við lögin með g-lið 1. gr. laga nr. 124/2014 þar sem kveðið var á um að þjónusta ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda telst vera veitt utan Íslands samkvæmt ákvæðinu að því leyti sem hún varðar fólksflutninga milli landa og vörur eða þjónustu sem ferðamaður nýtir utan Íslands. Ekki eru lagðar til efnisbreytingar á ákvæðinu en lagt er til að það verði fært í 4. mgr. 2. tölul. 1. mgr. til aðgreiningar.

Í 5. mgr. 2. tölul. er með sama hætti ekki lögð til efnisbreyting á ákvæði gildandi ákvæði c-liðs 10. tölul. 1. mgr. þar sem fram kemur m.a. að vinna eða þjónusta sem varðar lausafjármuni eða fasteignir hér á landi teljist ávallt veitt hér á landi. Það sama gildir um þjónustu sem veitt er í tengslum við menningarstarfsemi, listastarfsemi, íþróttastarfsemi, kennslustarfsemi og aðra hliðstæða starfsemi sem fram fer hér á landi og undanþegin er skattskyldu skv. 3. mgr. 2. gr. laganna.

Í c. lið er lagt til að 10. tölul. 1. mgr. falli brott og að meginhluti hans verði færður í nýjan tölulið, 2. tölul. 1. mgr. Þó er lagt til að núgildandi h. liður 10. tölul., verði felldur brott og að inn komi nýr stafliður er kveður á um að þjónusta banka, fjármála- og tryggingarfélag, þ.m.t. endurtryggingar, þó ekki leiga á bankahólfum hér á landi, verði undanþegin skattskyldri veltu þegar um er að ræða sölu á þjónustu til annarra en atvinnufyrirtækja með heimilisfesti erlendis. Breytingin er í samræmi við ákvæði virðisaukaskattstilskipunar ESB nr. 2006/112/EB, sbr. e. liður 59. gr. tilskipunarinnar.

Lagt er til í d. lið að ráðherra geti með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar, þ.m.t. um nánari skilgreiningu á hugtökum, svo sem rafrænt afhentri þjónustu, fjarskiptaþjónustu, útvarps- og sjónvarpsþjónustu og um skattlagningarstað þjónustu sem veitt er til atvinnufyrirtækja, einstaklinga og annarra aðila.

Um 3. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að sala á rafrænum útgáfum tímarita, dagblaða og landsmála- og héraðsfréttablaða falli í lægra skattþrep virðisaukaskatts og beri sama virðisaukaskatt og tímarit, dagblöð og landsmála- og héraðsfréttablöð á pappír. Gert er ráð fyrir að rafræn útgáfa af þessum toga sé að meginefni til sambærileg og pappírsútgáfa þeirra og að munurinn felist því fyrst og fremst í miðlunaraðferðinni sem slíkri. Með rafrænni útgáfu er átt við að afhending þeirra tímarita, dagblaða og landsmála- og héraðsfréttablaða sem falla undir ákvæðið fari fram í formi rafrænnar þjónustu hvort sem um er að ræða niðurhal á vefnum, vefáskrift, o.þ.h. Sala á rafrænni útgáfu tímarita, dagblaða og landsmála- og héraðsfréttablaða þarf að vera skýrt afmörkuð frá annarri rafrænt afhentri þjónustu hjá seljendum slíkra þjónustupátta.

Um 4. gr.

Lagt er til að erlendum atvinnufyrirtækjum sem selja hingað til lands í áskrift blöð og tímarit á pappírformi verði gert skylt að innheimta og skila virðisaukaskatti af þeirri sölu hér á landi að því gefnu að 3. tölul. 4. gr. laganna um veltumörk eigi ekki við. Í dag er í gildi reglugerð nr. 336/1993 um innheimtu virðisaukaskatts af blöðum og tímaritum sem send eru í áskrift erlendis frá í pósti. Samkvæmt reglugerðinni hvílir sú skylda á kaupanda að skila virðisaukaskatti af slíkum kaupum hér á landi. Fyrir liggur að fáir aðilar greiða virðisaukaskatt af slíkum kaupum hér á landi. Reglugerðin var sett með stoð í lögum um virðisaukaskatt og þágildandi tollalögum nr. 55/1987, en lagastoð samkvæmt núgildandi tollalögum nr. 88/2005 virðist ekki vera nægjanlega skýr. Þá liggur fyrir að innlendum aðilum hér á landi ber að leggja á virðisaukaskatt og innheimta vegna sölu á blöðum og tímaritum í áskrift til innlendra aðila hér á landi. Að þessu virtu er breyting þessi lögð til. Þá er lagt til að erlendum atvinnufyrirtækjum í þessari starfsemi verði heimilað að skrá sig með einfaldri skráningu hér á landi, sbr. 1. gr. frumvarps þessa. Áréttu ber að erlendir seljendur blaða og tímarita á rafrænu formi hingað til lands hafa verið og verða áfram skattskyldir hér á landi vegna þeirrar sölu hingað til lands.

Um 5. gr.

Þær breytingar sem lagðar eru til á ákvæðinu endurspeglar þær breytingar sem lagðar eru til á 12. gr. laganna í 2. gr. frumvarps þessa. Lagt er til að fjarlægðarreglan (e. destination principle) verði grundvöllur skattlagningar þegar um er að ræða kaup á þjónustu frá atvinnufyrirtækjum erlendis frá.

Með 1. mgr. er kveðið á um að þeir aðilar sem eru undanþegnir virðisaukaskatti samkvæmt 3. mgr. 2. gr. laganna skuli greiða virðisaukaskatt af aðkeyptri þjónustu sem fellur undir skattskyldusvið laganna og keypt er til starfseminnar frá atvinnufyrirtæki með heimilisfesti eða frá fastri starfsstöð erlendis. Vísað er til athugasemda um 2. gr., frumvarpsins vegna skilgreiningar á hugtökunum „atvinnufyrirtæki“, „heimilisfesti“, og „föst starfsstöð“. Ákvæðið endurspeglar þannig 2. gr. frumvarpsins. Í ákvæðinu felst að t.a.m. fjármálafyrirtækjum, tryggingarfélögum og öðrum undanþegnum aðilum sem kaupa hingað til lands þjónustu sem fellur undir skattskyldusvið laga þessara frá atvinnufyrirtækjum erlendis frá beri að skila virðisaukaskatti af kaupunum, þ.m.t. vegna kaupa á rafrænt afhentri þjónustu, fjarskiptajónustu og útarvs- og sjónvarpsþjónustu erlendis frá, sem og annarri þjónustu, enda teljist þjónustan vera nýtt hér á landi samkvæmt fjarlægðarreglunni. Sem dæmi má nefna að ef fjármálafyrirtæki eða tryggingarfélag með heimilisfesti hér á landi kaupir hugbúnaðarþjónustu erlendis frá ber því að standa skil á virðisaukaskatti af kaupunum hér á landi.

Með lögum nr. 121/2011 um breytingu á 35. gr. laga nr. 50/1988 var erlendum aðilum með heimilisfesti eða fasta starfsstöð erlendis gert skylt að skrá sig á grunnskrá virðisaukaskatts hér á landi, innheimta og skila virðisaukaskatti vegna sölu á rafrænt afhentri þjónustu til aðila sem ekki eru skráðir á grunnskrá virðisaukaskatts hér á landi. Með úrskurði yfirskattanefndar í máli nr. 159/2015 var m.a. komist að þeirri niðurstöðu að fjármálafyrirtæki sem keypti rafrænt afhenta þjónustu eftir gildistöku ákvæðisins væri ekki skilaskyld vegna kaupa á slíkri þjónustu hér á landi þar sem að skyldan til að skila virðisaukaskatti lægi alfarið hjá erlendum seljanda þjónustunnar. Í 1. mgr. er m.a. brugðist við þessari niðurstöðu með því að leggja til að undanþegnir aðilar verði ávallt skilaskyldir af allri aðkeyptri þjónustu erlendis frá, sem fellur undir skattskyldusvið laga þessara, en ekki hin erlendu atvinnufyrirtæki. Um er að ræða öfuga skilaskyldu virðisaukaskatts (e. „reverse charge mechanism“), þ.e. að kaupandi þjónustunnar er skyldugur til þess að skila virðisaukaskatti af aðkeyptri þjónustu erlendis frá í ríkissjóð en ekki seljandi þjónustunnar.

Fyrir liggur að undanþegnir aðilar, t.a.m. fjármálafyrirtæki, tryggingarfélög og söfn geta jafnframt haft með höndum skattskylda starfsemi. Þegar svo ber undir er talað um að aðilar viðhafi svokallaða „blandaða starfsemi“, þ.e. að starfsemin sé að hluta til skattskyld til virðisaukaskatts en að hluta til undanþegin virðisaukaskatti. Ef að svo ber undir ber að meta það í hverju tilviki fyrir sig hvort aðkeypt þjónusta undanþegins aðila á þjónustu frá atvinnufyrirtæki erlendis frá varði undanþegna starfsemi hins undanþegna aðila eða ekki. Undanþeginn aðili skal ávallt bera sönnur fyrir því að aðkeypt þjónusta erlendis frá varði eingöngu skattskyldan hluta starfsemi hans og að honum sé heimilt að telja umrædd þjónustukaup til innskatts, sbr. 2. mgr. ákvæðisins. Skulu ótvíræð gögn liggja til grundvallar þeirri heimild undanþegins aðila í blandaðri starfsemi að halda kaupum á þjónustu erlendis frá utan virðisaukaskatts. Slík gögn geta t.a.m. verið viðskiptasamningar milli kaupanda og seljanda sem að sýna með ótvíræðum hætti fram á skiptingu umræddra þjónustukaupa milli undanþeginnar og skattskyldrar starfsemi hins undanþegna aðila. Þá skal við framangreint mat líta til almennra reglna sem gilda um blandaða starfsemi og virðisaukaskatt, sbr. 2. og 4. mgr. 16. gr. laga um virðisaukaskatt við mat á því hvort að skattskylda sé til staðar samkvæmt 1. mgr. ákvæðisins.

Við beitingu ákvæðisins er einnig lagt til í samræmi við leiðbeiningarreglur OECD að greint sé á milli kaupa og skattskyldu undanþeginna aðila hér á landi erlendis frá eftir því hvort undanþeginn aðili sé einn aðili (e. Single location entity) eða hluti af fyrirtækjasamsteypu (e. Multiple location entity). Um skilgreiningu á hugtakinu „samstæða“ vísast til 2. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Ef kaupandi þjónustunnar er einn aðili er nýting þjónustunnar og þar með skattskyldan ávallt miðuð við heimilisfesti eða fasta starfsstöð kaupanda. Samkvæmt því ber t.d. að skattleggja þjónustuna hér á landi ef kaupandi er fjármálafyrirtæki með heimilisfesti á Íslandi. Ef kaupandi þjónustunnar er aftur á móti hluti af fyrirtækjasamsteypu sem hefur starfsstöðvar í fleiri en einu ríki ber að ákvarða nýtingu þjónustunnar og þar með skattskylduna út frá því hvaða aðili innan fyrirtækjasamsteypunnar er talinn nýta undirliggjandi þjónustuþætti sem afhentir eru hverju sinni. Þegar þannig háttar til telst þjónustan nýtt hjá þeim aðila innan samsteypunnar sem móttækur þá þjónustu sem afhent er (e. Direct delivery approach), sbr. leiðbeiningarreglur OECD. Við könnun á því

hvaða aðili móttækur þjónustuna hverju sinni ber jafnframt að líta til undirliggjandi viðskiptasamnings aðila. Af þessu leiðir að ef undanþegnir aðilar hér á landi bæði félag, útibú og aðrir sem eru t.a.m. hluti af fyrirtækjasamsteypu og sem reka hér á landi fasta starfsstöð fá afhenta þjónustu frá atvinnufyrirtæki erlendis skulu þeir vera skattskyldir hér á landi samkvæmt málsgreininni. Sem dæmi má nefna að ef útibú fjármálafyrirtækis er staðsett hér á landi og útibúinu er afhent þjónusta út frá undirliggjandi viðskiptasamningi skal skattleggja þjónustuna hér á landi.

Í 2. mgr. sem er að mestu leyti í samræmi við gildandi ákvæði 2. mgr. 35. gr. laganna er kveðið á um að virðisaukaskattsskyldir aðilar skuli greiða virðisaukaskatt til ríkissjóðs af aðkeyptri þjónustu erlendis frá að því leyti sem þeim er ekki heimilt að telja virðisaukaskatt af þjónustunni til innskatts. Í greininni er tilgreint sérstaklega að ákvæðið nái einnig til útibúa og fastra starfsstöðva atvinnufyrirtækja erlendis. Um er að ræða öfuga skilaskyldu virðisaukaskatts þar sem skattskyldan er lögð á herðar kaupanda þjónustunnar en þó aðeins af þeim hluta þjónustukaupanna sem virðisaukaskattsskyldum aðila er ekki heimilt að telja til innskatts samkvæmt lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Sú þjónusta sem fellur t.a.m. undir 3. mgr. 16. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt og ekki er heimilt að telja til innskatts er þannig skattskyld samkvæmt ákvæðinu. Með sama hætti og fram kemur í athugasemdum um 1. mgr. ákvæðisins skal við kaup þjónustunnar horft til þess hvort virðisaukaskattskyldur kaupandi þjónustunnar sé einn aðili eða hluti af fyrirtækjasamsteypu.

Í 3. mgr. kemur fram að aðrir en atvinnufyrirtæki sem kaupa þjónustu erlendis frá sem fellur undir staflíði d-j, í 2. mgr. 2. tölul., 12. gr. skuli greiða virðisaukaskatt af slíkum kaupum hér á landi þó að því gefnu að kaup þjónustunnar nemi hærri fjárhæð en 10.000 kr., á hverju almennu uppgjörstímabili virðisaukaskatts. Slík regla um ákveðin fjárhæðarmörk er einnig í gildi í Noregi vegna kaupa á sambærilegum þjónustubáttum til Noregs. Undir ákvæðið falla þannig einstaklingar og þeir aðilar aðrir sem stunda ekki atvinnurekstur eða starfsemi í hagnaðarskyni hér á landi, svo sem stofnanir og aðrir opinberir aðilar sem ekki eru í beinni samkeppni við atvinnufyrirtæki og eru því ekki skattskyldir hér á landi. Einstaklingum og öðrum aðilum sem falla undir þessa málsgrein ber því að standa skil á virðisaukaskatti af þeirri þjónustu sem fellur undir málsgreinina samkvæmt sérstakri skýrslu til ríkisskattstjóra. Sem dæmi má nefna að ef aðili annar en atvinnufyrirtæki með heimilisfesti hér á landi kaupir þjónustu í formi atvinnumiðlunar frá atvinnufyrirtæki erlendis ber honum að standa skil á virðisaukaskatti af þjónustunni hér á landi að því gefnu að kaup þjónustunnar nemi hærri fjárhæð en 10.000 kr., á hverju almennu uppgjörstímabili virðisaukaskatts. Um öfuga skattskyldu er að ræða líkt og gildir í 1. og 2. mgr. ákvæðisins. Skilaskyldan skal ekki eiga við þegar þeir aðilar sem falla undir málsgreinina kaupa rafrænt afhenta þjónustu erlendis frá, fjarskiptaþjónustu eða útvarps- og sjónvarpsþjónustu en skilaskylda virðisaukaskatts í þeim tilvikum liggur hjá hinu erlenda atvinnufyrirtæki, sbr. 5. mgr. ákvæðisins.

Í 4. mgr. ákvæðisins er lagt til að greiðsluskylda samkvæmt 1.-3. mgr. skuli ekki eiga við ef erlenda atvinnufyrirtækið er skráð á grunnskrá virðisaukaskatts hér á landi vegna starfsemi þess eða ef umboðsmaður eða annar aðili sem er í fyrirsvari fyrir erlenda félagið er skráður á grunnskrá virðisaukaskatts vegna starfsemi þess hér á landi. Þegar að svo háttar til ber erlenda atvinnufyrirtækinu eða eftir atvikum umboðsmanni þess að skrá sig hér á landi, innheimta virðisaukaskatt og skila honum í ríkissjóð, sbr. II. og IX. kafli laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Umboðsmaður eða annar aðili sem er í fyrirsvari fyrir erlenda félagið eða erlendan umboðsmann þess hér á landi skal bera óskipta ábyrgð, (ábyrgð in solidum) með erlenda félaginu eða eftir atvikum umboðsmanni á skattgreiðslum vegna viðskipta þess hér á landi.

Í 5. mgr. er lagt til að erlendum atvinnufyrirtækjum og umboðsmönnum þeirra með heimilisfesti eða fasta starfsstöð erlendis sem selja rafrænt afhenta þjónustu, fjarskiptaþjónustu eða útvarps- og sjónvarpsþjónustu til einstaklinga, opinberra aðila, félagasamtaka og annarra sem hafa ekki með höndum atvinnurekstur hér á landi og teljast þannig ekki atvinnufyrirtæki í skilningi ákvæðisins skuli innheimta og skila virðisaukaskatti af þeirri þjónustu hér á landi. Þá er lagt til að þeir þjónustubættir sem að falla undir málsgreinina verði auk rafrænt afhentrar þjónustu, fjarskiptaþjónusta og útvarps- og sjónvarpsþjónusta. Sambærileg nálgun er til staðar í virðisaukaskattslöggjöfnni í Noregi þar sem þessir þjónustubættir eru tilgreindir sérstaklega sem þjónusta sem erlendum atvinnufyrirtækjum ber að skila virðisaukaskatti af þar í landi þegar sala á sér stað til annarra en atvinnufyrirtækja. Lagt er til að sama viðmið gildi hér á landi. Sömu viðmið og koma fram í athugasemdum um 2. gr. skulu höfð til hliðsjónar fyrir erlend atvinnufyrirtæki við mat á því hvort um sé að ræða innlent atvinnufyrirtæki hér

á landi í sem hefur með höndum „atvinnustarfsemi“ hér á landi eða ekki. Þeir kaupendur sem um ræðir eru þeir aðilar sem falla undir 3. mgr. ákvæðisins, þ.e. einstaklingar, opinberir aðilar, félagasamtök og aðrir þeir aðilar sem hafa ekki með höndum atvinnurekstur hér á landi og teljast ekki atvinnufyrirtæki í skilningi laganna.

Oft er um það að ræða að erlend atvinnufyrirtæki selji þjónustu sína í gegnum erlenda umboðsmenn eða milligönguaðila. Sem dæmi má nefna sölu í gegnum stýrikerfi (e. platforms) sem koma fram sem umboðsmenn eða milligönguaðilar hins erlenda atvinnufyrirtækisins. Með erlendum umboðsmanni og milligönguaðila er átt við aðila sem hefur heimilisfesti eða fasta starfsstöð erlendis og hefur eftir atvikum heimild til þess að gera samninga fyrir hönd fyrirtækis við aðila hér á landi eða gegnir að jafnaði lykilhlutverki sem leiðir til samningagerðir án efnislegrar breytingar af hálfu viðkomandi erlends fyrirtækis, sbr. athugasemdir við 1. gr. frumvarps þessa. Þegar svo ber undir ber umboðsmanni líkt og erlenda atvinnufyrirtækinu að skrá sig á grunnskrá virðisaukaskatts og skila virðisaukaskatti hér á landi. Ef um er að ræða innlendan umboðsmann erlends atvinnufyrirtækis eða erlends umboðsmanns þess sem kemur fram í nafni hins erlenda atvinnufyrirtækis skal innlendi umboðsmaðurinn bera óskipta ábyrgð, (ábyrgð in solidum) á skilum erlenda atvinnufyrirtækisins eða erlends umboðsaðila á virðisaukaskatti hér á landi. sbr. athugasemdir hér að framan. Við mat á því hvort um er að ræða atvinnufyrirtæki eða ekki er vísað til athugasemda við 2. gr. frumvarps þessa. Líkt og fram kemur í athugasemdum um 2. gr. skulu hugtökin rafrænt afhent þjónusta, fjarskiptþjónusta og útvarps- og sjónvarpsþjónusta vera skilgreind í ákvæðinu sem slíku. Í því sambandi skal litið til skilgreiningar á sömu hugtökum í virðisaukaskattstilskipun Evrópusambandsins nr. 2006/112 EB, reglugerð nr. 282/2011 EB og tilskipun nr. 2010/13/EB þar að lútandi.

Líkt og greint er frá í athugasemdum um 2. gr. þessa frumvarps getur jafnframt verið vandkvæðum bundið fyrir erlent atvinnufyrirtæki að greina það hvar kaupandi þjónustunnar er staðsettur þegar um er að ræða fjarsölu á rafrænt afhentri þjónustu, fjarskiptþjónustu eða útvarps- og sjónvarpsþjónustu til kaupanda. Erlent atvinnufyrirtæki skal því með sama hætti og lagt er til í athugasemdum um 2. gr. frumvarpsins gert að ákvarða heimilisfesti kaupanda samkvæmt tveimur áreiðanlegustu þekktu forsendunum um kaupanda sem þó mega ekki stangast á. Í málsgreininni er tekið fram að erlendum atvinnufyrirtækjum sem falla undir málsgreinina beri að skrá sig hér á landi í samræmi við 5. gr. laganna enda eigi undanþáguákvæði 3. tölul. 4. gr. um veltumörk ekki við hann, sbr. þó 1. gr. frumvarps þessa.

Lagt er til í 6. mgr. að undanþegnir aðilar sem skyldugir eru til að greiða virðisaukaskatt samkvæmt greininni skuli ótilkvaddir gera ríkisskattstjóra grein fyrir kaupum á þjónustunni í því formi sem hann ákveður. Um er að ræða samsvarandi ákvæði og er í 3. mgr. núgildandi 35. gr. laganna.

Um 6. gr.

Það er meginregla laga um virðisaukaskatt að greiða beri virðisaukaskatt af innflutningi á vörum og þjónustu. Í frumvarpsgreininni er lagt til að vörur verði undanþegnar virðisaukaskatti við innflutning ef viðskiptaverð einstakrar smásendingar þeirra ásamt öllum kostnaði sem kaupandi ber og fellur til þar til sendingin er komin úr ábyrgð seljanda er undir gjaldmörkum smásendinga samkvæmt tilögu um breytingu á 1. mgr. 6. gr. tollalaga nr. 88/2005 sem gerð er í 7. gr. frumvarp þessa, þ.e. 2.000 kr. Gert er ráð fyrir að undanþágan sem í greininni felst gildi með jöfnum hætti um einstaklinga, lögaðila og aðra hvort sem um er að ræða aðila sem skráðir eru á grunnskrá virðisaukaskatts eður ei.

Í gildandi ákvæði 6. tölul. 1. mgr. 36. gr. laganna er kveðið á um að innfluttar vörur sem fluttar eru til landsins af aðilum sem skráðir eru skv. 5. gr. þeirra skuli undanþegnar virðisaukaskatti ef fob-verð sendingar nemur ekki hærrí fjárhæð en 1.500 kr. Sérstaklega er tekið fram að undanþágan nái ekki til áfengis og tóbaks. Ákvæðið var upphaflega sett með lögum nr. 55/1997 og í frumvarpi því sem varð að þeim lögum kemur fram að reglunni sé ætlað að einfalda innflutning á ýmsum smávörum sem fluttar eru til landsins en hafa lítið verðgildi og heimilt er að innskatta. Ákvæðinu var síðar breytt með lögum nr. 104/2000 en þar var aðeins gerð breyting á orðalagi en ekki efni þess. Hugtakið fob-verð, sem einnig útleiggst *frítt um borð*, *frítt á skipsfjöl* eða *frítt að skipshlið*, vísar til erlendu skammstöfunarinnar f.o.b. (e. free on board). Hugtakið hefur þá efnislegu merkingu að kaupandi vöru tryggi henni rúm í fari en seljandi hennar annist um og kosti flutning hennar til hleðslustaðar og geri þær ráðstafanir um flutning hennar á skip sem sendanda vörunnar er skylt að gera eftir því sem lög áskilja á þeim stað eða venja er til. Þegar varan er komin á skipsfjöl er hún úr ábyrgð seljanda. Fob-

verð mundi því samkvæmt hefðbundnum skilningi standa fyrir samtölu viðskiptaverðs og þess kostnaðar sem seljandi hefur af því að koma vöru á skipsfjöl og úr sinni ábyrgð og hann innheimtir hjá kaupanda. Af skýringum við 9. gr. frumvarps þess sem varð að 12. gr. laga nr. 55/1997 verður ráðið að með fob-verði hafi löggjafinn á sínum tíma átt við tollverð sem er skilgreint á annan hátt í tollalögum en fob-verð hér að framan. Rétt er að hafa í huga að það er háð nokkurri óvissu að hvaða leyti kostnaður kaupanda vöru samkvæmt sölu- og afhendingarskilmálum erlendra póstverslana á sér samsvörun í fob-hugtakinu. Svo að skýrt verði hvernig leggja beri mat á hvort vara sé undir 2.000 kr. gjaldmörkum greinarinnar er orðalagi hennar hagað þannig að við matið skuli taka tillit til viðskiptaverðs, þ.e. því verði sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vöru við sölu hennar til útflutnings til landsins, auk alls kostnaðar sem seljandi innheimtir hjá kaupanda vegna meðferðar hennar áður en hún er afhent við skipshlið, svo sem vegna flutnings, þökkunar eða trygginga. Er orðalaginu ætlað að fanga inntak hefðbundins skilnings á hugtakinu *fob-verð*.

Í a–d-liðum 2. másl. efnisgreinar frumvarpsgreinarinnar eru lögð til þrjú frávik frá þeirri reglu 1. másl. greinarinnar að heimilt sé að flytja inn vörur í smásendingum undir 2.000 kr. gjaldmörkum án virðisaukaskatts. Því ber að greiða virðisaukaskatt við innflutning á þeim vörum sem að falla undir þessa staflíði þrátt fyrir að smásendingar sem þær innihalda séu undir 2.000 kr. gjaldmarki. Í fyrsta lagi er lagt til að áfengi falli ekki undir gjaldmörkin líkt og verið hefur hingað til. Um skilgreiningu á áfengi vísast til 2. gr. áfengislaga nr. 75/1998. Í öðru lagi er lagt til að tóbak falli ekki undir gjaldmörkin. Um skilgreiningu á tóbaki vísast til 2. gr. tóbaksvarnalaga, nr. 6/2002. Þá er að lokum lagt til að vörur sem eingöngu er heimilt að flytja inn á grundvelli innflutningsleyfis eða háðar eru sérstökum innflutningstakmörkunum skuli ekki falla undir gjaldmörkin. Sem dæmi um vörur sem falla þar undir má nefna, skotvopn og skotfæri, sbr. vopnalög nr. 16/1998, lifandi dýr, sbr. lög nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ávana- og fíkniefni, fínkorna nefitóbak og munntóbak og ýmsar dýrafurðir og útbúnaður samkvæmt lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

Um 7. gr.

Samkvæmt 5. gr. tollalaga skal greiða toll af vörum sem fluttar eru inn á tollsvæði ríkisins. Í frumvarpsgreininni er hins vegar lagt til að vörur verði undanþegnar tolli við innflutning ef viðskiptaverð einstakrar smásendingar þeirra ásamt öllum kostnaði sem kaupandi ber og fellur til fyrir afhendingu hennar um borð í flutningsfar erlendis er undir 2.000 kr. Þá eru lögð til í a–d-liðum 2. másl. efnisgreinar frumvarpsgreinarinnar ferns konar frávik frá þeirri reglu að heimilt sé að flytja inn vörur í smásendingum undir 2.000 kr. gjaldmörkum án tolla. Um nánari skýringu á efni greinarinnar vísast til skýringa við 6. gr. frumvarpsins að breyttu breytanda.

Um 8. gr.

Í 1. mgr. 20. gr. laganna er m.a. kveðið á um að innflytjendum vara sé skylt að færa þær til tollflokks í viðeigandi tollskjöllum samkvæmt almennum reglum um túlkun tollskrárinnar í viðauka I við lögin. Í frumvarpsgreininni er lagt til að kveðið verði á um þá undanþágu frá framangreindri skyldu í tilfelli þeirra innflytjenda sem flytja inn vörur undir gjaldmörkum smásendinga skv. 7. gr. frumvarpsins að því gefnu að vörurnar séu fluttar inn með póstsendingu eða hraðsendingu. Undanþágan mun vitaskuld aðeins ná til þeirra vara sem eru í sendingum undir gjaldmörkunum. Tillagan er lögð fram í ljósi þess að með setningu gjaldmarkanna er ætlunin að dregið verði úr umstangi og kostnaði við tollafgreiðslu smásendinga.

Um 9. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 22. gr. laganna ber innflytjanda að láta tollstjóra í té aðflutningsskýrslu og önnur tollskjöl vegna innfluttrar vöru áður en hún er afhent til notkunar innan lands. Í 23.–25. gr. laganna er kveðið á um innihald slíkrar skýrslu. Í 26. gr. laganna er ráðherra hins vegar veitt heimild til að einfalda skýrslugjafir vegna póstsendinga, smásendinga og vara sem ekki eru á farmskrá. Í ljósi tilgangs frumvarpsins er lagt til að kveðið verði á um það í nýrri málsgrein, er verði 1. mgr., að innflytjanda smásendingar undir gjaldmörkum smásendinga skv. 7. gr. frumvarpsins sé ekki skylt að láta tollstjóra aðflutningsskýrslu í té, að því gefnu að vörurnar séu fluttar inn með póstsendingu eða hraðsendingu. Til að tryggja að unnt sé að hafa eftirlit með því að verðmæti smásendingar sé undir 2.000 kr. gjaldmörkum er hins vegar lagt til að kveðið verði á um að innflytjanda beri ávallt að

framvísa vörureikningi og gögnum um kostnað sem kaupandi greiðir seljanda og fellur til þar til vara er komin úr ábyrgð seljanda. Tollstjóri mun eftir sem áður geta aflað frekari upplýsinga á grundvelli ákvæða 30. gr. laganna.

Um 10. gr.

Í 3. gr. laga nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, er kveðið á almennan hátt um álagningu úrvinnslugjalds. Samkvæmt 1. mgr. sbr. 4. mgr. 3. gr. laganna er úrvinnslugjald lagt á raf- og rafeindatæki en tilgangur gjaldsins er að standa undir greiðslum við að ná tölulegum markmiðum um undirbúning fyrir endurnotkun, endurvinnslu, endurnýtingu, söfnun og förgun slíkra tækja. Í frumvarpsgreininni er lagt til að nýjum málslið verði bætt við 4. mgr. 3. gr. laga um úrvinnslugjald þar sem kveðið verði á um að ekki skuli leggja úrvinnslugjald á innflutt raf- og rafeindatæki ef viðskiptaverð einstakrar smásendingar ásamt öllum kostnaði sem kaupandi greiðir seljanda og fellur til þar til hún er komin úr ábyrgð seljanda er undir 2.000 kr. gjaldmörkum smásendinga. Að auki er lagt til að kveðið verði á um undantekningu frá reglu 1. másl. greinarinnar vegna vara sem háðar eru innflutningstakmörkunum. Um nánari skýringu á efni greinarinnar vísast til athugasemda við 6. gr.

Um 11. gr.

Í lokamálgrein 3. gr. laga nr. 51/1981, um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum í plöntum, er m.a. kveðið á um að ráðherra geti látið innheimta eftirlitsgjald vegna innflutnings á plöntum og dýrum til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með plöntum. Tilgangur laganna er að tryggja sem best góða og heilbrigða ræktun plantna hér á landi. Í frumvarpsgreininni er lagt til að innflutningur á plöntum verði þó undanþeginn eftirlitsgjaldi ef viðskiptaverð einstakrar smásendingar ásamt öllum kostnaði sem kaupandi greiðir seljanda og fellur til þar til hún er komin úr ábyrgð seljanda er undir 2.000 kr. gjaldmörkum.

Um 12. gr.

Í 14. gr. laga nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, er kveðið á um gjalddöku sem standa á undir rekstri á rafmagnsöryggismálum hjá Mannvirkjastofnun. Í 5. tölul. 1. mgr. lagagreinarinnar er kveðið á um að vegna eftirlitshlutverks Mannvirkjastofnunar og eftirlits með rafföngum á markaði sem stofnunin lætur framkvæma skuli innflytjendur greiða eftirlitsgjald af eftirlitsskyldum rafföngum sem megi vera allt að 0,15% af tollverði innfluttrar vöru. Í frumvarpsgreininni er lagt til að innfluttar vörur verði þó undanþegnar eftirlitsgjaldi ef viðskiptaverð einstakrar smásendingar ásamt öllum kostnaði sem kaupandi greiðir seljanda og fellur til þar til hún er komin úr ábyrgð seljanda er undir 2.000 kr. gjaldmörkum.

Um 13. gr.

Ákvæðið fjallar um gildistöku. Lagt er til að lögin taki gildi 1. janúar 2018.

Viðauki I

Reglugerð nr. 1100/2006 um ýmis tollfríðindi með innfærðum tillögum um breytingar.

V. KAFLI

Tollafgreiðsla innflutnings- og útflutningsvöru.

25. gr.

Tollskýrslur.

Tollmiðlarar og þeir, sem stunda innflutning og útflutning á vörum í atvinnuskyni, skulu láta tollstjóra tollskýrslur í té með rafrænum hætti. Öðrum er heimilt að afhenda tollstjóra tollskýrslur á pappír.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er innflytjendum sem flytja inn 12 sendingar eða færri á ári heimilt að láta tollstjóra í té aðflutningsskýrslur á pappír. Jafnframt er innflytjendum heimilt að skila einfölduðum aðflutningsskýrslum á pappír, sbr. 47. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er innflytjendum sendinga undir 2.000 kr. gjaldmörkum smásendinga ekki skylt að skila tollstjóra tollskýrslu að því gefnu að vörurnar séu fluttar inn með póstsendingu eða hraðsendingu.

Sérákvæði um póstsendingar.

35. gr.

Skráning upplýsinga um póstsendingar.

Póstrekandi skal færa í tölvukerfi skrá yfir sendanda, viðtakanda, vörusendingu, s.s. verðmæti, vörutegund og þyngd póstsendingar sem taka skal til tollmeðferðar skv. 36. gr. Tollstjórar skulu hafa aðgang að tölvukerfi póstrekkanda, eftir því sem þörf er á vegna tollheimtu og tollefirlits.

Tollstjórinn í Reykjavík setur nánari fyrirmæli um skráningu upplýsinga skv. 1. mgr. og skil póstrekkanda á upplýsingum til tollyfirvalda.

36. gr.

Flokkun póstsendinga til tollmeðferðar.

Taka skal til tollmeðferðar póstsendingar sem hér segir:

1. Póstsendingar sem koma erlendis frá og ætla má að hafi að geyma vörur sem ber að greiða af aðflutningsgjöld, vörur sem háðar eru sérstökum innflutningstakmörkunum eða vörur sem háðar eru innflutningsbanni.
2. Póstsendingar sem ætlaðar eru viðtakendum í útlöndum og hafa að geyma vörur sem fluttar eru út í atvinnuskyni.

Tollstjóri ákveður hvernig staðið skuli að flokkun póstsendinga til tollmeðferðar skv. 1. mgr.

37. gr.

Smásendingar.

Póstrekanda er heimilt að nota sérstakt skýrsluform fyrir smásendingar sem tollstjórinn í Reykjavík skal samþykkja.

Smásendingar skv. 1. mgr. eru póstsendingar sem einungis hafa að geyma vörur sem eru að tollverði eigi yfir kr. 30.000, enda séu þær ekki fluttar inn í atvinnuskyni. Til smásendinga teljast ekki vörur sem eru háðar innflutningstakmörkunum eða -banni.

Vörur í smásendingum má flokka saman í tollskrárnúmer samkvæmt nánari ákvörðun tollstjórans í Reykjavík.

Póstrekanda er heimilt að flytja smásendingu á það heimilisfang sem sendandi tilgreinir gegn því að viðtakandi veiti henni viðtöku með undirritun sinni á tollskýrslu skv. 1. mgr. og greiðslu aðflutningsgjalda.

Tollstjórinn í Reykjavík setur fyrirmæli um skil póstrekkanda á aðflutningsgjöldum af smásendingum í ríkissjóð.

38. gr.

Afhending póstsendinga án tollskýrslu.

Heimilt er afhenda póstsendingar sem sendar eru erlendis frá og hafa einungis að geyma neðangreindar vörur til viðtakenda án þess að tollskýrslur séu gerðar:

1. Vörur sem eru undanþegar aðflutningsgjöldum og hvorki háðar sérstökum innflutningsskilyrðum né innflutningsbanni, t.d. tollfrjálsar gjafir, sýnishorn og annað sem hefur ekki viðskiptalegt gildi.
2. ~~Blöð og tímarit sem falla undir reglugerð nr. 336/1993, um innheimtu virðisaukaskatts af blöðum og tímaritum sem send~~ eru í áskrift erlendis frá í pósti hafi sendandi staðið skil á virðisaukaskatti af áskriftinni.
3. Gagnamiðlar, sendir samkvæmt þjónustusamningi eða án endurgjalds, sem ætlaðir eru til þróunar, hönnunar, prófunar, leiðréttingar eða uppfærslu hugbúnaðar eða eru eingöngu hæfir til kynningar.
4. Gagnamiðlar, sendir í tengslum við kaup viðtakanda á rétti til að nota stöðluð tölvuforrit fyrir fleiri notendur eða kaupa á hugbúnaði sem sérstaklega er framleiddur og aðlagður að séróskum kaupanda, enda sé um að ræða hugbúnaðarþjónustu sem talin er upp í 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988, viðtakandi hafi verið skráður skv. 5. gr. laganna og gæti talið virðisaukaskatt vegna kaupanna til innskatts skv. 3. og 4. mgr. 15. gr. og 1. mgr. 16. gr. laganna.

Gagnamiðlar, sem hafa að geyma hugbúnað sem 3. og 4. tölul. 1. mgr. taka til, teljast vera nauðsynlegur og óaðskiljanlegur hluti af hugbúnaðarþjónustunni.

39. gr.

Opnun póststarfsmanna á póstsendingum til þess að afla vörureikninga o.fl.

Póststarfsmanni er heimilt, undir eftirliti tollvarðar, að opna póstsendingu sem kemur erlendis frá í því skyni að afla vörureiknings til að byggja á útreikning aðflutningsgjalda, sbr. 2. mgr. 48. gr. laga nr. 19/2002 um póstpjónustu, ef viðtakandi hefur gefið póstrekanda skriflega heimild til þess. Um þagnarskyldu póststarfsmanna fer eftir lögum um póstpjónustu.

Póstsending sem póststarfsmaður opnar skv. 1. mgr. skal sérstaklega auðkennd.

40. gr.

Einfaldaðar útflutningsskýrslur vegna póstverslunar.

Tollstjóri getur heimilað einstaklingum og lögaðilum, sem stunda póstverslun, að skila einni útflutningsskýrslu yfir útfluttar sendingar á hverju tveggja mánaða tímabili, þ.e. janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október og nóvember og desember, að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

1. Um sé að ræða póstverslun til einstaklinga.
2. Söluverðmæti hvernar sendingar sé að hámarki 30.000 kr.

Leyfishafi skal láta tollstjóra í té útflutningsskýrslu yfir sendingar á hverju uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr., með rafrænum hætti eigi síðar en 15. dag næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

Leyfishafi skal varðveita lista yfir útfluttar sendingar á hverju uppgjörstímabili sem fylgiskjal með útflutningsskýrslu.

Tollstjórinn í Reykjavík setur nánari fyrirmæli um framkvæmd samkvæmt þessari grein.

Sérákvæði um hraðsendingar.

41. gr.

Skráning upplýsinga um hraðsendingar.

Tollmiðlari skal færa í tölvukerfi skrá yfir innflytjanda, sendanda, vörusendingu, s.s. verðmæti, vörutegund og þyngd hraðsendingar áður en hún er afhent til viðtakanda. Tollstjórar skulu hafa aðgang að tölvukerfi tollmiðlara eftir því sem þörf er á vegna tollheimtu og tolleftirlits.

Tollstjórinn í Reykjavík setur nánari fyrirmæli um skráningu upplýsinga skv. 1. mgr. og skil tollmiðlara á upplýsingum til tollyfirvalda.

42. gr.

Flokkun hraðsendinga.

Hraðsendingar skulu við ákvörðun aðflutningsgjalda flokkaðar sem hér segir:

1. Eftirfarandi sendingar, enda beri flutningsskjöl eða fylgiskjöl með sér að um slíkar sendingar sé að ræða:
 - a. Verðlaus sýnishorn sem hafa ekki viðskiptalegt gildi.
 - b. Hugbúnaðargögn sem send eru án endurgjalds og ætluð eru til þróunar eða hönnunar hugbúnaðar, prófunar, leiðréttingar, uppfærslu eða eru eingöngu nothæf til kynningar.
 - c. Verðlaus bréf, bæklingar og prentuð gögn sem hafa ekki neitt viðskiptalegt gildi.
 - d. Ritað mál sem undanþegið er virðisaukaskatti skv. 3. mgr. 36. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.
2. Sendingar sem eru ~~að fob verðmæti undir 2.000 kr. gjaldmörkum smásendinga., en geta ekki fallið undir 1. tölul., enda sé innflytjandi skráður skv. 5. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.~~
- ~~3. Sendingar sem eru að fob verðmæti undir 2.000 kr., en geta ekki fallið undir 1. tölul., enda sé innflytjandi ekki skráður skv. 5. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.~~
4. ~~3.~~ Aðrar sendingar.

43. gr.

Aðflutningsgjöld.

Um útreikning aðflutningsgjalda og skil á aðflutningsskýrslum vegna hraðsendinga skal fara sem hér segir:

1. Ekki skal reikna aðflutningsgjöld af vörum sem falla undir 1. tölul. 42. gr. Heimilt skal við fullnaðartollafgreiðslu að skila aðeins einni aðflutningsskýrslu í nafni tollmiðlara vegna allra sendinga sem þar falla undir.
2. Ekki skal reikna aðflutningsgjöld af vörum sem falla undir 2. tölul. 42. gr. ~~Heimilt skal við fullnaðartollafgreiðslu að skila aðeins einni aðflutningsskýrslu í nafni tollmiðlara vegna allra sendinga sem þar falla undir.~~ Þó skal reikna aðflutningsgjöld og skila aðflutningsskýrslu í samræmi við ákvæði 4. tölul. ~~ef ef áfengi eða tóbaksvörur eru í sendingu~~ sendingin inniheldur vörur sem eru undanþegnar gjaldmörkum smásendinga.
- ~~3. Reikna skal 750 kr. í áætluð aðflutningsgjöld af vörum sem falla undir 3. tölul. 42. gr. Heimilt skal við fullnaðartollafgreiðslu að skila aðeins einni aðflutningsskýrslu í nafni tollmiðlara vegna allra sendinga sem þar falla undir. Þó skal reikna aðflutningsgjöld og skila aðflutningsskýrslu í samræmi við ákvæði 4. tölul. ef áfengi eða tóbaksvörur eru í sendingu.~~
4. ~~3.~~ Vegna annarra sendinga skal láta tollstjóra í té tollskýrslu og reikna aðflutningsgjöld með venjulegum hætti.

44. gr.

Sérstök innflutningsskilyrði.

Sé innflutningur vöru í hraðsendingu háður innflutningsskilyrðum skal tollmiðlari fullvissa sig um að þeim skilyrðum sé fullnægt áður en hann afhendir innflytjanda vöruna.

45. gr.

Afhendingarheimild tollstjóra.

Afhending hraðsendingar er háð leyfi tollstjóra.

46. gr.

Frestur til uppgjörs aðflutningsgjalda.

Uppgjör aðflutningsgjalda af hraðsendingum skal fara fram innan sjö daga frá afhendingu þeirra enda hafi þau ekki verið skuldfærð á tollmiðlara eða innflytjanda.

Viðauki II.

Reglugerð nr. 630/2008 um ýmis tollfríðindi með innfærðum tillögum um breytingar.

I. KAFLI

Smásendingar.

1. gr.

Kaflinn þessi gildir um vörur undir gjaldmörkum smásendinga.

Kaflinn þessi tekur ekki til eftirtalinnna vara:

1. Áfengis,
2. tóbaks,
3. vara sem eingöngu er heimilt að flytja inn á grundvelli innflutningsleyfis eða háðar eru innflutningstakmörkunum.

2. gr.

Innflytjendum, búsettum hér á landi, er heimilt að flytja inn vörur tollfrjálst ef samanlagt viðskiptaverð þeirra í einstakri smásendingu ásamt öllum kostnaði sem kaupandi greiðir seljanda og fellur til þar til sendingin er komin úr ábyrgð seljanda er undir 2.000 kr.

Slíkar smásendingar eru einnig undanþegnar virðisaukaskatti, úrvinnslugjaldi, eftirlitsgjaldi vegna innflutnings á plöntum og eftirlitsgjaldi af eftirlitsskyldum rafföngum við innflutning.

II. KAFLI

Tollfrjáls farangur.

Gildissvið kaflans.

1. gr.

Kaflinn þessi gildir um tollfrjálsan farangur ferðamanna og annarra sem koma til landsins frá útlöndum.

Með farangri er átt við ferðabúnað og annan varning sem hafður er með í ferð, auk varnings að tilteknu hámarki sem fenginn er erlendis, í fari eða í tollfrjálsri verslun hér á landi.

Kaflinn þessi tekur ekki til skráningarskyldra ökutækja.

Ferðamenn.

2. gr.

Ferðabúnaður og annar farangur.

Ferðamönnum, búsettum hér á landi, er heimilt að flytja eftirtalinn varning inn tollfrjálst:

1. Ferðabúnað og annan farangur sem þeir höfðu með sér í ferð til útlanda.

2. Varning sem fenginn er erlendis, í fari eða í tollfrjálstri verslun hér á landi, að verðmæti allt að kr. 65.000, miðað við smásöluverð á innkaupsstað. Verðmæti einstaks hlutar skal þó að hámarki vera kr. 32.500. Börn innan 12 ára skulu njóta að hálfu réttinda samkvæmt þessum tölulíð.

Ferðamönnum, búsettum erlendis, er heimilt að flytja inn tollfrjálst ferðabúnað og annan farangur sem er hæfilegur miðað við tilgang ferðar og dvalartíma viðkomandi hér á landi, enda verði hann fluttur úr landi á ný við brottför eiganda.

Magn tollfrjálstra matvæla í farangri ferðamanna takmarkast af 1. mgr. 3. gr.

Um tollfrjálstan innflutning ferðamanna á áfengi og tóbaki fer eftir 4. gr.

3. gr.

Matvæli.

Magn matvæla, þ.m.t. sælgæti, sem ferðamönnum er heimilt að flytja inn tollfrjálst skal takmarkast við kr. 18.500 hámarksverðmæti, miðað við smásöluverð á innkaupsstað, og vera að hámarki 3 kg að þyngd.

Matvæli skulu talin með varningi skv. 2. tölul. 1. mgr. 2. gr.

4. gr.

Áfengi og tóbak.

Auk varnings skv. 2. gr. er ferðamönnum heimilt að flytja tollfrjálst inn áfengi og tóbak sem hér segir:

A. Áfengi.

1. 1 lítra af sterku áfengi og 1 lítra af léttvíni eða

2. 3 lítra af léttvíni eða

3. 1 lítra af sterku áfengi og 1,5 lítra af léttvíni eða 1 lítra af sterku áfengi og 6 lítra af öli.

B. Tóbak.

1. 200 vindlinga eða
2. 250 g af öðru tóbaki.

Miða skal við að sterkt áfengi sé áfengi sem í er meira en 21% af vínanda að rúmmáli og að léttvín sé áfengi, annað en öl, sem í er minna af vínanda.

Tollfrjáls farangur skipverja og flugverja í millilandaferðum.

5. gr.

Ferðabúnaður og annar farangur.

Skipverjum og flugverjum, búsettum hér á landi, er heimilt að flytja eftirtalinn varning inn tollfrjálst:

1. Ferðabúnað og annan farangur sem þeir höfðu með sér í ferð til útlanda.
2. Varning sem fenginn er erlendis, í fari eða í tollfrjálsri verslun hér á landi, að verðmæti allt að kr. 24.000, miðað við smásöluverð á innkaupsstað, hafi þeir verið skemur en 15 daga í ferð, en kr. 48.000, samkvæmt sömu viðmiðun, hafi þeir verið lengur í ferð. Verðmæti einstaks hlutar skal þó að hámarki vera kr. 24.000.

Skipverjum og flugverjum, búsettum erlendis, er heimilt að flytja inn tollfrjálst ferðabúnað og annan farangur sem er hæfilegur miðað við tilgang ferðar og dvalartíma viðkomandi hér á landi, enda verði hann fluttur úr landi á ný við brottför eiganda.

Magn tollfrjálsra matvæla í farangri skipverja og flugverja takmarkast af 1. mgr. 3. gr.

Um tollfrjálsan innflutning skipverja og flugverja á áfengi og tóbaki fer eftir 6. gr.

6. gr.

Áfengi og tóbak.

Auk varnings skv. 5. gr. er skipverjum og flugverjum heimilt að flytja tollfrjálst inn áfengi og tóbak sem hér segir:

1. Skipverjum á íslenskum skipum eða skipum í leigu íslenskra aðila sem eru 15 daga eða lengur í ferð:
 - a. 1,5 lítra af sterku áfengi og 3 lítra af léttvíni eða
 - b. 1,5 lítra af sterku áfengi eða léttvíni og 24 lítra af öli.
 - c. 400 vindlinga eða 500 g af öðru tóbaki.

2. Skipverjum á íslenskum skipum eða skipum í leigu íslenskra aðila sem eru skemur en 15 daga í ferð:

- a. 0,75 lítra af sterku áfengi og 1,5 lítra af léttvíni eða
- b. 0,75 lítra af sterku áfengi eða léttvíni og 12 lítra af öli.
- c. 200 vindlinga eða 250 g af öðru tóbaki.

3. Flugverjum, þ.m.t. flugverjum í aukaáhöfn, sem eru 15 daga eða lengur í ferð:

- a. 1 lítra af sterku áfengi og 0,75 lítra af léttvíni eða
- b. 1 lítra af sterku áfengi eða 0,75 lítra af léttvíni og 6 lítra af öli.
- c. 200 vindlinga eða 250 g af öðru tóbaki.

4. Flugverjum, þ.m.t. flugverjum í aukaáhöfn, sem eru skemur en 15 daga í ferð:

- a. 0,375 lítra af sterku áfengi og 0,75 lítra af léttvíni eða
- b. 0,375 lítra af sterku áfengi eða 0,75 lítra af léttvíni og 3 lítra af öli.
- c. 100 vindlinga eða 125 g af öðru tóbaki.

Um styrkleikamörk sterks áfengis og léttvíns skv. 1. mgr. fer eftir 2. mgr. 4. gr.

Skipstjóra, yfirstýrimanni, yfirvélstjóra og bryta, svo og matsveinum á farþega- og vöruflutningaskipum, er heimilt að taka tollfrjálst aukalega til risnu um borð jafnstóran skammt og þeir mega hafa tollfrjálst skv. 1. mgr.

Ýmis ákvæði.

7. gr.

Almenn skilyrði tollfrelsis skv. 1.-6. gr.

Tollfrelsi skv. 1.-6. gr. er háð þeim skilyrðum að innflytjandi hafi varninginn í eigin vörslu við komu til landsins og geti þá framvísað honum til tollskoðunar og að varningurinn sé fluttur inn til persónulegra nota viðkomandi, fjölskyldu hans eða til smágjafa.

Lágmarksaldur til innflutnings áfengis er 20 ár og 18 ár að því er varðar tóbak.

Einungis skal heimilt að njóta tollfríðinda samkvæmt kafla þessum einu sinni á hverjum 3 sólarhringum.

8. gr.

Réttindi sem menn eiga samkvæmt þessum kafla verða ekki framseld.

Ef verðmæti varnings er meira en sem nemur tollfríðindum skv. 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 5. gr. getur viðkomandi sjálfur ákveðið af hvaða hlutum verði greidd aðflutningsgjöld. Ef verðmæti einstakra hluta er meira en þar greinir, getur viðkomandi notið undanþágu og greitt aðflutningsgjöld af þeim verðmætum sem eru umfram þargreindar fjárhæðir.

Tveir eða fleiri aðilar geta ekki lagt saman heimildir sínar til tollfríðinda til þess að flytja tollfrjálst inn hlut sem er verðmeiri en um ræðir í tilvitnuðum ákvæðum í 2. mgr.

Flytji einstaklingar í ferðahópi inn sameiginlegar matarbirgðir til nota í ferð til landsins, skal það ekki girða fyrir að þeir fái notið tollfríðinda, enda sé það magn matvæla sem tilheyrir hverjum þeirra innan þeirra marka sem um ræðir í 1. mgr. 3. gr.

9. gr.

Tollfrjáls innflutningur farangurs vegna atvinnu eða náms.

Þeir sem hyggjast dvelja hér á landi tímabundið vegna atvinnu eða náms geta flutt tollfrjálst inn farangur í samræmi við reglur sem gilda um ferðamenn, búsetta erlendis, eftir því sem við getur átt.

10. gr.

Veiting tóbaks undan innsigli í skipum í utanlandsferðum.

Ef skip í utanlandsferðum hefur viðvöl hér samfleytt í sjö daga skal tollstjóri að beiðni útgerðar veita skipverjum undan innsigli, án greiðslu aðflutningsgjalda, 200 vindlinga eða 250 g af öðru tóbaki til hverra sjö daga, enda sé greiddur kostnaður vegna þeirrar afgreiðslu.

11. gr.

Tollfrjáls innflutningur farangurs sem verður viðskila við eiganda.

Tollstjóra er heimilt að leyfa tollfrjálsan innflutning farangurs sem verður viðskila við eiganda, enda sé um að ræða varning sem hefði verið tollfrjáls samkvæmt kafla þessum ef eigandi hefði haft hann í sinni vörslu við komu til landsins.

12. gr.

Upplýsingagjöf vegna farangurs.

Þeir sem koma til landsins frá útlöndum skulu ótilkvaddir gera tollstjóra grein fyrir tollskyldum vörum sem þeir hafa meðferðis svo og þeim hlutum sem eru háðir sérstökum innflutningstakmörkunum eða innflutningsbanni.

Þar sem rauð og græn hlið eru notuð við tollafgreiðslu komufarþega skulu þeir sem eru með tollskyldar vörur eða vörur sem eru háðar sérstökum innflutningstakmörkunum eða innflutningsbanni fara um rautt hlið og framvísa þar varningnum til tollskoðunar. Þeim sem ekki eru með neinn slíkan varning er heimilt að fara um grænt hlið. Farþegar sem velja grænt hlið teljast með því gefa til kynna að þeir hafi engan varning meðferðis sem þeim ber að gera grein fyrir.

Þeir sem eru í áhöfn aðkomufars skulu gera grein fyrir varningi skv. 1. mgr. á sérstöku eyðublaði, hvort sem flytja á hann í land eða nota hann um borð í fari, og jafnframt framvísa vörum sem eru háðar innflutningstakmörkunum eða innflutningsbanni.

13. gr.

Upplýsingagjöf vegna reiðufjár.

Þeir sem koma til landsins og þeir sem fara frá landinu og eru með meira reiðufé í íslenskum eða erlendum gjaldmiðli en sem nemur 15.000 evrum skulu ótilkvaddir gera tollstjóra grein fyrir reiðufénu á sérstöku eyðublaði eða framvísa því. Sama skal gilda um ferðatékka og önnur handhafabréf sem ganga manna á milli í viðskiptum.

III. KAFLI

Tollfrjálsar búslóðir.

14. gr.

Gildissvið kaflans.

Kaflí þessi gildir um tollfríðindi vegna búslóða manna sem flytja búferlum til landsins.

15. gr.

Hugtakið búslóð.

Til búslóða teljast í þessu sambandi hvers kyns hreyfanlegir innanstokksmunir og húsbúnaður, húsgögn, búsáhöld og heimilistæki, útvarps- og sjónvarpstæki, hljómflytningstæki, tölvur, málverk, skrautmunir, bækur, hljóðfæri og aðrir heimilismunir. Sama gildir um reiðhjól, búnað og hluti til íþróttaiðkunar, útivistar, veiða eða annarrar tómstundaiðju; söfn ýmiss konar, svo sem frímerkjasöfn og myntsöfn, og muni til persónulegra nota, svo sem fatnað.

Eftirtaldar vörur falla ekki undir undanþágu samkvæmt þessum kafla:

1. Hlutir og búnaður til nota í atvinnuskyni.
2. Skráningarskyld ökutæki, vélknúin farartæki og farartæki til siglinga eða flugs.
3. Hlutir sem jafnan eru vegg- eða gólffastir í híbýlum manna, t.d. innréttingar og parket.
4. Mat- og drykkjarvörur, þ.m.t. áfengi, auk tóbaks.

16. gr.

Almenn skilyrði tollfrelsis búslóða.

Tollfrelsi búslóða er háð eftirtöldum almennum skilyrðum:

1. Innflytjandi hafi haft fasta búsetu erlendis a.m.k. samfelld í eitt næstliðið ár fyrir búferlaflutning til landsins.
2. Innflytjandi og aðrir rétthafar tollfríðindanna, sem taka sér bólfestu hér á landi, verði með skráð lögheimili í landinu í samræmi við lög um lögheimili.
3. Búslóðarmunir séu notaðir, hafi verið í eigu innflytjanda og fjölskyldu hans eigi skemur en í eitt ár og eingöngu ætlaðir til nota við heimilishald viðkomandi hérlandis. Undanþágan tekur þó til ónotaðra búslóðarmuna og búslóðarmuna sem viðkomandi hefur átt í skemmri tíma og ætlar að nota hér á landi, enda sé verðmæti þeirra eigi meira en kr. 140.000.- miðað við smásöluverð á innkaupsstað. Fjárhæðin gildir fyrir hvern fjölskyldumeðlim 18 ára og eldri en helmingi lægri fjárhæð fyrir þá sem yngri eru.
4. Viðkomandi hafi búslóðina með sér er hann flytur búferlum til landsins eða flytji hana til landsins eigi síðar en innan 6 mánaða frá því að hann tók sér bólfestu hér á landi eða öðlaðist hér lögheimili. Tollstjóri getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstaklega stendur á, svo sem ef dvöl manns hér hefur upphaflega verið ákveðin um skemmri tíma en framlengist síðan til varanlegrar búsetu.

Tollstjóri getur áskilið að innflytjandi sýni fram á að hann uppfylli skilyrði 1. mgr. með skjalfestum hætti, t.d. með því að framvísa dvalarleyfi eða starfssamningi.

IV. KAFLI

Tímabundin tollfríðindi vegna ökutækja.

Gildissvið kaflans.

17. gr.

Kafla þessi gildir um tollfríðindi þegar ökutæki, skráð erlendis, eru flutt inn til tímabundinnar notkunar og þegar óskráð ökutæki eru keypt hér á landi til notkunar um stundarsakir.

Undanþága frá greiðslu aðflutningsgjalda.

18. gr.

Aðilar sem koma hingað til lands tímabundið.

Þeim sem hyggst dvelja hér á landi í ár eða styttri tíma vegna atvinnu eða ferðalaga er heimilt að flytja inn bifreið, skráða erlendis, án greiðslu aðflutningsgjalda, enda séu eftirtalin skilyrði uppfyllt:

1. Innflytjandi sé með eða hafi verið með fasta búsetu erlendis.
2. Bifreiðin sé ætluð til persónulegra nota innflytjanda og fjölskyldumeðlima hans og annarra sem eru með honum í för og eru búsettir erlendis. Bifreið sem grein þessi tekur til er óheimilt að nota til fólks- eða vöruflutninga í atvinnuskyni.
3. Bifreiðin sé flutt til landsins innan eins mánaðar frá komu viðkomandi til tímabundinnar dvalar.
4. Bifreiðin verði flutt úr landi við lok dvalar viðkomandi í landinu, en þó eigi síðar en innan eins árs frá komu innflytjanda til landsins. Ekki skal hafa áhrif í þessu sambandi þó viðkomandi fari um stundarsakir af landi brott, t.d. í leyfi frá vinnu eða námi, enda vari slík fjarvera eigi lengur en í 6 vikur á 12 mánaða tímabili.

Ferðamönnum er jafnframt heimilt að flytja inn með sömu skilyrðum og um getur í 1. mgr. önnur ökutæki en bifreiðar, s.s. bifhjól, fellihýsi, hjólhýsi og tjaldvagna.

Tollstjóri getur áskilið að innflytjandi bifreiðar samkvæmt þessari grein sýni fram á það með skjalfestum hætti að hann hyggist dvelja tímabundið í landinu eigi lengur en eitt ár, t.d. með því að framvísa tímabundnum starfssamningi eða tímabundnum leigusamningi um íbúðarhúsnæði, eftir því sem við getur átt.

19. gr.

Kaup bifreiðar hér á landi til persónulegra nota um stundarsakir og endurútflytningu.

Þeim sem um ræðir í 18. gr. er heimilt að festa kaup á nýrri, óskráðri bifreið, hér á landi, sem skal með sömu skilyrðum, að breyttu breytanda, vera undanþegin aðflutningsgjöldum.

20. gr.

Ferðahjónustuaðilar.

Ferðaskrifstofum og öðrum sem hafa atvinnu af skipulagningu hópferðalaga um landið, er heimilt að flytja inn hópþbifreið, skráða erlendis, án greiðslu aðflutningsgjalda, til nota vegna ferðar tiltekins hóps ferðamanna, búsettra erlendis, hingað til lands, enda verði hún flutt úr landi á ný við brottför viðkomandi ferðamannahóps.

21. gr.

Tímabundinn innflutningur eftirvagns vegna vöruflutninga milli landa.

Þeim sem flytja vörur milli Íslands og annarra landa er heimilt að flytja inn um stundarsakir, án greiðslu aðflutningsgjalda, eftirvagn, skráðan erlendis, til nota við flutningana.

22. gr.

Eldsneyti og varahlutir.

Uppfylli innflytjandi skilyrði 18. og 20. gr. til tímabundins tollfrjáls innflutnings ökutækis er honum heimilt að flytja til landsins án greiðslu aðflutningsgjalda:

a. eldsneyti sem rúmast í innbyggðum eldsneytisgeymum ökutækisins þó að hámarki 200 lítra.

b. varahluti í ökutækið ef það bílar eða verður fyrir tjóni.

Ýmis ákvæði.

23. gr.

Aðflutningsgjöld af leigu eða áætlaðri leigu.

Greiðsla aðflutningsgjalda að hluta skv. 6. tölul. 7. gr. tollalaga er háð því skilyrði að ökutæki verði notað hér á landi að hámarki í 12 mánuði. Ákveði innflytjandi að nota ökutækið hér á landi lengur en í eitt ár skal hann þá þegar gefa sig fram við tollstjóra. Skal þá uppgjör aðflutningsgjalda eiga sér stað. Greidd aðflutningsgjöld skv. 6. tölul. 7. gr. tollalaga skulu koma til frádráttar álögðum aðflutningsgjöldum.

24. gr.

Tímabundin dvöl framlengd eða tekin upp varanleg búsetu.

Tollfríðindi samkvæmt þessum kafla, sem eru bundin skilyrði um að dvöl rétthafa í landinu sé tímabundin og vari ekki lengur en í eitt ár, skulu falla niður ákveði aðili að dvelja hér á landi lengur en í eitt ár eða að taka hér upp varanlega búsetu. Þegar ákvörðun um slíkt liggur fyrir, skal aðili þá þegar gefa sig fram við tollstjóra á dvalarstað og gera honum grein fyrir ákvörðuninni. Skal þá uppgjör aðflutningsgjalda eiga sér stað, nema ökutækið sé flutt úr landi.

25. gr.

Skráning, ábyrgðartrygging o.fl.

Um skráningu ökutækja samkvæmt þessum kafla fer eftir reglugerðum um skráningu, ábyrgðartryggingu og önnur skilyrði varðandi notkun erlendra ökutækja og um sérstaka skráningu

bifreiða til notkunar um stundarsakir hér á landi sem samgönguráðherra setur samkvæmt umferðarlögum.

V. KAFLI

Annar tímabundinn innflutningur.

26. gr.

Gildissvið.

Kaflí þessi gildir um tollfríðindi þegar vörur eru fluttar inn tímundið, sem 7. gr. tollalaga tekur til og falla ekki undir III. kafla reglugerðar þessarar.

Tollfríðindi samkvæmt þessum kafla taka ekki til matar- og drykkjarvara.

27. gr.

Vörusvið.

Heimilt er að flytja eftirtaldar vörur inn tímabundið og án greiðslu aðflutningsgjalda, enda sé magn þeirra eðlilegt og hæfilegt miðað við tilgang innflutningsins:

1. Vörur til sýningar, s.s. á viðskipta- eða iðnsýningum, þ.m.t. sýningarbásar og skreytingar.
2. Tæki og annar búnaður, prentað efni, ritföng o.þ.u.l. til notkunar á ráðstefnum, fundum eða til hátíðahalda. Ákvæði þetta tekur m.a. til:
 - a. Tölva og tækjabúnaðar.
 - b. Búnaðar sem ætlaður er til þess að tryggja öryggi þátttakenda.
 - c. Prentaðs efnis, dúka og borðbúnaðar sem t.d. ber merki viðkomandi fyrirtækis.
 - d. Vara að óverulegu verðmæti sem ætlaðar eru sem viðurkenningar til þátttakenda.
3. Keppnisbúnað íþróttamanna, sem koma hingað til lands til æfinga eða keppni, s.s. ökutækja og varahluta í þau, íþróttabúninga o.þ.u.l.
4. Hljóðfæri, leikmuni og annan búnað listamanna, sem koma hingað til lands til þátttöku í hljómleikum eða listsýningum.
5. Tæki og annan búnað vísindamanna sem koma hingað til lands vegna rannsókna.
6. Búnað kvikmyndagerðar- og fjölmiðlamanna, sem koma hingað til lands til kvikmyndagerðar eða efnisöflunar.
7. Björgunartæki og -búnað aðila sem koma hingað til lands til björgunarstarfa.

8. Atvinnutæki og annan búnað verktaka sem koma hingað til lands til að vinna tiltekið verk. Vörusvið þessa töluliðar er sama vörusvið og gildir um verktaka samkvæmt auglýsingu nr. 25/1970, um aðild Íslands að tollasamningi varðandi innflutning um stundarsakir á atvinnutækjum.

9. Vélar, tæki og önnur áhöld sem flutt eru til landsins til reynslu um stuttan tíma.

10. Vörur sem fluttar eru til landsins til viðgerðar eða annarrar aðvinnslu, þ.m.t. aðvinnslu til þess að forða þeim frá rýrnun eða öðrum skemmdum.

11. Vörur sem A.T.A. ábyrgðarskjal tekur til, sbr. auglýsingu nr. 24/1970, um aðild Íslands að tollasamningi varðandi hlunnindi vegna innflutnings á vörum til kynningar eða notkunar á sýningum, vörusýningum, fundum og við svipuð tækifæri og auglýsingu nr. 25/1970, um aðild Íslands að tollasamningi varðandi innflutning um stundarsakir á atvinnutækjum.

28. gr.

Aðflutningsgjöld af leigu eða áætlaðri leigu.

Heimilt er að flytja inn tímabundið stærri tæki, m.a. ökutæki til fólks- og/eða vöruflutninga eða sérstakra nota, s.s. vélar og tæki til byggingarstarfsemi eða jarðvegsflutninga, gegn greiðslu aðflutningsgjalda af leigu fyrir tækin. Liggi leiguverð tækis ekki fyrir skal reikna aðflutningsgjöld af áætlaðri leigu sem ákvörðuð skal sem 1/60 hluti tollverðs eins og það er ákveðið skv. V. kafla tollalaga, sbr. VII. kafla reglugerðar um vörslu og tollmeðferð vöru, fyrir hvern byrjaðan mánuð frá lokum hins fyrsta mánaðar frá komudegi þess til landsins.

Ákveði innflytjandi að nota tækið hér á landi lengur en í eitt ár skal hann þá þegar gefa sig fram við tollstjóra. Skal þá uppgjör aðflutningsgjalda eiga sér stað. Greidd aðflutningsgjöld skv. 6. tölul. 7. gr. tollalaga skulu koma til frádráttar álögðum gjöldum.

29. gr.

Tryggingar.

Innflytjendur skulu setja ríkissjóði tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda af vörum sem fluttar eru inn tímabundið samkvæmt þessum kafla, nema annað leiði af ákvæðum 2. mgr. Trygging má vera fjártrygging, skilyrðislaus ábyrgð viðskiptabanka, sparisjóðs eða váttryggingafélags eða A.T.A. ábyrgðarskjal, ef um slíkt er að ræða.

Aðilar sem njóta greiðslufrests á aðflutningsgjöldum þurfa ekki að setja tryggingu skv. 1. mgr.

30. gr.

Tímalengd heimildar til tímabundins innflutnings.

Tollstjóra er heimilt að veiti leyfi til tímabundins innflutnings í allt að 12 mánuði.

VI. KAFLI

Tollfríðindi vegna gjafa, arfs o.fl.

Gildissvið.

31. gr.

Kafli þessi gildir um tollfríðindi vegna gjafa og annars tiltekins varnings sem fluttur er inn án endurgjalds.

Undanþágur samkvæmt þessum kafla taka ekki til skráningarskyldra ökutækja, vélknúinna farartækja eða áfengis og tóbaks.

Gjafir.

32. gr.

Tækifærisgjafir.

Tækifærisgjafir sem aðilar búsettir erlendis senda til landsins eða hafa meðferðis frá útlöndum vegna tilefna sem tengjast einkalífi, svo sem vegna jóla, afmælis eða fermingar, eru undanþegnar aðflutningsgjöldum, enda sé verðmæti þeirra að hámarki kr. 10.000 miðað við smásöluverð á innkaupsstað. Sé verðmætið meira skal reikna aðflutningsgjöld af því verðmæti sem er umfram þá fjárhæð. Brúðargjafir eru undanþegnar aðflutningsgjöldum án tillits til verðmætismarkanna, enda séu þær eðlilegar og hæfilegar að mati tollstjóra og fluttar inn eigi síðar en 6 mánuðum frá brúðkaupi.

Hver gjöf skal metin sérstaklega með tilliti til framangreindra skilyrða ef í vörusendingu eru gjafir til tveggja eða fleiri aðila eða gjafir frá tveimur eða fleiri aðilum til sama aðila sem sýnt þykir að hafi af hagkvæmnisástæðum verið pakkað saman til flutnings.

33. gr.

Gjafir til mannúðar- og líknarstarfsemi.

Tæki, búnaður og aðrar fjárfestingarvörur sem gefnar eru til nota í starfssemi sjúkra-, umönnunar- og meðferðarstofnana, dvalar- og vistheimila og sambýla fyrir fatlaða, greiningarstöðva, öldrunarstofnana og stofnana í hliðstæðri starfsemi, slysavarnarfélaga, björgunarsveita, Rauða krossins og aðila sem hafa með höndum sambærilega starfsemi, eru undanþegnar aðflutningsgjöldum. Undanþágan er háð því skilyrði að ekki séu fjárhagsleg tengsl á milli gefanda og gjafþega.

Við tollafgreiðslu gjafar sem grein þessi tekur til skal liggja fyrir skrifleg yfirlýsing gefanda um gjöfina og tilgang hennar, ásamt staðfestingu gjafþega um að hún verði nýtt í viðkomandi starfsemi.

34. gr.

Gjafir til opinberra aðila.

Gjafir sem ríki, sveitarfélögum eða opinberum stofnunum eru gefnar erlendis frá í vináttuskyni eða á grundvelli menningartengsla við erlend ríki skulu undanþegnar aðflutningsgjöldum, enda beri fylgigögn með sér að um sé að ræða gjöf og fyrirvarsmaður gjafþega staðfesti viðtöku hennar.

35. gr.

Tæki og búnaður til vísindarannsókna.

Tæki og búnaður til vísindarannsókna sem vísindastofnanir kaupa fyrir styrki eða eiga kost á endurgjaldslaust frá erlendum aðilum til láns eða eignar skal undanþeginn aðflutningsgjöldum, enda séu eftirtalin skilyrði uppfyllt:

1. Tækin og búnaðurinn verði nýttur beint til rannsóknarstarfa hjá viðkomandi stofnun.
2. Fyrir liggi formleg staðfesting á styrkveitingu, láni eða gjöf, eftir því sem við á, og yfirlýsing viðkomandi vísindastofnunar um viðtöku vörunnar.
3. Nemi styrkur hluta af verðmæti vöru, skal reikna aðflutningsgjöld af því verðmæti sem er umfram styrkfjárhæð.
4. Sé um að ræða gjöf skulu ekki vera fjárhagsleg tengsl á milli gefanda og gjafþega.

Arfur.

36. gr.

Notaðir munir sem aðilar búsettir hér á landi fá í arf erlendis eru undanþegnir aðflutningsgjöldum, enda hafi arfláti verið búsettur þar. Tollstjóri getur áskilið að innflytjandi leggi fram vottorð skiptaráðanda.

Undanþága samkvæmt þessari grein nær ekki til arfs sem greiddur er fyrirfram og ekki til varnings sem notaður hefur verið í atvinnuskyni.

Farangur þeirra sem látist hafa erlendis.

37. gr.

Fatnaður og aðrar ferðanauðsynjar hér búsettra manna sem látist hafa erlendis eru undanþegnar aðflutningsgjöldum, enda sé um að ræða notaða muni.

Heiðursmerki og verðlaun.

38. gr.

Heiðursmerki veitt af erlendum ríkjum eru undanþegin aðflutningsgjöldum, sem og verðlaun sem aðilar búsettir hér á landi vinna til erlendis, svo sem vegna íþróttaafreka. Tekur undanþágan til verðlaunagripa og annarra verðlauna sem eru að verðmæti allt að kr. 100.000.

Undanþága skv. 1. mgr. tekur hvorki til vinninga í happdrættum eða getraunum né vara sem tengjast markaðssetningu eða söluátaki.

VII. KAFLI

Vörur undanþegnar virðisaukaskatti við innflutning.

39. gr.

Eftirfarandi vörur skulu undanþegnar virðisaukaskatti við innflutning:

1. Loftför og skip. Undanþága þessi nær ekki til loftfara til einkanota, skipa undir 6 metrum að lengd eða skemmtibáta.
2. Listaverk sem flokkast undir tollskrárnúmer 9701.1000-9703.0000 og listamaðurinn sjálfur flytur inn eða flutt eru inn á hans vegum.
3. Ritað mál sem sent er án endurgjalds til vísindastofnana, bókasafna og annarra opinberra stofnana, án tillits til í hvaða formi efnið er, enda sé innflutningurinn ekki í viðskiptaskyni.
4. ~~Vörur, þó ekki áfengi eða tóbak, sem skráðir aðilar skv. 5. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, flytja inn, enda sé fob verð sendingar að hámarki kr. 1.500. Skilyrði undanþágu er að um sé að ræða vöru sem heimilt væri að innskatta virðisaukaskatt af, ef hann væri lagður á, skv. 16. gr. laga nr. 50/1988, undir 2.000 kr. gjaldmörkum smásendinga.~~

VIII. KAFLI

Tollfríðindi vegna stjórn mála- og ræðissambands.

40. gr.

Eftirtaldar vörur skulu undanþegnar aðflutningsgjöldum við innflutning:

Vörur sem fluttar eru inn fyrir sendiráð erlendra ríkja, sendierindreka og heimilisfólk hans, skrifstofu- og tæknistarfsmenn sendiráðs og heimilisfólk þeirra í samræmi við 36. gr. og 37. gr. Vínarsamningsins um stjórn málasamband, sbr. fylgiskjal I við lög nr. 16/1971, um aðild Íslands að alþjóðasamningi um stjórn málasamband.

Vörur sem fluttar eru inn fyrir ræðisskrifstofur erlendra ríkja, sendiræðiserindreka og heimilisfólk hans, ræðisstarfsmenn og ræðisskrifstofur kjörræðismanna erlendra ríkja í samræmi við 50. gr. og 62. gr. Vínarsamningsins um ræðissamband, sbr. fylgiskjal I við lög nr. 4/1978, um aðild Íslands að alþjóðasamningi um ræðissamband.

IX. KAFLI

Sýnishorn verslunarvara, hugbúnaðargögn og auglýsingaefni.

41. gr.

Eftirtaldar vörur eru undanþegnar aðflutningsgjöldum við innflutning:

1. Sýnishorn verslunarvara, þó ekki áfengi eða tóbak, og auglýsingaefnis, að verðmæli allt að kr. 5000, enda beri sendingin með sér að um sé að ræða sýnishorn vöru. Þó skal slík vara undanþegin aðflutningsgjöldum þótt uppgengið verðmæti sé meira, hafi varan verið gerð ónothæf sem almenn verslunarvara. Verðlítill sýnishorn og auglýsingaefni fyrir innflutta sýningarvöru, sem ætlað er til ókeypis dreifingar á sýningu, skal jafnframt undanþegið framangreindum verðmætismörkum.
2. Hugbúnaðargögn sem send eru hingað til lands án endurgjalds og ætluð eru til þróunar eða hönnunar hugbúnaðar, prófunar, leiðréttingar, uppfærslu eða eru eingöngu nothæf til kynningar.
3. Verðlaus bréf, bæklingar og prentuð gögn sem ekki hafa neitt viðskiptalegt gildi og ekki eru fallin til endurdreifingar.

X. KAFLI

Búnaður björgunarsveita.

42. gr.

Björgunarbúnaður og björgunartæki, önnur en ökutæki, sem björgunarsveitir eða viðurkennd heildarsamtök þeirra flytja inn eru undanþegin aðflutningsgjöldum enda verði þau eingöngu nýtt í starfsemi björgunarsveitar. Tollstjóri getur áskilið að viðurkennd heildarsamtök björgunarsveita lýsi því yfir að um sé að ræða björgunartæki og -búnað sem verða eingöngu nýtt til starfsemi björgunarsveitar.

Ökutæki, sérútbúin til björgunarstarfa, sem björgunarsveitir eða viðurkennd heildarsamtök þeirra flytja inn, eru undanþegin virðisaukaskatti enda séu skilyrði niðurfellingar vörugjalds skv. 17. gr. reglugerðar nr. 331/2000, um vörugjald af ökutækjum, uppfyllt.

Tæki og búnaður sem er undanþeginn aðflutningsgjöldum samkvæmt þessari grein skal auðkenndur sérstaklega með nafni heildarsamtakanna eða viðkomandi björgunarsveitar.

XI. KAFLI

Undanþágur frá greiðslu tolla og vörugjalda af aðföngum

til ýmissar atvinnustarfsemi.

Gildissvið kaflans.

43. gr.

Kafla þessi gildir um undanþágu tolls og vörugjalds, eftir því sem við á, af aðföngum til atvinnustarfsemi á eftirtöldum sviðum:

1. Við framleiðslu iðnaðarvara. Undanþágan gildir ekki um skipasmíðar og skipaviðgerðir.
2. Við framleiðslu garðyrkjuafurða.
3. Við kvikmyndagerð og hljóðvinnslu.
4. Til flugrekstrar.

Um undanþágur vörugjalds af hráefni, efnivörum og hlutum í framleiðsluvörur gilda ákvæði 5. og 10. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

Almenn skilyrði.

44. gr.

Almenn skilyrði undanþágu gjalda samkvæmt þessum kafla eru:

1. Að aðföngin falli undir vörusvið viðkomandi atvinnustarfsemi eins og því er lýst í þessum kafla.
2. Aðföngin séu ætluð aðilum sem:
 - a. stunda atvinnurekstur sem veitir rétt til undanþágu samkvæmt þessum kafla,
 - b. hafa tiltekin starfs- og rekstrarleyfi, t.d. iðnaðarleyfi eða flugrekstrarleyfi, og
 - c. hafa tilkynnt atvinnureksturinn til skráningar hjá skattstjóra sé það áskilið, skv. 5. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.
3. Að aðföngin verði eingöngu notuð í viðkomandi atvinnustarfsemi.

Framleiðsla iðnaðarvara.

45. gr.

Tollur skal felldur niður eða endurgreiddur af eftirtöldum aðföngum til framleiðslu innlendra iðnaðarvara:

1. Hráefni, efnivörum og hlutum í iðnaðarvörur, þó ekki vörum sem bera magntoll samkvæmt tollskrá í viðauka I við tollalög.
2. Umbúðum fyrir framleiðsluvörur.
3. Vélum, vélarhlutum og varahlutum til vinnslu á framleiðsluvörum.

Vörugjald skal ennfremur felld niður eða endurgreitt af vörum sem falla undir 3. tölul. 1. mgr.

Til iðnaðar í þessu sambandi telst framleiðsla vöru sem fellur undir iðnaðarlög, nr. 42/1978, með síðari breytingum, ef frá er talin óveruleg aðvinnsla aðfanga, s.s. pökkun, umbúðaskipti, átöppun, blöndun, flokkun, einföld samsetning vöruhluta, festing merkja eða annarra auðkenna á vörur.

Þyki vafi leika á því hvort starfsemi teljist vera framleiðsla iðnaðarvöru, skal tollstjóri leita álits iðnaðarráðuneytisins.

Kvikmyndagerð og hljóðvinnsla.

46. gr.

Tollur og vörugjald skulu felld niður eða endurgreidd af tækjum og miðlum til kvikmyndagerðar og hljóðupptöku.

Aðföng sem undanþága gjalda skv. 1. mgr. nær til eru m.a. eftirfarandi:

1. Hátalarar og magnarar (úr vörul. nr. 8518).
2. Hljóðflutnings- og hljóðupptökutæki o.þ.h. (úr vörul. nr. 8519).
3. Myndflutnings- og myndupptökutæki o.þ.h. án móttökubúnaðar (úr vörul. nr. 8521).
4. Óáteknir miðlar til hljóðupptöku og kvikmyndafilmur (úr vörul. nr. 8523 og 3702).
5. Myndskjáir án móttökubúnaðar (úr vörul. nr. 8528).
6. Kvikmyndavélar (úr vörul. nr. 9007).
7. Lampar og ljósabúnaður og perur í þann búnað (úr vörul. nr. 8539 og 9405).
8. Loftnet og myndlyklar (úr vörul. nr. 8528 og 8529).

Framleiðsla garðyrkjuafurða.

47. gr.

Tollur og vörugjald skulu felld niður eða endurgreidd af hráefni, efnivörum og hlutum til framleiðslu garðyrkjuafurða.

Aðföng sem undanþága gjalda skv. 1. mgr. nær til eru m.a. eftirfarandi:

1. Græðlingar, gróðurkvistir án róta, sáðplöntur og aðrar smáplöntur, sem ætlaðar eru til framhaldsræktunar hér á landi (úr 6. kafla tollskrár).
2. Kartöfluútsæði flutt inn á tímabilinu 1. mars til 30. apríl (úr tollskrárn. 0701.1000).
3. Háþrýstiperur til lýsingar í gróðurhúsum (úr tollskrárn. 8539.3900).
4. Háþrýstilampar til lýsingar í gróðurhúsum (úr tollskrárn. 9405.1009).
5. Forsmíðuð gróðurhús (úr tollskrárn. 9406.0009).

Tollstjóri getur áskilið að réttthafi afli staðfestingar Landbúnaðarstofnunnar á því að vörur sem undanþága nær til séu ætlaðar eða hafi verið notaðar til framleiðslu garðyrkjuafurða.

Flugrekstur.

48. gr.

Tollur og vörugjald skulu felld niður eða endurgreidd af aðföngum sem ætluð eru til nota um borð í flugvélum, þ.m.t. þyrlum, til viðgerða eða annarrar aðvinnslu þeirra.

Vörur sem undanþága gjalda skv. 1. mgr. nær til eru m.a. eftirfarandi:

1. Varahlutir, dekk, rafmagnsvörur til nota um borð í flugvélum, hvers kyns fylgifé og búnaður sem nýttur er um borð í flugvélum, þ.m.t. björgunarbúnaður.
2. Verkfæri og annar búnaður sem nýttur er við viðgerðir og viðhald flugvéla.
3. Smurolíá, bón- og hreinsiefni, þéttiefni og málning á flugvélar.
4. Bréfsefni sem nýtt er í tengslum við flug, s.s. flugvéladagbækur og merkimiðar.

Ýmis ákvæði.

49. gr.

Skráðir réttahafar.

Sá sem á rétt á undanþágu tolls og/eða vörugjalds samkvæmt þessum kafla skal senda tollstjóra í því umdæmi þar sem hann á lögheimili sérstaka tilkynningu til skráningar, þar sem fram koma upplýsingar um þá starfsemi sem um ræðir og þau aðföng sem hann hyggst afla sér.

Tollstjóri gefur út staðfestingu til skráningarskylds aðila uppfylli hann skilyrði til undanþágu samkvæmt kaflanum. Staðfesting tollstjóra veitir honum heimild til þess að flytja aðföngin til landsins án greiðslu gjalda eða til þess að fá gjöldin endurgreidd eftir á í samræmi við efni staðfestingarinnar.

50. gr.

Viðskiptamenn skráðra réttahafa.

Aðili, sem selur skráðum réttahafa skv. 49. gr. aðföng, sem eru undanþegin tolli og/eða vörugjaldi samkvæmt staðfestri tilkynningu tollstjóra, á rétt til niðurfellingar eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda eftir því sem við á af aðföngunum, gegn staðfestingu skráðs réttahafa skv. 49. gr. um kaupin.

51. gr.

Bókhald.

Rétthöfum skv. 49. gr. og aðilum sem selja þeim aðföng ber að haga bókhaldi sínu með þeim hætti að unnt sé að staðreyna að sala eða nýting vöru, sem gjöld hafa verið felld niður eða endurgreidd af, sé í samræmi við heimildir réttahafa.

XII. KAFLI

Undanþágur vegna endursendingar vöru til útlanda eða hingað til lands.

52. gr.

Gildissvið kaflans.

Kafla þessi gildir um undanþágu aðflutningsgjalda vegna endursendingar vöru, annað hvort hingað til lands eða til útlanda.

53. gr.

Ráðstöfun vöru til útlanda, í tollfrjálsa verslun,

tollfrjálsa forðageymslu eða á frísvæði.

Tollstjóri skal fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af innfluttri, ónotaðri vöru sem er seld til útlanda, í tollfrjálsa verslun, í tollfrjálsa forðageymslu eða á frísvæði, innan árs frá komudegi flutningsfars til landsins. Sama gildir um ótollafgreidda vöru, sem send er ónotuð til útlanda.

Beiðni um undanþágu skv. 1. mgr. skal látin tollstjóra í té innan 6 mánaða frá brottför flutningsfars eða eftir atvikum sölu hennar í tollfrjálsa verslun, tollfrjálsa forðageymslu eða á frísvæði. Nauðsynleg staðfestingarskjöl skulu liggja til grundvallar beiðni, s.s. staðfesting tollstjóra á sölureikningi, staðfesting þess að tollskoðun vöru hafi farið fram, kvittun fyrir greiðslu aðflutningsgjalda af vörunni og viðeigandi gögn til staðfestingar á útflutningi vörunnar.

54. gr.

Endursending vara, þ.m.t. umbúða, hingað til lands.

Vörur, þ.m.t. umbúðir, sem eru endursendar hingað til lands frá útlöndum skulu vera undanþegnar aðflutningsgjöldum, enda séu eftirtalin skilyrði uppfyllt:

1. Aðflutningsgjöld hafi ekki verið endurgreidd við útflutning þeirra.
2. Vara sé flutt á ný til landsins innan árs talið frá útflutningsdegi hennar, nema tollstjóri heimili lengri frest.

Beiðni um undanþágu skv. 1. mgr. skal látin tollstjóra í té innan 6 mánaða frá komu flutningsfars til landsins.

XIII. KAFLI

Undanþágur vegna galla, eyðileggingar, rýrnunar, skemmda eða vöntunar.

55. gr.

Galli.

Tollstjóri skal lækka, fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af vöru sem reynist gölluð, enda séu eftirtalin skilyrði uppfyllt:

1. Varan sé ónotuð. Þó er heimilt að veita undanþágu í tilvikum þegar galli kemur fyrst í ljós við notkun, enda sé hann þess eðlis að ekki hafi verið unnt að ganga úr skugga um hann fyrr.
2. Erlendi seljandinn samþykki að varan sé endursend til útlanda eða henni verði fargað undir tollefirliti.

56. gr.

Eyðilegging, rýrnun og skemmdir.

Tollstjóri skal lækka, fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af vöru sem hefur eyðilagst, rýrnað eða orðið fyrir skemmdum á leið hingað til lands, við affermingu, í vörslu tollyfirvalda, á geymslusvæðum fyrir ótollafgreiddar vörur eða í flutningi á milli tollhafna innanlands, fyrir tollafgreiðslu, enda séu eftirtalin skilyrði uppfyllt:

1. Vörunni sé framvísað við tollgæslu án tafar eftir að eyðileggingar, rýrnunar eða skemmda verður vart.
2. Vörunni sé fargað undir tolleftirliti í þeim tilvikum þegar undanþágu frá greiðslu aðflutningsgjalda er krafist vegna algerrar eyðileggingar vöru.

57. gr.

Vöntun.

Tollstjóri skal lækka, fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af vörusendingu eða hluta hennar ef í ljós kemur við affermingu flutningsfars að hana vantar í heild eða að hluta, enda afhendi farmflytjandi tollstjóra skrá um vöntunina innan 16 daga frá komu flutningsfars vöru til landsins eða án tafar eftir að innsigli sendingar var rofið hafi vörusending verið send hingað til lands undir innsigli erlends tollyfirvalds, farmflytjanda eða erlends seljanda hennar, t.d. í innsigluðum gámi. Tollstjóri getur áskilið að farmflytjandi og innflytjandi staðfesti skriflega að vöntun hafi fyrst komið í ljós þegar innsigli var rofið og framvísi innsiglinu.

Þá skal tollstjóri lækka, fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld vegna vöntunar vörusendingar, í heild eða að hluta, sem kemur fram á geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur enda sýni leyfishafi geymslusvæðis fyrir ótollafgreiddar vörur eða leyfishafi skv. 3. mgr. 69. gr. tollalaga geti fært fullnægjandi sannanir fyrir því að vöntunin sé komin til áður en vörusendingin var flutt inn á tollsvæði ríkisins, s.s. með skriflegri staðfestingu sendanda vöru eða váttryggingafélags á því að hún hafi horfið erlendis enda fylgi kreditreikningur eða staðfesting banka eða sparisjóðs á lækkun eða niðurfellingu hinnar erlendu kröfu.

58. gr.

Beiðni um undanþágu.

Beiðni um undanþágu samkvæmt þessum kafla skal látin tollstjóra í té eigi síðar en innan 6 mánaða frá komudegi flutningsfars til landsins. Hafi vara verið sett í aðrar geymslur fyrir ótollafgreiddar vörur en afgreiðslugeymslur skal fresturinn þó vera jafnlangur leyfilegum geymslutíma vöru þar, nema kveðið sé á um annað í þessum kafla.

XIV. KAFLI

Framkvæmd undanþága.

59. gr.

Framkvæmd undanþága.

Tollstjóri í því umdæmi þar sem vara kemur til tollafgreiðslu annast framkvæmd undanþága samkvæmt reglugerð þessari.

Upplýsingar varðandi rétt til undanþága frá greiðslu aðflutningsgjalda samkvæmt reglugerð þessari skulu veittar í því formi sem tollstjórinn í Reykjavík ákveður.

60. gr.

Yfirlýsing innflytjanda.

Sá sem lýsir því yfir að hann eigi rétt til undanþágu frá greiðslu aðflutningsgjalda samkvæmt reglugerð þessari er þar með að lýsa því yfir að hann uppfylli öll skilyrði undanþágu og að hann muni hlíta þeim skilyrðum sem lúta að ráðstöfun vörunnar eftir tollafgreiðslu.

61. gr.

Sönnun um að skilyrðum tollfríðinda sé fullnægt.

Sá sem nýtur tollfríðinda samkvæmt reglugerð þessari skal á sérhverjum tíma geta sýnt fram á að skilyrði fríðindanna séu uppfyllt, hvort sem er við tollafgreiðslu eða síðar, s.s. með vottorði um endurútflutning vöru ef við á.

62. gr.

Innflutningsbann og innflutningstakmarkanir.

Ákvæði reglugerðar þessarar veita hvorki undanþágu frá innflutningsbanni né innflutningstakmörkunum á ýmsum vörum samkvæmt lögum, reglugerðum eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum.

63. gr.

Uppgjör virðisaukaskatts.

Þegar aðflutningsgjöld eru endurgreidd samkvæmt reglugerð þessari skal þó ekki endurgreiddur sá virðisaukaskattur sem skattskyldir aðilar samkvæmt ákvæðum laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt hafa greitt við innflutning þeirrar vöru sem beiðni lýtur að. Við uppgjör á virðisaukaskatti skal innskattur af innfluttri vöru dreginn frá útskatti samkvæmt þeim lögum og reglugerðum og öðrum fyrirmælum settum samkvæmt þeim.

Endurgreiða skal öðrum aðilum en um ræðir í 1. mgr. þann virðisaukaskatt sem þeir hafa greitt vegna innflutnings viðkomandi vöru.

XV. KAFLI

Gildistaka og lagastoð.

64. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr., 2. mgr. 6. gr., 2. mgr. 7. gr., 4. mgr. 27. gr., 2. mgr. 85. gr., 2. mgr. 86. gr. og 193. gr. tollalaga, nr. 88/2005, með síðari breytingum, ~~13. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum,~~ 1. mgr. 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, 3. mgr. 6. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum og 28. gr. laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi frá og með 1. júlí 2008. **Reglugerðin er sett með stoð í x. gr. laga nr. x/201x.**

Frá sama tíma falla úr gildi reglugerð nr. 160/1990, um tímabundinn tollfrjálsan innflutning bifreiða og bifhjóla, með síðari breytingum, reglugerð nr. 526/2000, um tollmeðferð vara sem ferðamenn og farmenn hafa með sér við komu til landsins, með síðari breytingum, reglugerð nr. 719/2000, um undanþágu aðflutningsgjalda af aðföngum til ýmissar atvinnustarfsemi, með síðari breytingum, reglugerð nr. 760/2000, um lækkun, niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda af vörum vegna endursendingar, galla, tjóns, vöntunar eða endursendingar til útlanda, reglugerð nr. 797/2000, um undanþágu aðflutningsgjalda í ýmsum tilvikum, og reglugerð nr. 798/2000, um tímabundinn innflutning.

Viðauki III

Tekjuáhrif vegna tillögu um að taka upp gjaldmörk á vörur með lágt verðgildi og tillögu um að rafræn útgáfa dagblaða og tímarita fari í lægra þrep virðisaukaskatts.

1. Gjaldmörk á vörur með lágt verðgildi sem pantaðar er hingað til lands með rafrænum hætti.

Stuðst var við gögn frá Íslandspósti og tollstjóra um sendingar til landsins árin 2013 til 2015. Í töflu 1 og töflu 2 eru upplýsingar um heildarverðmæti (fob) innfluttra vörusendinga að verðmæti undir 2.000 kr. og gjöld sem greidd voru til ríkissjóðs af þeim. Áætlað verðmæti slíkra sendinga árin 2016 og 2017 er byggt á spá um þróun verðbólgu og kaupmáttar ráðstöfunartekna. Leiðrétt var fyrir afnámi tolla á fatnað og skó í byrjun árs 2016 og fyrir afnámi tolla af öllum vörum öðrum en matvörum í byrjun næsta árs.

Tafla 1. Póstsendingar að verðmæti undir 2.000 kr.

Þús.kr.	2013	2014	2015	2016 (spá)	2017 (spá)
Fob-verðmæti vöru	62.045	112.892	106.165	120.978	132.609
Gjöld til ríkissjóðs	23.296	39.922	31.327	32.609	31.826
VSK	17.264	31.262	26.489	29.727	31.826
Tollur	6.032	8.660	4.838	2.883	0

Heimildir: Íslandspóstur (2013–2015) og starfshópur um kaup og sölu á vöru og þjónustu til og frá útlöndum (áætlun).

Sama aðferð var notuð fyrir hraðsendingar. Þar þurfti enn fremur að áætla skiptingu aðflutningsgjalda í virðisaukaskatt og toll þar sem slík sundurliðun lá ekki fyrir í grunnögnum um hraðsendingar. Ákveðið var að styðjast við sama hlutfall og í póstsendingunum.

Tafla 2. Hraðsendingar að verðmæti undir 2.000 kr.

Þús.kr.	2013	2014	2015	2016 (spá)	2017 (spá)
Fob-verðmæti vöru	1.218	1.886	2.555	2.768	3.013
Gjöld til ríkissjóðs	868	1.271	1.750	1.049	723
VSK	625	915	1.225	739	723
Tollur	243	356	525	311	0

Heimildir: Tollstjóri (2013–2015) og starfshópur um kaup og sölu á vöru og þjónustu til og frá útlöndum (áætlun).

Samanlagt nema gjöld til ríkissjóðs af vörum með lágt verðgildi 33,7 m.kr. fyrir árið 2016 eins og þau eru áætluð í töflum 1 og 2. Rétt er að leggja áherslu á að óvissa er mikil um þessa áætlun. Fjárhæð virðisaukaskatts árin 2013–2015 er hugsanlega ofmetin sem nemur áfengis- og úrvinnslugjöldum sem kunna að hafa verið lögð á þessar vörur, en voru ekki aðgreinanleg í grunnögnum. Mestu skiptir þó að netverslun hefur breyst mikið á því tímabili sem hér er lagt til grundvallar. Hið breytta markaðsumhverfi hefur kallað fram breytta kauphegðun neytenda. Í töflunum sést að verðmæti smásendinga jókst mjög mikið árið 2014 en verðmæti annarra sendinga en hraðsendinga dróst síðan saman árið 2015. Margs konar áhrif eru því hér að verki, bæði þættir sem hafa áhrif á netverslun almennt og á smásendingar sérstaklega. Á árunum 2016 og 2017 koma enn fremur til framkvæmda kerfisbreytingar sem ætla má að hafi örvandi áhrif á netverslun, þ.e. niðurfelling tolla í tveimur áföngum. Upptaka gjaldmarka sem slík mun einnig hafa einhver áhrif á kauphegðun neytenda. Í ljósi alls þessa er talið eðlilegt að ganga út frá því að tekjutap ríkisins vegna upptöku gjaldmarka gæti legið á bilinu 30-40 m.kr. á ári.

2. Rafræn útgáfa dagblaða og tímarita fer í lægra þrep virðisaukaskatts.

Stuðst var við gögn frá ríkisskattstjóra (RSK) um veltu fyrirtækja í dagblaða- og tímaritaútgáfu. Einnig var leitað upplýsinga um hlutdeild rafrænna áskrifta með samtölum við fyrirtæki í greininni. Miðað við framangreindar heimildir er gert ráð fyrir að sala á rafrænni útgáfu sé mjög lítil hluti af

heildarsölnunni. Gróflega er áætlað að lækkun virðisaukaskatts á henni hafi í för með sér tekjutap fyrir ríkissjóð sem gæti numið að hámarki um 15 m.kr. á ári.